BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR

*Fékk leið á skyndibita*

Matur Tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON

*Nær sér á strik eftir erfið veikindi*

Með leikrit og mynd í smíðum

FÓLK 46




STÚDENTABLAÐIÐ FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Í DAG.



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. september 2006 — 253. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Kókópuffs og kúluskítur



Kókópuffs aftur með gamla bragðinu og Kúluskítshátíð í Mývatnssveit.

TILVERAN 16

### Pólskir menningardagar

Hugsjónakonurnar Anna Wojynska og Marta Macuga telja tíma kominn til að Íslendingar kynnist pólskri menningu og mannlífi betur.



MENNING 16

### Menning og markaðshyggja

„Fáir sem engir trúa því, að allt eigi að ganga kaupum og sölum," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 22

### Ekki af baki dottinn

Ásgeir Elíasson, sem var sagt upp störfum hjá Fram, segist ekki vera hættur í þjálfun og stefnir ótrauður á að mæta aftur til leiks með nýju liði.



ÍÞRÓTTIR 42

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÞYKKNAR UPP** Í dag verða yfirleitt 5-10 m/s en hvassara við suðausturströndina. Bjart veður sunnan og vestan til en þykknar upp suðaustan til með rigningu með kvöldinu. Hiti 5-13 stig að deginum mildast syðra. Víða næturfrost.

VEÐUR 4

# Ekkert eftirlit með búnaði símafyrirtækja til hlerana

**Símafélögin þurfa samkvæmt lögum að vera með tækjabúnað sem hægt er að nota til símhlerana. Ekkert eftirlit er með búnaðinum. Póst- og fjarskiptastofnun þarf samkvæmt lögum að sinna eftirliti með búnaði.**

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki eftirlit með tækjabúnaði sem notaður er til símhlerana, líkt og lög gera ráð fyrir. Þetta staðfesti Hrafnkell Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar í gær.

Samkvæmt lögum þurfa símafélög að hafa tækjabúnað fyrir hendi sem gerir þeim kleift að hlera og staðsetja símtöl, sé þess óskað með dómsúrskurði. Eftirlitsskylda liggur hjá Póst- og fjarskiptastofnun en í lögum segir að stofnunin eigi að „vinna að ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs."

Hrafnkell segir eiginlegt eftirlit með búnaðinum ekki vera fyrir hendi en leggur jafnframt áherslu á að starfsmenn símafélaganna þurfi að fara eftir öllum reglum og bregðast ekki lögbundinni trúnaðarskyldu sinni. „Reglurnar eru í lögum um fjarskipti. En það er alveg ljóst að samkvæmt fjarskiptalögum þá hafa stjórnvöld heimild til þess að óska eftir hlerun með dómsúrskurði. Hlerunin er framkvæmd fyrir atbeina viðkomandi fjarskiptafélags annars vegar og síðan lögreglunnar. Það er ekki eftirlit með búnaði símafélaganna á vegum stofnunarinnar, en samkvæmt lögum þá er trúnaðarskylda á starfsmönnum félaganna sem umgangast þennan búnað og ef þeir rjúfa hana með því að nota búnaðinn, þá er það auðvitað skýrt lögbrot."

Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd og staðgengill Sigrúnar Jóhannesardóttur forstjóra, segir stofnunina geta óskað eftir því að fylgjast með meðferð persónuupplýsinga hjá fyrirtækjum. „Persónuvernd getur gert úttekt á því hvernig meðferð persónuupplýsinga er háttað hjá fyrirtækjum. Við höfum ekki skoðað upplýsingar er tengjast símnotkun sérstaklega en við erum byrjuð að skoða það hvernig málum er háttað gagnvart netþjónustunni." **- mh**



**SMEYK VIÐ MYNDAVÉLINA** Þótt börnin brosi ekki framan í linsu myndavélarinnar voru þau hæstánægð með ný húsakynni leikskólans Skógarborgar í Fossvogi og þöndu raddböndin stuttu seinna í fjöldasöng. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri kom í heimsókn og klippti á borða með hjálp nokkurra leikskólabarnanna áður en nýja leikskólahúsið var formlega tekið í notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**DÝR DROPI** Dísilolía er dýrari en bensín í fyrsta skipti á Íslandi.

Eldsneytisverð:

## Dísilolía dýrari en bensínið

**NEYTENDAMÁL Í fyrsta skipti í sögunni er dísilolía dýrari en bensín á Íslandi. Lítri af dísilolíu með olíugjaldi var að meðaltali 30 aurum dýrari en bensínlítrinn í gær.**

**Tekið var upp olíugjald í stað þungaskattskerfis fyrir fjölskyldubíla hér á landi 1. júlí 2005 og virtist það hafa breytt viðhorfi Íslendinga til dísilknúinna heimilisbíla. Í könnun sem Félag íslenskra bifreiðaeigenda gerði í nóvember síðastliðnum kváðust 43,3 prósent ætla að fá sér dísilbíl næst þegar skipt væri um bíl. Það var túlkað þannig að dísilbílar höfðuðu betur til fólks eftir að olíugjaldið var tekið upp. - shá**

Mál er varða þjóðaröryggi koma reglulega upp hér á landi:

# Mörg hryðjuverkamál til athugunar hjá lögreglunni

**LÖGREGLUMÁL** Mál sem varða þjóðaröryggi, þar með talið hugsanlega hryðjuverkastarfsemi, hafa komið reglulega upp hér á landi að undanförnu og verið til athugunar hjá lögregluyfirvöldum.

Mál manns sem Fréttablaðið greindi frá að væri til athugunar hjá lögreglu vegna síendurtekinna heimsókna hans inn á netsíður með leiðbeiningum um sprengiefni, er því aðeins eitt af mörgum slíkum. Mál sem lögregluyfirvöld hér hafa haft til meðferðar varða til að mynda grunsamlega einstaklinga eða hópa fólks sem komið hafa inn í landið. Þá hafa erlendar öryggisþjónustur kallað eftir samstarfi og eftirliti frá Íslandi, sé uppi grunur um fyrirhuguð hryðjuverk erlendis. Þær upplýsingar hafa kallað á skjót viðbrögð hér, meðal annars athugun á hvort fólk úr hryðjuverkahópum hafi hér viðkomu á leið sinni til þeirra staða þar sem á að láta til skarar skríða.

„Embætti ríkislögreglustjóra fær til meðferðar ýmis mál sem eiga sér ólíkan uppruna," segir Jón H. B. Snorrason, talsmaður embættisins. „Þetta mál sem Fréttablaðið sagði frá er dæmi um upplýsingar frá borgurum sem embættið hefur tekið til athugunar. Það reyndist ekki tilefni til aðgerða af hálfu lögreglu."

Atli Gíslason hrl. segir að almenningur sé virkastur til eftirlits með málum af þessu tagi og engin þörf sé fyrir sérstaka öryggisdeild. **- jss / sjá síðu 6**


**2005 árgerðin komin!**

Bílaland B&L verður með bílaleigubíla af árgerðinni 2005 til sölu, dagana 20. til 23. september. Þarna er kjörin vettvangur til að gera afar góð bílakaup, en auk ríflegs afsláttar eru þetta bílar með 18 mánaða verksmiðjuábyrgð.
Vertu á góðum notuðum bíl í ábyrgð.

bílaland B&L notaðir bílar

bilaland.is

**Nánari upplýsingar**
**Sjá auglýsingu í blaðinu í dag**

Fagleg og lögleg þjónusta í boði



Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.

Félag íslenskra snyrtifræðinga

**SPURNING DAGSINS**



*Jón, var síðan ekkert afl í Nýju afli?*

Jú, en nú komum við fram af nýju afli.

Stjórnmálahreyfingin Nýtt afl, sem Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður stofnaði fyrir síðustu þingkosningar, hefur verið lögð niður en félagsmenn voru um leið hvattir til þess að styðja Frjálslynda flokkinn.

Umhverfisráðherra hefur ákveðið fyrirkomulag veiða á rjúpu haustið 2006:

# Rjúpnaveiði leyfð í 26 daga

**UMHVERFISMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra kynnti fyrirkomulag rjúpnaveiða haustið 2006 í gær. Reynt verður að takmarka rjúpnaveiði við 45 þúsund fugla á komandi veiðitímabili. Rjúpnaveiðitímabilið verður 26 dagar í ár miðað við 42 daga á síðasta ári en þó er veitt frá 15. október til nóvemberloka líkt og í fyrra. Fækkun daga felst í þeirri breytingu að rjúpnaveiðar verða óheimilar þrjá fyrstu virka daga hverrar viku sem veiðitímabilið stendur.



**Á VAPPI** Rjúpnaveiði verður takmörkuð við 45 þúsund fugla. Það er 25 þúsund fuglum minna en veiddist í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Tillögurnar í ár eru um margt líkar og í fyrra. Áframhaldandi sölubann er á rjúpu og rjúpnaafurðum og áfram eru veiðimenn hvattir til að stunda hófsamar og ábyrgar veiðar. Mælt er með því að hver veiðimaður takmarki veiðar sínar við níu rjúpur. Stefnt er að því að stunda virkt eftirlit með veiðunum og verður lögreglueftirlit í samvinnu umhverfis- og dómsmálaráðuneytis. Stefnt er að eftirliti úr lofti en Skotveiðifélag Íslands hefur bent á að það sé eina leiðin til að uppræta magnveiði einstakra veiðimanna.

Aðal markmið tillagnanna er sem fyrr að nýting rjúpnastofnsins sé sjálfbær og eru vonir til að með þessum aðgerðum stækki rjúpnastofninn. Jónína er þeirrar skoðunar að endurskoðun veiða sé nauðsynleg á hverju hausti. Því séu rannsóknir og ráðgjöf Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar mjög mikilvægar. - shá

Ránstilraun í Breiðholti:

## Hinn grunaði laus úr haldi

**LÖGREGLUMÁL Manninum sem reyndi að ræna söluturn við Iðufell á þriðjudagskvöld hefur verið sleppt úr haldi.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu virðist hann hafa staðið einn að ránstilrauninni, en stúlka sem var handtekinn með honum stuttu síðar er ekki talin hafa verið þátttakandi í verknaðinum.**

**Á eftirlitsmyndbandi úr söluturninum sem sýnt var frá í Fréttablaðinu í gær sést maðurinn elta eiganda hans með hníf á lofti án þess að gera nokkra tilraun til að ná í þá fjármuni sem þar voru. - þsj**



**FLUGVIRKJAR SKOÐA GEIMSKUTLUNA** Óttast var að geimrusl hefði skemmt ytra byrði skutlunnar og var lendingu því frestað um einn dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geimskutlan Atlantis:

## Lenti heilu og höldnu í gær

**FLÓRÍDA, AP** Bandaríska geimskutlan Atlantis lenti í gærmorgun á flugvelli Kennedy-geimferðastofnunarinnar í Flórída, eftir tólf daga veru í geimnum. Áhöfn var við góða heilsu og skælbrosandi, enda fegnir að komast heim heilir á húfi. Þeir voru sendir út í geim til að vinna við byggingu ISS, Alþjóðlegu geimstöðvarinnar, í fyrsta sinn síðan Columbia geimskutlan sprakk í loft upp í geimnum árið 2003 og allir sjö í áhöfninni fórust.

Stefnt er á að ljúka við byggingu ISS-geimstöðvarinnar fyrir árið 2010. Stöðin er samstarfsverkefni Bandaríkjamanna, Rússa, Kanadamanna og Japana. - kóþ

Tæknileg vandræði í Brussel:

## Ný aðildarríki ekki í Schengen

**FINNLAND, AP Tafir verða á þátttöku nýrra aðildarríkja Evrópusambandsins í Schengen-vegabréfaeftirlitinu. Á fundi innanríkis- og dómsmálaráðherra ESB var tilkynnt um tafir á uppsetningu nýs gagnagrunns eftirlitsins.**

**Þátttöku nýju aðildarríkjanna verður því skotið á frest um tvö ár, eða til ársins 2009.**

**Löndin tíu þurfa samt sem áður að halda úti strangri öryggisgæslu við öll landamæri sín, þar á meðal þau sem liggja að eldri aðildarríkjum. - kóþ**

# Stríð í uppsiglingu á leikfangamarkaði

**Danski leikfangarisinn BR opnar Toys'R'Us verslun hér á landi og hyggur á enn frekari landvinninga. Leikbær opnar þrjú þúsund fermetra stórverslun við Urriðaholt. Framkvæmdastjóri Leikbæjar óttast ekki samkeppni við Danina.**

**VIÐSKIPTI** Danska leikfangafyrirtækið Fætter BR hyggst opna stórverslun með leikföng undir nafni Toys'R'Us hér á landi. Verslunin verður um þúsund fermetrar að stærð og verður til húsa í nýju stórhýsi Rúmfatalagersins við Smáratorg. Það stefna forsvarsmenn Fætter BR að því að opna eina Toys'R'Us verslun til viðbótar hér á landi og allt að fimm undir nafni BR innan næstu fimm ára.

Leikbær hefur þegar tilkynnt að þrjú þúsund fermetra stórverslun með leikföng verði opnuð við Urriðaholt í Garðabæ á næsta ári. Því er ljóst að stefnir í harða samkeppni á leikfangamarkaði.

Leikbæjarmenn áttu í viðræðum við bandaríska leikfangarisann Toys'R'Us og kom meðal annars til greina að verslunin við Urriðaholt yrði rekin undir nafni Toys'R'Us. Viðræðurnar ströndduðu hins vegar þegar í ljós kom að Fætter BR, sem er umboðsaðili Toys'R'Us á Norðurlöndum, yrði milliliður Leikbæjarmanna og bandaríska leikfangarisans. BR leikfangaverslanir eru reknar víða um Danmörku og eru þekktar fyrir einkennismerki sitt; danskan drottningarvörð í fullum skrúða.

Elías Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Leikbæjar, segir ekki hagkvæmt að starfa í skjóli Fætter BR. „Ef danskir kaupmenn taka toll af hverju leikfangi sem íslensk börn kaupa, þá getum við ekki boðið eins hagstætt verð og mikið úrval og að var stefnt.“





**VERSLUN TOYS'R'US VIÐ TIMES SQUARE Í NEW YORK** Fætter BR opnar Toys'R'Us verslun í stórhýsi Rúmfatalagersins við Smáratorg, og hyggst opna minnst fjórar verslanir hér á landi. Leikbær hefur þegar tilkynnt að stórverslun með leikföng verði opnuð.

> „Við vitum að Danirnir ætla að opna meðalstóra verslun hér á landi en við óttumst ekkert.
>
> **ELÍAS ÞORVARÐARSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LEIKBÆJAR

Leikbær rekur því verslunina í eigin nafni og er unnið að því að landa innkaupasamstarfi við erlendan dreifingaraðila. Leikbæjarmenn taka þó fram að boðið verði upp á öll helstu leikfangamerki svo sem Fischer Price, Barbie og Lego.

Elías telur að stórverslun Leikbæjar marki byltingu á íslenskum leikfangamarkaði. Mikið verði lagt í hönnun og lýsingu og lögð áhersla á að gestir verslunarinnar njóti upplifunarinnar. Hann segist ekki óttast samkeppni við Danina. „Við vitum að Danirnir ætla að opna meðalstóra verslun hér á landi en við óttumst ekkert. Leikbær er með mikla reynslu á íslenskum markaði, við höfum sett okkur raunhæf markmið og munum ná þeim.“ jsk@frettabladid.is



**VARÐSKIPIÐ TÝR** Varðskip Landhelgisgæslunnar eru Íslendingum hjartfólgin. Nú styttist í að nýtt og fullkomið skip bætist í flotann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtt fjölnota varðskip:

## Tilboð í smíði opnuð í gær

**LANDHELGISGÆSLAN** Opnuð voru tilboð í smíði á nýju fjölnota varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands og dómsmálaráðuneytið í gær. Alls bárust fimm tilboð í smíðina frá fjórum skipasmíðastöðvum og eru fyrirtækin öll erlend.

Eftirtaldar skipasmíðastöðvar sendu inn tilboð: Simek A/S, Noregi, Damen Shipyards, Hollandi, Peene-Werft, Þýskalandi og Asmar, Chile. Þessi fyrirtæki voru valin eftir forval í janúar, en fimmtán fyrirtæki lýstu áhuga á verkinu.

Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa, segir að nú taki við vinna við að meta þær úrlausnir sem verið er að bjóða. „Þannig verður fundin einkunn sem segir til um hver fær verkið. Það er mikil vinna eftir og niðurstaða fæst ekki fyrr en eftir nokkrar vikur.“ Talið er að smíði nýs varðskips taki um þrjátíu mánuði. - shá

**UTANRÍKISRÁÐHERRA**

**Fundar með NATO-ráðherrum**

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra fundaði með utanríkisráðherrum Atlantshafsbandalagsins í New York í gær. Rætt var um ástandið í Afganistan, mögulega stækkun bandalagsins og aukið samstarf við önnur ríki og alþjóðastofnanir. Valgerður er í New York til að sitja 61. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.




Tilboð
45.000KR.
VERÐ ÁÐUR 57.900KR.
HÖNNUN ODDI V089294
ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR
Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16
Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18
Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18


Á næsta ári verður ráðist í stækkun BUGL sem mun kosta um 340 milljónir:

# Biðlistar heyri sögunni til

**HEILBRIGÐISMÁL** Á næsta ári verður ráðist í stækkun barna- og unglingageðdeildar. Þá færast greiningar á vægari tilfellum geðrænna vandamála til heilsugæslustöðva. Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra vonar að með þessum aðgerðum heyri biðlistar brátt sögunni til. Áætlaður kostnaður stækkunarinnar er um 340 milljónir. Þess má geta að nú bíða 108 börn og unglingar eftir fyrsta viðtali á BUGL og hafa sumir beðið í á annað ár.

Til að létta enn frekar á biðlistum á BUGL hefur verið ákveðið að greining vægari geðrænna vandamála barna og unglinga flytjist til heilsugæslustöðva. Þetta mun leiða til þess að göngudeild BUGL eflist og aðstæður skapast til að sinna veikustu börnunum betur.

Þá verður geðheilbrigðisþjónusta við heilsugæslu á landsbyggðinni efld og reglubundnar heimsóknir fagaðila tryggðar á Ísafirði, við Heilbrigðisstofnun Austurlands og á Suðausturlandi.

Siv segir að samanlagður kostnaður við stækkun BUGL og færsla vægari vandamála til Heilsugæslunnar sé áætlaður um 400 milljónir króna. „Þessar framkvæmdir eru verulega ígjöf í málaflokkinn og mikilvægt að byggingaframkvæmdir hefjist eins fljótt og unnt er, og ekki síðar en á næsta ári.“ - hs



**BARNA- OG UNGLINGAGEÐDEILD** 108 börn bíða eftir sínu fyrsta viðtali á BUGL en með stækkun deildarinnar er vonast til að biðlistar verði úr sögunni.

## Mercedes Vito
Skráður 3/01 ekinn 117.000 km
áður 1.250.000 kr. nú **890.000** kr.
eða 19.900 kr. í 48 mán.*

## VW Polo 1,4 Comfortline
Skráður 10/02 ekinn 47.000 km
áður 1.160.000 kr. nú **890.000** kr.
eða 13.900 kr. í 60 mán.*

## BÍLASPRENGJA!
## Citroen Xsara
Skráður 11/05 ekinn 8.000 km
áður 1.890.000 kr. nú **1.490.000** kr.
eða 20.276 kr. í 84 mán.*

## Mitsubishi Space Star 1,6
Skráður 6/02 ekinn 71.200 km
áður 960.000 kr. nú **590.000** kr.
eða 9.900 kr. í 66 mán.*

## Hyundai Starex
Skráður 10/98 ekinn 115.000 km
áður 950.000 kr. nú **690.000** kr.
eða 29.300 kr. í 24 mán.*

## VW Passat Variant 1,8
Skráður 6/99 ekinn 146.000 km
áður 790.000 kr. nú **490.000** kr.
eða 16.900 kr. í 30 mán.*

## Toyota Avensis
Skráður 4/00 ekinn 122.000 km
áður 850.000 kr. nú **590.000** kr.
eða 13.100 kr. í 48 mán.*

* M.v. 100% lán, SP-bílasamning (lántökugjald ekki innifalið), 3,7% vexti og erlenda myntkörfu.

# SPRENGIDAGAR
Lægra verð – 100% lán

## SPRENGIVERÐ!
Ótrúlegt úrval af bílum á spreng-hlægilegu verði. Það finna allir rétta bílinn á Sprengidögum og borga niðursprengt verð!

## SPRENGIKJÖR!
**Vextir frá 3,7%** og lægri lántökukostnaður. 100% fjármögnun á völdum bílum. Allir geta nýtt sér sprengikjörin!

## SPRENGIPOTTUR
Ef þú kaupir bíl á sprengidögum lendir þú í sprengipotti Bílaþings. Dregið daglega í beinni á Bylgjunni og sprengheppinn kaupandi vinnur helgarferð fyrir tvo til Dublin með Úrvali-Útsýn.

**Opið kl. 9–19 á Kletthálsi 11**

Einnig Sprengidagar hjá umboðsmönnum HEKLU
á Selfossi, Akureyri og í Reykjanesbæ
Lokað hjá Bílaþingi Laugavegi

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5760

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

## GENGIÐ 21.9.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,95 | 70,29 |
| Sterlingspund | 132,74 | 133,38 |
| Evra | 89,08 | 89,58 |
| Dönsk króna | 11,939 | 12,009 |
| Norsk króna | 10,75 | 10,814 |
| Sænsk króna | 9,664 | 9,72 |
| Japanskt jen | 0,5981 | 0,6015 |
| SDR | 103,68 | 104,3 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

123,1116

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Björn Bjarnason, Guðlaugur Þór Þórðarson og Pétur Blöndal stefna á sama sætið:

# Berjast um fyrsta sæti á lista

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og alþingismennirnir Guðlaugur Þór Þórðarson og Pétur Blöndal sækjast eftir öðru sætinu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Efnt verður til sameiginlegs prófkjörs fyrir bæði Reykjavíkurkjördæmin og mun annað sætið í því veita forystusæti á öðrum listanum. Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, mun að líkindum sækjast einn eftir fyrsta sæti í prófkjörinu og skipa sama sæti á lista og í síðustu kosningum, það er fyrsta sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður.



BJÖRN BJARNASON



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON



PÉTUR BLÖNDAL

Björn og Guðlaugur gefa kost á sér í annað sætið en Pétur í annað til þriðja sæti.

Björn Bjarnason, sem hefur setið á þingi síðan 1991, var í öðru sæti í Reykjavíkurkjördæmi norður fyrir síðustu kosningar, á eftir Davíð Oddssyni. Guðlaugur Þór, sem er að ljúka sínu fyrsta kjörtímabili, var í þriðja sæti á sama lista. Pétur, sem hefur jafnlanga þingreynslu og Björn, var í öðru sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður fyrir síðustu kosningar, á eftir Geir Haarde. **- bþs**

Fiskveiðar 2006:

# Aflaverðmæti eykst stórum

**SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa jókst um tæpa þrjá milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2006 miðað sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í nýjum tölum Hagstofu Íslands.**

**Aflaverðmætið nam fjörutíu milljörðum króna á fyrri helmingi ársins en var 37,3 milljarðar á sama tímabili 2005. Aflaverðmæti botnfisks var í lok júní orðið 30,1 milljarðar króna miðað við 25,5 á sama tíma árið 2005 og er því um átján prósenta mun að ræða. Þegar horft er til einstakra fisktegunda jókst aflaverðmæti ufsa um tæp 64 prósent og ýsu um tuttugu prósent. - shá**

Samfylkingin í Suðurkjördæmi:

# Björgvin og Lúðvík í 1. sæti

**STJÓRNMÁL** Þingmennirnir Björgvin G. Sigurðsson og Lúðvík Bergvinsson sækjast báðir eftir fyrsta sætinu í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON



LÚÐVÍK BERGVINSSON

Björgvin var kjörinn á þing í síðustu kosningum en var varaþingmaður kjörtímabilið á undan. Lúðvík hefur setið á þingi síðan 1995, fyrst fyrir Alþýðuflokkinn. Í síðustu kosningum var Lúðvík í öðru sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi og Björgvin í því þriðja. Jón Gunnarsson, sem þá skipaði fjórða sætið, sækist einnig eftir fyrsta sætinu.

Margrét Frímannsdóttir er oddviti Samfylkingarinnar í kjördæminu en hún sækist ekki eftir endurkjöri. **- bþs**

### FRÍSTUNDAHEIMILI

## Mörg börn bíða

437 börn bíða eftir að komast að á frístundaheimilum í Reykjavík. Enn vantar 55 starfsmenn til starfa á frístundaheimilin, þar af flesta í Grafarvogi og Árbæ.

### PÓLLAND

## Týndir farandverkamenn

Dómsmálaráðherra Póllands fer til Rómar í næstu viku til viðræðna við ítalskan starfsbróður vegna 70 pólskra verkamanna sem hafa týnst við störf þar. Um 100 Pólverjar voru frelsaðir úr þrælkunarbúðum á Ítalíu í sumar.

# Pólverjar fengu ekki laun og bjuggu í lélegum bát

**Tveir Pólverjar segja vinnuveitendur sína ekki hafa staðið í skilum með laun og hafa svikið annað samkomulag. Pólverjarnir segja Íslendingana skulda sér 400 þúsund krónur. Þeir voru látnir búa í hálffokheldum bát í Reykjavíkurhöfn. Vinnuveitendurnir segjast ekki skulda Pólverjunum neitt.**

**VINNUMARKAÐUR** Tveir Pólverjar segja Íslendinga ekki hafa staðið í skilum með laun og svikið annað samkomulag við þá. Pólverjarnir segja Íslendingana skulda sér 400 þúsund krónur. Pólverjarnir voru látnir búa í skipinu Árnesi í Reykjavíkurhöfn ásamt kærustu annars þeirra og tveimur öðrum.

Pólverjarnir komu til Íslands fyrir fjórum mánuðum og réðu sig í vinnu til Árna Björgvinssonar veitingamanns og Gunnars Leifs Stefánssonar vélstjóra við húsbyggingu á heimili annars þeirra og innréttingar á veitingastað um borð í skipinu Árnesi í Reykjavíkurhöfn sem er verið að stækka og innrétta sem veitingahús.

Mennirnir bjuggu ásamt þremur öðrum í skipinu í nokkra mánuði. Í byrjun var engin eldunaraðstaða önnur en örbylgjuofn en Pólverjarnir komu upp vaski og eldunaraðstöðu. Í skipinu eru skipsklósett en engin sturta, aðeins handlaug með sturtuhaus. Mennirnir gistu í skipskáetum og einn bjó í matsal skipsins.

Gregor Ceynowa og Bogdan Sawicki, félagi hans, eru óhressir með viðskipti sín við Íslendingana og telja þá svíkja sig um laun. Þeir hafi jafnvel verið rukkaðir um húsaleigu fyrir gistingu sína um borð í bátnum. Pólverjarnir segja að Árni hafi lofað þeim launum, húsnæði og flugmiðum og að sjá um alla pappírsvinnu gagnvart stjórnvöldum. Þegar þeir hafi krafist þess eftir þriggja vikna vinnu að hann fyndi þeim húsnæði hafi hann útvegað þetta.



**VIÐ ELDUNARAÐSTÖÐUNA** Gregor Ceynowa og Bodgan Sawicki segja að vinnuveitendur sínir hafi ekki staðið við samkomulag um laun og húsnæði. Þeir bjuggu um borð í skipi í nokkra mánuði. Eldunarstöðunni komu Pólverjarnir upp en þeir sögðust ekki hafa haft sturtu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Árni sagði að Pólverjarnir hefðu ekki unnið fyrir sig. „Ég skulda engum neitt,“ sagði hann og bætti við að Pólverjarnir hefðu sofið í bíl í tvær vikur og ekki átt pening fyrir mat. „Ég reddaði því að þeir gætu sofið um borð í bátnum og myndu hjálpa Gunna fyrir gistinguna,“ sagði hann og kvaðst hafa rétt þeim 15 þúsund kall. „Mér fannst ekkert óeðlilegt að þeir myndu hjálpa Gunna tvo daga fyrir hvern mánuð, sem sagt sex daga hver. Þeir urðu brjálaðir. Svo sættist Gunni á að þeir myndu borga smávegis leigu og hann myndi borga þeim restina,“ sagði Árni og kvaðst hafa lýst því yfir við mennina að hann myndi ábyrgjast greiðsluna á þeim 150 þúsundum sem Gunni skuldaði.



**VIÐ ÁRNES** Pólverjarnir bjuggu um borð í þessu skipi í nokkra mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gunnar sagði í gær að hann hefði verið beðinn um að leyfa mönnunum að gista í bátnum. Það væri rangt að aðstaðan væri léleg. Þeir hefðu ekki unnið fyrir sig og hann hefði ekki krafið þá um leigu. „Ég leyfði þeim í góðsemi að vera um borð,“ sagði hann.

**ghs@frettabladid.is**


BÍLL DAGSINS

NISSAN PATROL ELEGANCE 35”

Nýskr. 05.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 84 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BREYTINGAR SÍÐDEGIS**

Myndarlegt úrkomusvæði nálgast suðaustanvert landið þegar á daginn líður og fer að rigna úr því í kvöld. Framan af degi verður því bjartviðri á þessum slóðum. Á Norðausturlandi og Austurlandi verður þungbúið í dag og þurrt að kalla en þó geta stöku dembur fallið, helst austan til. Helgin verður mild.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Fremur hæg norðaustanátt. Léttskýjað en þungbúnara í kvöld. Hiti 7- 11 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



5-10 m/s

*» sunnudagur*



5-8 m/s, úrkomulítið.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C heiðskírt | London | 19°C heiðskírt | Alicante | 29°C hálfskýjað |
| Billund | 22°C heiðskírt | París | 23°C skúrir | Mallorca | 26°C léttskýjað |
| Osló | 20°C hálfskýjað | Frankfurt | 23°C heiðskírt | Algarve | 25°C skúrir |
| Stokkhólmur | 20°C heiðskírt | Friedrichshafen | 25°C heiðskírt | Krít | 23°C skúrir |
| Gautaborg | 17°C heiðskírt | Berlín | 26°C heiðskírt | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Amerískir dagar
í Hagkaupum
Nýtt í Hagkaupum
Eli´s ostakökur
- þessar verður þú að prófa!
30% afsláttur við kassa
Sonny verður í Hagkaupum
Kringlunni föstudag kl. 18-19
Smáralind föstudag kl. 17-18
laugardag kl. 14-15
Spönginni laugardag kl. 15-16
Nýtt í Hagkaupum
Ekta BBQ kjúklingur
- heill kjúklingur í bitum
Caramel brownie kynning
í Smáralind, Kringlu og á Eiðistorgi
í dag kl. 14-17
20% afsláttur við kassa
Nýtt í Hagkaupum
20% afsláttur við kassa
Nýtt í Hagkaupum
Betty Crocker
- einfalt, fljótlegt og gómsætt
Amerísk sandkaka
- með súkkulaðikremi
McCain franskar
- frábærar með öllum mat
Nýtt í Hagkaupum
Nýtt í Hagkaupum
Hersey´s súkkulaði
- í miklu úrvali
Huggies
- amerísk gæði
Coke Zero 0.5 ltr.
Gildir til 24. september eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú lent í slagsmálum?*

| | |
|---|---|
| Já | 42% |
| Nei | 58% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sátt(ur) við launin þín?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Ómar Ragnarsson hættir að fjalla um umhverfismál í fréttum:

# Ætlar að spila með öðru liðinu

**UMHVERFISMÁL** Ómar Ragnarsson sjónvarpsfréttamaður er hættur að fjalla um umhverfismál í Sjónvarpinu og ætlar að beita sér í umhverfismálum þjóðarinnar. Hann segir það hafa verið draum sinn frá tíu ára aldri að beita sér í þjóðmálaumræðu.

Ómar útilokar ekki framboð en telur nýtt umhverfisafl vanta. „Ég er til í allt," segir hann. „Ég hef leyst hendur mínar frá bakinu og ætla niður á völlinn til þess að spila með öðru liðinu."

Í áratugi hefur Ómar reynt að miðla upplýsingum um umhverfismál af fagmennsku og óhlutdrægni en segir þá viðleitni sína hafa af mörgum verið túlkaða „sem barátta gegn þeirri stefnu sem fylgt hefur verið". Hann mun fjalla um önnur mál en umhverfismál og vinna efni sem hann á.

Í blaði sem Ómar gefur út og dreifir til þjóðarinnar um helgina leggur hann til að Kárahnjúkavirkjun verði geymd ógangsett og tekjur þannig fengnar.



**KOMINN Í ANNAÐ LIÐIÐ** „Ég er til í allt," segir Ómar Ragnarsson sjónvarpsfréttamaður FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Með því að sökkva ekki dalnum myndi suðurveggur Kárahnjúkastíflu sem ber af norðurhlíðinni að glæsileik, blasa við ferðafólki í stað þess að verða hulinn vatni," segir Ómar. „Hægt yrði að fara um undirgöng og rangala stíflunnar og í járnbraut inn í opin aðrennslisgöngin." - ghs

Þorsteinn Hilmarsson:

# Ómar er bara góður vinur

**UMHVERFISMÁL Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir það túlkunaratriði hvort Ómar Ragnarsson fjalli minna eða meira um umhverfismál á næstunni. „Ætli hann fjalli ekki bara þeim mun meira um það," segir hann.**

**„Við höfum alltaf átt gott samstarf við Ómar og kvíðum því ekki eftirleiðis en hingað til," segir Þorsteinn og kveðst ekki vera sammála því sem Ómar hafi sagt á blaðamannafundinum en hann sé ekki óvinur Landsvirkjunar númer eitt. „Hann er bara góður vinur."** - ghs

## BANDARÍKIN

### Dreifbýlisstefna í Alaska

Ávísun með arðgreiðslu upp á tæpar 80.000 krónur verður send hverjum og einum íbúa í Alaska á þessu ári frá olíufjárfestinganefnd ríkisins. Skilyrði fyrir greiðslu er búseta í Alaska í minnst eitt ár. Alaskabúar hafa fengið greidda 1.002 milljarða síðan 1982.

## ÍSRAEL

### Olmert óvinsæll

Ný skoðanakönnun gefur til kynna að 68 prósent Ísraela séu óánægð með Ehud Olmert forsætisráðherra og að flokkur Olmerts fengi ekki umboð til meirihlutaviðræðna ef gengið væri til kosninga nú.









# Það þarf rökstuddan grun um afbrot

**Lögregla hefur ekki mikið svigrúm til að grípa inn í mál sem bent geta til yfirvofandi hryðjuverka. Hún getur ekki farið fram á heimild dómara til að beita sérstökum rannsóknaraðferðum, nema um rökstuddan grun sé að ræða.**

**LÖGGÆSLUMÁL** Lögregla hér á landi getur ekki farið fram á heimild dómara til að beita sérstökum rannsóknaraðferðum nema um rökstuddan grun um afbrot sé að ræða, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra spurður um möguleika þess að grípa inn í mál, sem gætu bent til yfirvofandi hryðjuverka.

Björn bendir á að á vettvangi Evrópusambandsins hafi verið unnið verulegt starf til að móta inntak forvirkra aðferða í ljósi breyttra áherslna þegar krafa sé gerð um að lögregla rannsaki ekki aðeins afbrot heldur haldi einnig úti rannsóknum til að koma í veg fyrir afbrot. Rannsóknir lögreglu í því skyni að koma í veg fyrir afbrot megi kenna við forvörn sem byggist á greiningu á atvikum og ábendingum.

„Ég hef verið að vekja máls á þörf fyrir öryggis- og greiningardeild hér á landi til þess að vekja athygli almennings, stjórnmálamanna og annarra á því að við erum í sérstakri stöðu. Síðan verðum við að átta okkur á því hvort við viljum ganga skrefi lengra eða ekki. Ég vil eiga samstarf við stjórnmálamenn úr öllum flokkum um þetta mál og hef stuðlað að því. Þetta er ekki flokkspólitískt mál, heldur mál sem við stöndum frammi fyrir sem berum ábyrgð á öryggi Íslendinga. Við verðum að átta okkur á því hvernig staðan er í þessum málum."

Björn segir að ekki verði gengið lengra en gert hefði verið með samþykkt laga um breytingar á lögreglulögum 2. júní, án þess að komið verði á fót eftirlitskerfi Alþingis með störfum öryggis- og greiningardeildar og sett verði þar um sérstök lög, með tilliti til þess sem menn hafi verið að gera í nágrannalöndunum. Þar hafi verið farnar mismunandi leiðir.

„Í Noregi eru sérstök lög um öryggis- og greiningarþjónustu og í Danmörku er um að ræða sérstakan hluta af réttarfars- og lögreglulöggjöf.



**TAKMARKAÐAR HEIMILDIR** Lögregla getur ekki látið til skarar skríða í málum er varða þjóðaröryggi nema um rökstuddan grun um afbrot sé að ræða.

> „Ég hef verið að vekja máls á þörf fyrir öryggis- og greiningardeild hér á landi
>
> **BJÖRN BJARNASON**
> DÓMSMÁLARÁÐHERRA

Hér hefur verið dregin upp sú mynd af málinu að verið sé að fara út á eitthvert svið sem sé algjörlega óþekkt, en því fer fjarri, eins og þeir geta komist að raun um sem vilja kynna sér stöðu mála í nágrannalöndunum."

Björn segir enn fremur að starfssvið öryggis- og greiningarþjónustu myndi ekki einskorðast við þjóðaröryggismál, heldur einnig aðferðir til að takast á við mansal, skipulagða glæpastarfsemi, fíkniefnamál og fleira af því tagi. jss@frettabladid.is

Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður um auknar rannsóknarheimildir:

# Vil ekki frekari afslátt á mannréttindum en orðið er

**LÖGGÆSLUMÁL** „Ég vil ekki gefa frekari afslátt á einkalífs- og mannréttindum en þegar er orðið," segir Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður spurður álits á auknum heimildum lögreglu til rannsókna í málum er varða þjóðaröryggi.

Atli kveðst ekki vilja láta hryðjuverkamenn stjórna sínu lífi né annarra með því að taka mannréttindi af fólki. Gerist það megi líta svo á að hryðjuverkamenn hafi í rauninni farið með sigur af hólmi.

Spurður álits á hugmyndum um sérstaka öryggis- og greiningardeild er hefði rýmri heimildir en lögregla hefur nú um öflun upplýsinga segir Atli „víðs fjarri" að þörf sé á slíkri deild. Þeim fjármunum sem ætlaðir séu til þess starfs sé betur farið til aðstoðar börnum sem eigi við lesblindu, ofvirkni og athyglisbrest að stríða, þannig að ekki sé hætta á að þau lendi í klóm fíkniefna eða annars vanda þegar þau eru 15 - 16 ára.



**ATLI GÍSLASON HRL.** „Menn ofmeta þörfina á svonefndri öryggisþjónustu."

„Staðan á Íslandi er sú, að menn ofmeta þörfina á svonefndri öryggisþjónustu," bætir Atli við. „Þetta mál sem Fréttablaðið greindi frá í gær kemur upp vegna ábendingar. Þar þurfti enga greiningardeild til. Almenningur bregst þarna við. Hann er virkastur til eftirlits." - jss

www.toyota.is

# BÍLALEIGUBÍLARNIR ERU LOKSINS KOMNIR!

19.900 kr.* á mánuði



14.200 kr.* á mánuði



* m.v. Bílasamning Glitnis í 84 mánuði með 10% útborgun.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34286 09/2006

## ÚRVALSBÍLAR MEÐ 12 MÁNAÐA VIÐBÓTARÁBYRGÐ

Bílaleigubílarnir Yaris og Corolla Sedan, ásamt úrvali annarra bíla, eru loksins komnir í sölu hjá Toyota Betri Notuðum Bílum. Þeir hafa verið undir reglubundnu eftirliti og að loknu ströngu skoðunarferli hjá okkur fara þeir í flokk Úrvalsbíla. Þeim fylgir því aukin ábyrgð í 12 mánuði.

Við bjóðum einnig sérkjör á fjármögnun, í samvinnu við Glitni, með lengri lánstíma og hærra lánshlutfalli.

**Hafðu hraðann á því bílaleigubílarnir staldra jafnan stutt við.**

Opið virka daga frá kl. 9 til 18 og laugardaga frá kl. 12 til 16.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| 200 Kópavogur | 603 Akureyri | 260 Reykjanesbær | 800 Selfoss | 700 Egilsstöðum |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL




Samkomulag undirritað um skiptingu landgrunns í suðurhluta Síldarsmugunnar:

# Hlutur Íslands vel viðunandi

**HAFRÉTTARMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra undirritaði í fyrradag samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Færeyja og Noregs um skiptingu landgrunns utan tvö hundruð mílna í suðurhluta Síldarsmugunnar. Samkomulagið felur í sér viðurkenningu á landgrunnsréttindum Íslands yfir 29 þúsund ferkílómetra svæði vestast í Síldarsmugunni í beinu framhaldi af íslensku efnahagslögsögunni norðaustur af landinu. Niðurstaðan markar tímamót í landgrunnsmálum á Norðaustur-Atlantshafi eins og segir í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu segir niðurstöðuna af mörgum ástæðum hagstæða fyrir Ísland. „Hlutur Íslands í landgrunninu í suðurhluta Síldarsmugunnar er vel viðunandi og niðurstaðan er til þess fallin að auka almennan trúverðugleika Íslands sem ríkis sem gerir tilkall til landgrunnsréttinda utan 200 sjómílna á þessu og öðrum hafsvæðum.“ Tómas segir að ekki síst geti samkomulag Íslands, Danmerkur/Færeyja og Noregs um skiptingu landgrunnsins á áðurnefndu svæði, áður en það kemur til umfjöllunar landgrunnsnefndarinnar, haft mikilvægt fordæmisgildi fyrir Hatton Rockall-málið, en tveir fyrstnefndu aðilarnir eru aðilar að því máli. **- shá**



**UMRÆTT SVÆÐI** Skipting landgrunns í suðurhluta Síldarsmugunnar. Svæðið sem Íslendingar fá viðurkenningu á er á milli punktanna A B, C, og F á kortinu.

# Ferðalagi síbrotamanna er lokið

**Tveir ungir menn sem grunaðir eru um innbrot víðs vegar um landið voru í gærkvöld úrskurðaðir af Héraðsdómi Reykjaness í síbrotagæslu til 20. desember.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn hafa verið úrskurðaðir í síbrotagæslu í Héraðsdómi Reykjaness til 20. desember, en þeir voru handteknir á stolinni jeppabifreið í Reykjavík í fyrrinótt. Um er að ræða sömu mennina og brutust inn í félagsheimilið Árnes í Gnúpverjahreppi og fjölmarga sumarbústaði í Borgarfirði fyrr í vikunni. Mennirnir fóru inn í ólæst hús í Breiðholti á þriðjudagskvöld og stálu þaðan lyklum af Lexus-jeppa sem er metinn á um 5 milljónir króna, en þeim hafði verið sleppt úr haldi lögreglunnar á Selfossi fyrr um daginn.

Ölögráða stúlka sem hafði tekið þátt í fyrri afbrotum þeirra var ekki með þeim að þessu sinni. Lögreglan kom að mönnunum sofandi í jeppanum í fyrrinótt en þegar þeir urðu lögreglu varir reyndu þeir að stinga af. Sá eltingarleikur endaði með því að þeir óku bifreiðinni á húsvegg og skemmdist hann töluvert. Nokkuð af ætluðu þýfi fannst í bifreiðinni, en hún er sú þriðja sem mennirnir hafa stolið á tæpri viku.

Mennirnir eru fæddir 1985 og 1988 og eiga langan sakaferil að baki. Þeir eru grunaðir um fjölmörg innbrot og þjófnaði í Keflavík á síðustu vikum og hafa verið afhentir lögreglu þar. Þá hefur lögreglan í Kópavogi staðfest að mennirnir liggi undir grun vegna ýmissa afbrota þar. Ferð þeirra um landið hófst í Reykjavík í síðustu viku þegar þeir stálu bíl og keyrðu út úr borginni í norðurátt. Þeir brutust inn í að minnsta kosti fjóra sumarbústaði í Borgarfirði og stálu þaðan ýmsum munum auk þess sem þeir ollu töluverðum skemmdum á bústöðunum. Samkvæmt lögreglunni í Borgarnesi er enn verið að rannsaka hvort slóð þeirra liggi víðar í umdæminu.

Næsti þekkti viðkomustaður þeirra var Húsavík. Þar urðu þeir að öllum líkindum bensínlausir og stálu því öðrum bíl. Mennirnir yfirgáfu þó ekki bæinn fyrr en þeir höfðu brotist inn í tvo bíla og stolið þaðan fjölda geisladiska og öðru smálegu. Þá fundust munir úr sumarbústaðainnbrotunum í bílnum sem þeir skildu eftir. Samkvæmt Húsavíkurlögreglunni héldu þeir þaðan til baka í átt að höfuðborginni. Á bílnum sem þeir stálu á Húsavík óku þeir að Selfossi þar sem þeir voru handteknir á þriðjudagsmorguninn eins og fyrr segir. **- þsj**

### FERÐALAG MANNANNA

**Keflavík:** Grunaðir um fjölmörg innbrot og þjófnaði á síðustu vikum.
**Reykjavík:** Stálu bíl í síðustu viku og keyrðu í norðurátt.
**Borgarfjörður:** Brutust inn í að minnsta kosti fjóra sumarbústaði um helgina. Stálu ýmsum munum og ollu skemmdum á eignum.
**Húsavík:** Brutust inn í tvo bíla og stálu öðrum bíl aðfaranótt sunnudags.
**Gnúpverjahreppur:** Brutust inn í félagsheimilið Árnes á mánudagsnótt. Voru handteknir stuttu síðar.
**Breiðholt:** Var sleppt úr haldi á þriðjudag og stálu síðar um daginn Lexus-jeppabifreið.
**Reykjavík:** Reyndu að flýja undan lögreglu á stolnu bifreiðinni í gærnótt en enduðu á húsvegg. Bíllinn skemmdist töluvert.
**Héraðsdómur Reykjaness:** Úrskurðaðir í síbrotagæslu til 20. desember.



Sveitarfélagið ÁRBORG

Miðbær Selfoss
Samkeppni um deiliskipulag

Bæjarstjórn Árborgar í samvinnu við Arkitektafélag Íslands efnir til samkeppni um miðbæ Selfoss. Stefnt er að því að á Selfossi verði miðbær með íbúðarbyggð, öflugri verslun og þjónustu á sem flestum sviðum sem geti þjónað öllu Suðurlandi.

Form samkeppninnar er framkvæmdasamkeppni. Útbjóðandi er fyrst og fremst að lýsa eftir höfundi og tillögu að deiliskipulagi miðbæjar á Selfossi til nánari útfærslu.

Tilhögun samkeppninnar er almenn keppni samkvæmt skilgreiningu samkeppnisreglna AÍ.

Rétt til þátttöku hafa:
- Félagar í Arkitektafélagi Íslands
- Nemendur í arkitektúr
- Þeir sem rétt hafa til að gera aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd
- aðrir þeir sem rétt hafa til skipulagsgerðar samkv. gr. 2.7 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Keppnislýsing verður látin í té endurgjaldslaust frá og með 25. september 2006 á bæjarskrifstofu Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi á milli 9.00 og 16.00 virka daga og á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateig 9, 2. hæð, 105 Reykjavík á milli kl 9.00 og 13.00 virka daga. Einnig er hægt að nálgast hana á heimasíðu Árborgar www.arborg.is frá og með sama degi.

Önnur samkeppnisgögn verða afhent gegn skilatryggingu að upphæð kr. 10.000,- á skrifstofu Arkitektafélags Íslands á milli kl. 9.00 og 13.00 virka daga frá og með 25.september 2006. Einnig verður hægt að nálgast samkeppnisgögn hjá trúnaðarmanni.

Tillögum skal skila til trúnaðarmanns, á skrifstofu Arkitektafélags Íslands að Engjateigi 9, 2.hæð, 105 Reykjavík eigi síðar en 1. desember 2006. Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum í janúar 2007. Höfundur fyrstu verðlauna verður ráðinn skipulagsráðgjafi verkefnisins, ef viðunandi samkomulag næst milli hans og útbjóðanda.

# Gerðu góð kaup

## 2005 árgerðin af bílaleigubílum er komin.

Allt bílar í verksmiðjuábyrgð til ársins 2008.

# Aðeins 2 dagar eftir!

## 100% lán í allt að 84 mánuði*.

**Verðdæmi**

## HYUNDAI GETZ

Árgerð 2005, ek.60 þús.

*Ásett verð*

→ 1.200.000

## *Tilboð*

→ 950.000

## kr. 13.900 á mánuði*



Engin útborgun
100% lán

**Verðdæmi**

## RENAULT MEGANE II - SPORT TOURER

Árgerð 2005, ek.50 þús.

*Ásett verð*

→ 1.800.000

## *Tilboð*

→ 1.430.000

## kr. 20.700 á mánuði*



EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Engin útborgun
100% lán

bíla land B&L
notaðir bílar

*Bílasamningur: Engin útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði.
Afborganir háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Aukahlutir á mynd: Álfelgur á Getz, Dynamic aukahlutapakki á Renault.

**Grjóthálsi 1, Reykjavík 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

bilaland.is



**INDVERSKUR FJÁRHIRÐIR** Regntíminn setur svip á líf indverskra fjárhirða um þessar mundir. Gríðarlegt úrhelli var í borginni Kolkata (Kalkútta) í gær þar sem þessi mynd var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ráðstefna í safnaðarheimilinu Strandbergi:

# Sáttaferli á átakasvæðum

**SAMFÉLAGSMÁL** Kjalarnessprófastsdæmi og Hafnarfjarðarkirkja standa að ráðstefnu um friðarstarf og sáttaferli í safnaðarheimilinu Strandbergi í dag.

Dr. Rodney Petersen, forstöðumaður Guðfræðistofnunarinnar í Boston, og dr. Raymond Helmick S. J., jesúítaprestur og alþjóðlegur sáttasemjari til fjölda ára, hafa þróað og beitt árangursríkum aðferðum til sáttaumleitana á átakasvæðum, meðal annars á Balkanskaga og Norður-Írlandi. Þeir flytja röð fyrirlestra á ráðstefnunni um friðarstarf og sáttaferli í Strandbergi sem hefst klukkan 9.45 með stuttri helgistund í Hafnarfjarðarkirkju en safnaðarheimilið opnar klukkan 9 með léttum morgunverð. Fyrst fer fram kynning á félagslegu sáttaferli en síðan verður fjallað um fjögur lykilhugtök í félagslegu sáttaferli í máli og myndum, erindum og umræðum.



**HAFNARFJARÐARKIRKJA** Ráðstefna um friðarstarf og sáttaferli verður haldin í safnaðarheimilinu Strandbergi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ráðstefnan fer fram á ensku en stuttur útdráttur á íslensku verður fluttur eftir hvern fyrirlestur. Ráðstefnan er öllum þeim opin sem láta sig málefni hennar varða.

Í fyrrahaust heimsóttu prófastur og prestar úr Kjalarnessprófastsdæmi Guðfræðistofnunina í Boston og kynntu sér starfsemi hennar. Ráðstefnan í Strandbergi er ávöxtur af góðu samstarfi sem myndast hefur við stofnunina. **- shá**

Bílasprengjurnar í Gautaborg:

# Vélhjólaforingi handtekinn

**SVÍÞJÓÐ, AP** Einn af leiðtogum vélhjólagengisins Bandidos í Svíþjóð var handtekinn í Gautaborg í gær í tengslum við tvær bílasprengjur, sem sprungu þar í borg á þriðjudag og miðvikudag.

Lögreglan telur að sprengjuárásirnar hafi verið gerðar í hefndarskyni gegn leigubílstjóra og manni, sem sagður er þekktur í veitingahúsageiranum í Gautaborg.

Enginn lét lífið af völdum sprenginganna, sem báðar voru framkvæmdar þannig að handsprengja var sett bak við eitt af hjólum bifreiðanna. **- gb**

## ALENGUSTU EINKENNI KÆFISVEFNS:

**Einkenni í svefni:**
- Háværar hrotur
- Öndunarhlé
- Óvær svefn - vaknar oft - martraðir
- Nætursviti
- Tíð næturþvaglát

**Einkenni í vöku:**
- Dagsyfja
- Einbeitningarskortur og óþolinmæði
- Þreyta
- Syfja við akstur
- Þörf fyrir að leggja sig á daginn
- Vélindabakflæði

Kæfisvefn stafar af þrengslum í loftvegi og geta margvíslegar ástæður verið þar að baki. Um tveir af hverjum þremur kæfisvefnssjúklingum eru yfir kjörþyngd. Algengasta meðferðin við kæfisvefni er meðferð með svefnöndunartæki sem er gríma fest yfir nef og munn. Um grímuna er blásið lofti sem heldur loftveginum opnum þegar sjúklingurinn sefur og kemur þannig í veg fyrir að loftvegur falli saman. Þá meðferð þarf einstaklingur að nota þegar sofið er. Um síðustu áramót voru 1.820 manns með slíka meðferð.

Löng bið hjá kæfisvefnssjúklingum:

# Kæfisvefn getur valdið slysum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Okkar aðaláhyggjumál er að biðlistar hafa farið mjög vaxandi. Í dag bíða 116 greindir kæfisvefnssjúklingar eftir meðferð og 178 manns eru á biðlista eftir mælingu," segir Þórarinn Gíslason, yfirlæknir lungnadeildar Landspítala–háskólasjúkrahúss. „Það þarf úrbætur á þessu sviði svo við getum staðið undir væntingum. Fólk sættir sig illa við að bíða í fjóra til sex mánuði eftir úrlausn sinna mála í þessu ríka samfélagi." Kæfisvefn er meðal þess sem fjallað verður um á Vísindavöku Rannís í Listasafni Reykjavíkur í dag.

Kæfisvefn er sjúkdómsástand skilgreint sem endurtekin öndunarstopp þegar sjúklingur sefur, sem hafa í för með sér breytingar á líðan að degi til. Fólk nær ekki nægri hvíld og verður þreytt og syfjað að degi til. Lífshorfur fólks með kæfisvefn á háu stigi eru verulega skertar miðað við aðra á sama aldri.

„Upphaflega var litið á kæfisvefn sem sjálfstætt einangrað fyrirbrigði sem fyrst og fremst einkenndist af hrotum, óværum svefni og syfju. Á síðustu árum hafa komið fram rannsóknir sem sýna greinilega að það eru fylgikvillar með kæfisvefni. Þar á meðal háþrýstingur, gáttaflökt, hjarta- og æðasjúkdómar, sykursýki og heilablóðföll," segir Þórarinn.

Á Landspítalanum koma læknar, hjúkrunarfræðingar, líffræðingar og sálfræðingar að vísindarannsóknum á kæfisvefni.



**EDDA GUNNARSDÓTTIR, ERNA SIF ARNARDÓTTIR, BRYNDÍS HALLDÓRSDÓTTIR, ÞÓRARINN GYLFASON OG ATLI JÓSEFSSON** Starfsfólk við kæfisvefnsrannsóknir á Landspítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Dagsyfja er helsta einkenni kæfisvefns og hefur kanadísk rannsókn leitt í ljós að alvarleg umferðarslys voru þrefalt algengari meðal ómeðhöndlaðra kæfisvefnssjúklinga en meðal samanburðarhóps. Í virtu bresku læknatímariti var leitt að því líkum að með því að meðhöndla 500 kæfisvefnssjúklinga mætti koma í veg fyrir eitt banaslys, 75 slys með áverkum á fólki og yfir 200 slys með skemmdum á ökutækjum. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa varð að meðaltali eitt banaslys á ári hérlendis frá 1998 til 2004 vegna syfju ökumanns.

**sdg@frettabladid.is**


Í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá því Alois Alzheimer greindi Alzheimerssjúkdóminn fyrstur manna verður haldið opið málþing laugardaginn 23. september á Hótel Loftleiðum kl. 13-16

**Heilabilun – Fjölskyldusjúkdómur 21. aldar?**

**Dagskrá**

13:00-13:10 Setning: Sigrún Júlíusdóttir prófessor og stjórnarformaður RBF
13:10-13:20 Ávarp heilbrigðisráðherra
13:20-13:50 Dr. Christine Swane: Development of dementia care in Denmark: A family oriented perspective
13:50-14:10 Hanna Lára Steinsson, forstöðumaður RBF: Úrræði í nútíð og framtíð fyrir sjúklinga og aðstandendur
14:10-14:20 Sýnt brot úr heimildarmyndinni Hugarhvarf: Lífið heldur áfram með heilabilun
Kaffihlé
15:00-15:20 Helga Vala Helgadóttir, fjölmiðlakona og dóttir: „Ætlarðu með hana á kaffihús?"
15:20-15:40 María Th. Jónsdóttir formaður FAAS og maki: Staða aðstandenda

Fundarstjóri: Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir

Ráðstefnan er öllum opin
Aðgangseyrir kr. 1.500

RBF Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd
FAAS
Félagsmálaráðuneyti
LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
Heilbrigðisráðuneyti
HÁSKÓLI ÍSLANDS
Reykjavíkurborg Velferðasvið

Sigríður Á. Andersen:

## Í prófkjör Sjálfstæðisflokksins

**STJÓRNMÁL** Sigríður Á. Andersen lögfræðingur sækist eftir 5.-7. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Sigríður var lögfræðingur Verslunarráðs og síðar Viðskiptaráðs frá 1999 og fram á þetta ár.



SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN

Hún er formaður Félags sjálfstæðismanna í Vestur- og Miðbæ og hefur gegnt ýmsum öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. - bþs

Thaksin Shinawatra segist ætla að taka sér „verðskuldaða hvíld“ í London:

# Herstjórnin herðir tökin

**BANGKOK, AP** Leiðtogar stjórnarbyltingarinnar í Taílandi hafa lagt strangar hömlur á alla stjórnmálastarfsemi í landinu. Þeir hafa tekið sér löggjafarvald, bannað starfsemi stjórnmálaflokka og fjórir af nánustu samstarfsmönnum Thaksins Shinawatras hafa verið hnepptir í varðhald.

Sjálfur dvelst forsætisráðherrann fyrrverandi í London þar sem dóttir hans er við nám. Hann sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann sagðist ætla að taka sér „verðskuldaða hvíld“. Hann hvatti líka herinn til þess að efna sem fyrst til lýðræðislegra kosninga í landinu.



**VINSÆLT VALDARÁN** Almennir borgarar í Taílandi létu í gær margir hverjir taka mynd af sér fyrir framan skriðdreka og hermenn í Bangkok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gagnrýnendur Thaksins segja nauðsynlegt að sem fyrst verði gerð rannsókn á þeirri spillingu, sem hann er sakaður um. Stjórnmálaskýrendur segja ennfremur að herstjórnin verði að færa sönnur á þessa spillingu til þess að geta réttlætt valdaránið.

Nokkrar vonir eru bundnar við að leiðtogi stjórnarbyltingarinnar, Sondhi Boonyaratkalin herforingi, sem sjálfur er múslimi, eigi auðveldara með að leysa deilur við múslima í suðurhluta Taílands, þar sem uppreisnarbarátta þeirra hefur kostað 1700 manns lífið á síðustu árum. - gb

Gylfi Arnbjörnsson:

## Í prófkjör Samfylkingarinnar

**STJÓRNMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, sækist eftir þriðja til fjórða sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.



GYLFI ARNBJÖRNSSON

Gylfi var áður hagfræðingur ASÍ og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf. Hann á sæti í flokksstjórn Samfylkingarinnar. - bþs

Ásatrúarfélagið:

## Höfðar mál á hendur ríkinu

**DÓMSMÁL** Ásatrúarfélagið hefur ákveðið að höfða mál á hendur íslenska ríkinu fyrir að mismuna trúfélögum. Hilmar Örn Hilmarsson, tónskáld og allsherjargoði Ásatrúarmanna á Íslandi, segir málssóknina hafa verið lengi í undirbúningi. „Við teljum að það hafi verið stjórnarskrárbundið misrétti milli trúfélaga hér á landi um áratugaskeið. Okkur hefur lengi þótt þetta misrétti óréttlátt og eftir langan undirbúning þá ákváðum við að láta reyna á hvort þetta standist lög í raun og veru.“



**HILMAR ÖRN HILMARSSON** Segir málssóknina hafa verið lengi í undirbúningi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Byggir meint misrétti á því að Þjóðkirkjan fái meiri styrk frá ríkinu en önnur trúfélög. - mh

Katrín Júlíusdóttir:

## Sækist eftir öðru sæti

**STJÓRNMÁL** Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sækist eftir öðru sæti á lista flokksins í Suðvesturkjördæmi. Hún var kjörin á þing í síðustu kosningum en þá skipaði hún fjórða sætið á lista Samfylkingarinnar í kjördæminu.



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Katrín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna og meðal annars setið í framkvæmdastjórn hennar. Þá var hún formaður ungliðahreyfingar flokksins. - bþs

Kolbrún Baldursdóttir:

## Sækist eftir sjötta sætinu

**STJÓRNMÁL** Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur gefur kost á sér í sjötta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Hún skipaði níunda sæti á lista flokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður við síðustu þingkosningar.



KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR

Kolbrún hefur starfað hjá Fangelsismálastofnun og Stuðlum og rekið eigin sálfræðistofu frá 1992. - bþs






**SKOÐA SAMSETTA MYND** Risastór mynd af Georgy Parvanov, forseta Búlgaríu, prýðir nú höfuðborgina Sofíu í tilefni af kosningabaráttunni, sem er að fara í gang. Myndin er sett saman úr mörgum litlum myndum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sagnfræðingafélag Íslands ályktar um gögn um símhleranir:

# Lýsa furðu á takmörkunum

**SÍMHLERANIR** Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands sendi frá sér ályktun í gær þar sem félagið lýsir furðu sinni á takmörkunum á aðgangi að gögnum um símahleranir í vörslu Þjóðskjalasafnsins.

Í ályktuninni segir að sjálfsagt sé að ákveðnar reglur gildi um aðgang að skjölum af þessu tagi en afar varhugavert að þær hömlur vegi þyngra en réttur til rannsókna á liðinni tíð, að teknu tilliti til sjálfsagðra ákvæða um persónuvernd. Einnig eiga einstaklingar, sem hafa rökstuddan grun um að um þá sé fjallað í þeim gögnum sem um ræðir, rétt á því að kanna þau með sömu skilyrðum og aðrir hafa notið. Allir eiga að vera jafnir fyrir lögum og reglum um aðgang að opinberum gögnum. Guðni Th. Jóhannesson, formaður félagsins, vék af fundi þegar ályktað var um málið þar sem hann tengist málinu, bæði með því að hafa verið veittur aðgangur að sumum gögnum en synjað um aðgang að öðrum.



**GUÐNI TH. JÓHANNESSON**

Mikil umræða hefur verið á meðal sagnfræðinga undanfarna daga um málið og ekki síst á póstlistanum Gammabrekku. Þar hefur stjórn Sagnfræðingafélagsins verið hvött til að álykta um málið. Sérstaklega eru sagnfræðingar ósáttir við framgöngu Ólafs Ásgeirssonar, þjóðskjalavarðar, og fullyrða að hann hafi brotið siðareglur Sagnfræðingafélagsins með því að neita fjölmörgum einstaklingum um aðgang að gögnunum, með þeim rökum að eðlilegt sé að nefnd um upplýsingamál fjalli um kærumál sem tengjast málinu áður en frekari aðgangur er veittur. **- shá**

Eftirmálar stríðsins í Líbanon:

# Ísraelar krafðir útskýringa

**LÍBANON, AP** Sameinuðu þjóðirnar hafa krafið Ísraelsher um nánari skýringar á klasasprengjum þeim sem dreift var yfir S-Líbanon eftir að vitað var að vopnahlé kæmist á. Beðið er um lista yfir alla þá staði sem sprengjum var varpað á og hversu mörgum hafi verið varpað á hverjum stað, en upplýsingarnar gætu flýtt mjög fyrir hreinsunaraðgerðum hjálparstofnana, að sögn Davids Shearer, yfirmanns mannúðarstarfs SÞ í Líbanon.

Líklegt er talið að hreinsunarstarfið taki um tvö ár, en talið er að enn séu 350 þúsund lífshættulegar sprengjur á víðavangi. **- kóþ**








**FRÁ MÓTMÆLAAÐGERÐUM FYRIR UTAN RÉTTARSALINN** Kona heldur á tyrkneskum fánum en á jörðinni má sjá fána Evrópusambandsins með hakakross í miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skáldkona sýknuð

**Tyrkneskur rithöfundur þótti ekki hafa móðgað Tyrkland með því að láta armenska persónu í skáldsögu sinni tala um „tyrknesku slátrarana“. Úrskurðurinn vakti úlfúð mótmælenda.**

**ANKARA, AP** Dómstóll í Tyrklandi var í gær ekki lengi að sýkna rithöfundinn Elif Shafak af ákæru um að í einni af skáldsögum hennar væri að finna móðgandi ummæli um Tyrki. Réttarhöldin stóðu aðeins í hálfan annan tíma og lauk með því að dómstóllinn sagði engan fót vera fyrir ákærunni.

Evrópusambandið hafði varað Tyrkland við því að draga rithöfunda og blaðamenn fyrir dóm vegna skrifa þeirra. Slíkt gæti dregið úr líkum á því að Tyrkland hljóti inngöngu í Evrópusambandið.

Um það bil 25 tyrkneskir þjóðernissinnar höfðu uppi mótmæli fyrir utan réttarsalinn, héldu á lofti tyrkneskum fánum ásamt bláum fána Evrópusambandsins, sem hafði verið breytt þannig að hakakross að hætti nasista var í miðju fánans. Til skammvinnra átaka kom milli mótmælenda og lögreglunnar að loknum réttarhöldunum.

Ákæran var út af skáldsögunni „Skepnan frá Istanbúl“, sem Shafak skrifaði þegar hún bjó í Bandaríkjunum. Í bókinni er fjallað um alræmd fjöldamorð á Armenum sem Tyrkir frömdu snemma á 20. öld þegar Tyrkjaveldi var að líða undir lok. Armensk persóna í bókinni talar um „tyrknesku slátrarana“, og það voru þessi orð sem urðu tilefni til ákærunnar.

Tyrkir hafa allt til þessa dags neitað að tala um morðin sem þjóðarmorð, þrátt fyrir að allt að ein og hálf milljón Armena, sem búsettir voru í austurhluta Tyrkjaveldis, hafi ýmist verið hraktir frá heimkynnum sínum eða drepnir.

Sjálf gat Shafak ekki mætt til réttarhaldanna í gær, þar sem hún fæddi stúlkubarn á laugardaginn og var enn á sjúkrahúsi. Hefði hún verið dæmd fyrir ummæli sín, hefði hún getað átt von á allt að þriggja ára fangelsisdómi.

„Þetta er skömm, ekki bara fyrir hana heldur fyrir Tyrkland. Allt málið er fáránlegt,“ sagði eiginmaður hennar, Eyup Can, áður en réttarhöldin hófust.

Fleiri rithöfundar og blaðamenn í Tyrklandi hafa verið dregnir fyrir dóm eða eiga yfir höfði sér réttarhöld vegna orða sinna, sem talin eru meiðandi fyrir Tyrkland eða tyrkneskt þjóðerni.

Á síðasta ári felldi tyrkneskur dómstóll niður ákærur á hendur öðrum frægum rithöfundi, Orhan Pamuk, sem hafði verið ákærður fyrir ummæli sín um fjöldamorðin á Armenum. **gudsteinn@frettabladid.is**









Mexíkó dagar
frábær stemmning
þú sparar 81 kr/pk
45% afsláttur við kassa
Verð nú 98 kr/pk
Verð áður 179 kr/pk
Coop wrap tortilla
þú sparar 80 kr/pk
40% afsláttur við kassa
Verð nú 119 kr/pk
Verð áður 199 kr/pk
Coop Taco skeljar
þú sparar 38 kr/pk
40% afsláttur við kassa
Verð nú 57 kr/pk
Verð áður 95 kr/pk
Coop Taco spice mix eða Guacamole mix
þú sparar 81 kr/stk
45% afsláttur við kassa
Verð nú 98 kr/stk
Verð áður 179 kr/stk
Coop Chunky salsa hot og medium
þú sparar 56 kr/stk
40% afsláttur við kassa
Verð nú 83 kr/stk
Verð áður 139 kr/stk
Coop Taco sósa, mild, medium og hot
þú sparar 64 kr/pk
40% afsláttur við kassa
Verð nú 95 kr/pk
Verð áður 159 kr/pk
Coop Tortilla snakk
þú sparar 80 kr/stk
40% afsláttur við kassa
Verð nú 119 kr/stk
Verð áður 199 kr/stk
Coop jalapeno
þú sparar 65 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 65 kr/stk
Verð áður 129 kr/stk
Coop chilli sósa
þú sparar 65 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 65 kr/stk
Verð áður 129 kr/stk
Coop nýrnabaunir
þú sparar 40 kr/stk
51% afsláttur við kassa
Verð nú 39 kr/stk
Verð áður 79 kr/stk
Coop hakkaðir tómatar með hvítlauk eða með lauk
þú sparar 35 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 35 kr/stk
Verð áður 69 kr/stk
Coop heilir tómatar
Hönnun HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 16. september til 17. september eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

# allt í matinn

## meira fyr



þú sparar 538 kr/kg

**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.256 kr/kg
Verð áður 1.794 kr/kg
Gourmet lambalæri ferskt



þú sparar 360 kr/kg

**40%** afsláttur við kassa
Verð nú 539 kr/kg
Verð áður 899 kr/kg
Fjörfiskur - nætursaltaðir ýsubitar



þú sparar 596 kr/kg

**40%** afsláttur við kassa
Verð nú 893 kr/kg
Verð áður 1.489 kr/kg
Fjörfiskur - grill íslensk vatnableikja



þú sparar 144 kr/pk

**40%** afsláttur við kassa
Verð nú 215 kr/pk
Verð áður359 kr/pk
Fjörfiskur - rækja 500 gr.



2 fyrir 1

Goða pylsur

HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta



1 kg. af Náttúru hrísgrjónum fylgir frítt með

Ísfugl kalkúnaborgarar steiktir



**599** kr/pk
McCain pizza + Pepsi 2 ltr.

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 22. september til 24. september. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# á einum stað

## rir minna




þú sparar 583 kr/kg

**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.361 kr/kg
Verð áður 1.944 kr/kg
Gourmet lambahryggur ferskur



þú sparar 367 kr/kg

**43%** afsláttur við kassa
Verð nú 499 kr/kg
Verð áður 866 kr/kg
BK saltkjöt blandað



þú sparar 179 kr/kg

**50%** afsláttur við kassa
Verð nú 179 kr/kg
Verð áður 358 kr/kg
Saltkjöt ódýrt



þú sparar 1.047 kr/kg

**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 2.443 kr/kg
Verð áður 3.490 kr/kg
BK lambafile m/fitu af nýslátruðu




þú sparar 613 kr/kg

**33%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.245 kr/kg
Verð áður 1.858 kr/kg
SS ítölsk helgarsteik



Humarveisla

**999** kr/kg
Humar 1 kg.




þú sparar 195 kr/kg

**50%** afsláttur við kassa
Verð nú 195 kr/kg
Verð áður 389 kr/kg
Goða lambahjörtu




þú sparar 165 kr/kg

**50%** afsláttur við kassa
Verð nú 165 kr/kg
Verð áður 329 kr/kg
Goða lambalifur

netto

## „ORÐRÉTT“

### Eins og gerst hafi í gær

**„Hver man ekki eftir því þegar stærð þorskstofnsins var endurmetin og búið til nýtt hugtak, „aukinn veiðanleiki“, til þess að útskýra eitthvert meint ofmat?“**

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON FRJÁLSLYNDUR Í MORGUNBLAÐINU.

### Hún komst nú í gegnum fimm prófkjör!

**„Henni hefur ekki tekist að mynda eftirspurn og þess vegna er engin eftirsjá.“**

SIGURJÓN M. EGILSSON, RITSTJÓRI BLAÐSINS, Í LEIÐARA UM SÓLVEIGU PÉTURSDÓTTUR.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** THELMA ÁSDÍSARDÓTTIR VAKTSTÝRA Í KVENNAATHVARFINU

## *Sonurinn byrjaður í hárgreiðslu*



„Það er bara allt ljómandi gott að frétta og sól í hjartanu,“ segir Thelma Ásdísardóttir, sem í fyrra var kosin Kona ársins af tímaritinu Nýtt líf. Hún er sem kunnugt er sögumaður í bók Gerðar Kristnýjar, Myndin af pabba. „Það er búið að vera brjálað að gera í vinnunni hjá mér, bæði í Kvennaathvarfinu og í Krísuvík. Þar er meðferðaraðstaða fyrir fólk sem er að ná sér eftir neyslu og ég er með einstaklingsráðgjöf um kynferðisofbeldi. Maður hittir alls konar fólk, þetta er lifandi og gefandi starf, en ég myndi nú kannski ekki nota orðið „skemmtilegt“. Svo var ég á kvennaráðstefnu í Færeyjum. Þórshöfn er virkilega krúttlegur bær, mikið af litlum og sætum götum.“

Thelma segir að Myndin af pabba komi út á sænsku í nóvember og hún hlakkar til að sjá útkomuna. „Það verður örugglega skrítið. Ég get lesið sænsku en tala hana ekki mikið.“

Einkasonur Thelmu er orðinn átján ára og byrjaður að læra hárgreiðslu. „Það finnst mér mjög gott. Ég sé fram á bjarta framtíð nú þegar einhver í fjölskyldunni getur hugsanlega hamið mitt erfiða hár.“

## PÆLING
### TÓLFTI SEPTEMBER

*Textahöfundurinn Tólfti september (Freymóður Jóhannesson) var heppinn að fæðast ekki einum degi fyrr. Þá hefði hann kallað sig Ellefta september.*



Það væri eitthvað skrítið að heyra Svanhildi Jakobsdóttur afkynna lögin hans, til dæmis: „Hér heyrðum við Erlu Þorsteinsdóttur flytja lag Ellefta september, Draumur fangans.“ Öllum yrði umsvifalaust hugsað til appelsínugulu mannanna í Guantanamo.

## SJÓNARHÓLL
VALDARÁN HERSINS Í TAÍLANDI



BOGI JÓNSSON HEIMAVEITINGAMAÐUR

### *Saknar Thaksins*

„Mér finnst þetta ekki eins alvarlegt og af er látið,“ segir Bogi Jónsson, heimaveitingamaður í Hliði, Álftanesi. Bogi er giftur taílenskri konu og er vel inni í málum í Taílandi. „Mér líkaði reyndar vel við Thaksin Shinawatra, þennan sem herinn steypti af stóli, og mun sakna hans. Hann hafði tekið vel á spillingu og smákóngum í kerfinu, kannski full vel að margra mati. Ég hef það á tilfinningunni að þeir sem steyptu honum hafi verið búnir að missa ítök og tapa hagsmunum og hafi viljað rétta sinn hlut.“

Bogi segir að þrátt fyrir fjöldamótmæli fyrir valdaránið séu Taílendingar lítið að spá í málið. „Hjá sextíu og fimm milljóna þjóð telst það varla mikið þótt nokkur þúsund mótmæli. Taílendingar fylgjast almennt lítið með fréttum, eru ekki fréttafíklar eins og við.“

# Kókópuffskynslóðin hrósar sigri

**Fyrsta kynslóð af feitra krakka sem lék sér frekar inni í tölvuleikjum en úti í eltingarleik hefur lengum gengið undir nafninu „Kókópuffskynslóðin“. Þá er morgunkornið oft kennt við almennan slappleika, sbr. „kókópuffsvöðvar“. Þetta sýnir þau miklu menningaráhrif sem morgunkornið hefur haft á íslenskt samfélag, enda hefur það verið til sölu á Íslandi í rúma hálfa öld, eða síðan árið 1955.**



**ELDGAMALT KÓKÓPUFFS** Svona leit það út áður en gaukurinn Sonny kom til sögunnar árið 1962.



**KÓKÓPUFFSGAUKURINN SONNY MÆTTUR** Fuglinn hefur tekið ýmsum útlitsbreytingum í gegnum tíðina.



**ARI FENGER HJÁ NATHAN & OLSEN** Myndi hiklaust gefa börnunum sínum Kókópuffs ef hann ætti börn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nú er komið á markaðinn Kókópuffs með „sígilda bragðinu“, en fyrir rúmlega ári tók framleiðandinn General Mills upp á því að minnka súkkulaðibragðið. „Það þýddi ekkert að reyna að plata neytendur og það beinlínis rigndi inn kvörtunum yfir þessu nýja bragði,“ segir Ari Fenger hjá Nathan & Olsen, innflytjanda Kókópuffsins. Framleiðandinn sá því að sér og setti „gamla góða“ bragðið á markaðinn aftur með tilheyrandi auglýsingaherferð.

Ari segir Kókópuffs bara fáanlegt í Bandaríkjunum og á Íslandi. „Reglugerðir um litar- og rotvarnarefni banna það í öllum öðrum Evrópulöndum.“ Það má því gera því skóna að dagar Kókópuffs á Íslandi séu taldir ef við göngum einhvern tímann í Evrópusambandið. Ari segir að ýmis morgunkorn frá General Mills falli ekki innan íslenskra reglugerða og því séu mörg morgunkorn ófáanleg hér, Kix og Trix sem dæmi.

Saga morgunkorns frá General Mills á Íslandi er löng. Morgunkornið Wheaties kom fyrst tegunda á markaðinn hér fljótlega eftir seinni heimsstyrjöld, Cheerios-ið kom næst og Kókópuffsið árið 1955. „Það var hlutfallslega dýrara í upphafi og því kannski hálfgerður munaður, en svo sló það í gegn á 7. áratugnum,“ segir Ari. „Kókópuffs hefur merkilega lítið misst flugið með aukinni hollustuumræðu. Fólk vill alltaf gera vel við sig og þetta er bara hluti af því.“

En skyldi Ari gefa sínum börnum Kókópuffs?

„Ég á nú engin börn, en ef ég ætti þau myndi ég hiklaust gera það. Ég ólst upp við að borða þetta á hverjum degi og er bara í ágætis málum í dag.“ **gunnarh@frettabladid.is**

### KÓKÓPUFFS „STAÐREYNDIR“

Síðan Kókópuffs kom á markaðinn hafa Íslendingar sporðrennt 7.600 tonnum.

Meðalnotkun af mjólk í einni skál af Kókópuffs er 140 gr. Miðað við selt magn í fyrra myndi mjólkin sem fólk setti út á Kókópuffsið fylla Laugardalslaugina 248 sinnum.

Þvermál hverrar Kókópuffs-kúlu er u.þ.b. 1 cm. Væri selt Kókópuffs á Íslandi í fyrra lagt hlið við hlið næði það þrisvar sinnum í kringum jörðina.

Meðalfjöldi kúlna í skeið eru 18 kúlur.

Kókópuffs-fuglinn Sonny var upprunalega í bleik hvít röndóttri skyrtu en er nú farinn úr henni.




# Algjört leyndó hvað er í kúluskítsdrykknum

Hin árlega Kúluskítshátíð var haldin í fjórða skipti um síðustu helgi við Mývatn. Kúluskíturinn, hinn sérkennilegi hringlaga þörungur, vex sem kunnugt er bara á tveimur stöðum í heiminum, í Akan vatninu í Japan og í Mývatni.

„Þetta tókst ágætlega og er skemmtileg viðbót við haustið hérna hjá okkur,“ segir Yngvi Ragnar Kristjánsson, upphafsmaður hátíðarinnar. Hann var að vanda kúluskítshöfðinginn í ár. „Dagskráin hófst með því að veiðimaður kom í land með kúluskít sem ég varðveitti um helgina. Og hátíðin endaði svo með því að kúluskítnum var skilað í vatnið.“ Boðið var m.a. upp á kúluskítstengda myndlistarsamkeppni barna, kokkar Sel-hótels buðu til veislu þar sem réttir minntu á kúluskít og nýr kúluskítsdrykkur var kynntur. „Það er algjört leyndó hvað er í honum,“ segir Yngvi, „það eina sem ég gef upp er að við notum grænt kokteilber og grænan matarlit.“

Margt er framundan í Mývatnssveit. Hið árlega villibráðarhlaðborð verður haldið á Sel-hóteli í lok október og íslensku jólasveinarnir þrettán eiga nú opinberlega heima í Dimmuborgum. Öllum pósti til jólasveinsins er beint norður á Mývatn. „Stúfur og Kertasníkir eru á ferðamálaráðstefnu í Frakklandi og þeir hafa það bara gott,“ segir Yngvi. „Reyndar kvarta þeir aðeins yfir hitanum enda í ullarfötum að hætti íslenska jólasveinsins. Þegar nær dregur jólum förum við svo af stað með jólasveinaverkefnið okkar þar sem karlarnir þrettán taka á móti börnum í Dimmuborgum.“

Nýjasti viðburðurinn nyrðra er svo sérstök homma og lesbíuhelgi, sem haldin verður í mars. „Við ætlum að sníða eina helgi fyrir þennan markhóp og erum á fullu að púsla dagskránni saman,“ segir Yngvi en vill að svo stöddu ekki ljóstra frekar upp um atburði helgarinnar. **- glh**



**VALMAR VÄLJAOTS LEIDDI GÖNGUNA** Um sjötíu japanskir kúluskítsaðdáendur voru mættir. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN ÍSBERG

# ÞVOTTADAGAR




# EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

## AEG þvottavél með íslensku stjórnborði
**LAVAMAT 76820 ÍSLAND**

• Taumagn: 7 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín. • Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Þvottahæfni: A+ • Þeytivinduafköst: A • Orkuflokkur: A • 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka • 3ja ára ábyrgð

**Kr. 117.233,-**

## AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði
**LAVATHERM 57820 ÍSLAND**

• Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær • Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig • Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig • Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað • Stórt hurðarop - 33 sm

**Kr. 96.667,-**

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.

## NÚ BJÓÐUM VIÐ PARIÐ Á *KR. 175.000,-*

## Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á TILBOÐSVERÐI!




www.ormsson.is

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800
SMÁRALIND · Sími 530 2900
AKUREYRI · Sími 461 5000
KEFLAVÍK · Sími 421 1535

*... og hjá*
UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT

KVIKA

## Svona erum við

> Kjarnafjölskyldur á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: ÚRVALSVÍSITALAN

# *Einfölduð mynd af gengi fyrirtækja*

Fólk kveikir vart á útvarpi, les blöð eða horfir á sjónvarp án þess að minnst sé á Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Sú vísitala hækkar eða lækkar daglega en hvað stendur þessi vísitala fyrir og hverju er henni ætlað að áorka?

**Hvað er Úrvalsvísitalan?**
Afar gróflega má segja að Úrvalsvísitalan íslenska eigi við um þau íslensku fyrirtæki sem auðveldast og ódýrast er að eiga viðskipti með hverju sinni. Þó eru aðeins fimmtán fyrirtæki í hverju úrtaki fyrir Úrvalsvísitöluna og er það endurskoðað á sex mánaða fresti og með tilliti til markaðarins hvort breyta eigi þeim fyrirtækjum sem þar eru hverju sinni.

**Hvers vegna hækkar hún og lækkar?**
Úrvalsvísitalan hækkar og lækkar hverju sinni í takt við gengi þeirra fimmtán fyrirtækja sem vísitalan er byggð á. Þar er þó ekki litið til heildarmarkaðsvirðis heldur það sem fagmenn kalla flotgengi sem eru þau bréf í viðkomandi fyrirtækjum sem aðgengileg eru fjárfestum til kaups og sölu. Fjölmargar aðrar reglur og takmörk sem ekki verða tíunduð hér hafa einnig áhrif á mælingu hvers og eins fyrirtækis og áhrif þeirra á Úrvalsvísitöluna. Sem dæmi þurfa ekki að vera mikil viðskipti hjá íslensku bönkunum til þess að þau hafi áhrif á vísitöluna þar sem bankarnir allir eru mjög stórir aðilar á markaðnum.



**Hver er tilgangurinn?**
Úrvalsvísitalan gefur leikmönnum sem áhugafólki grófa stöðu hvern dag fyrir flest stærstu fyrirtæki landsins. Fagfjárfestar nota bæði Úrvalsvísitöluna og aðrar vísitölur eins og Hlutabréfavísitöluna til að fá yfirsýn yfir markaðinn á stuttum tíma. Úrvalsvísitalan gefur þannig upplýsingar um verðþróun en er einnig hvati því þangað komast aðeins útvalin fyrirtæki.

**ERTU FYLGJANDI EÐA ANDVÍGUR ÞVÍ AÐ ÍSLENDINGAR STUNDI HVALVEIÐAR Í ATVINNUSKYNI?**




**HEFUR ÞÚ BORÐAÐ HVALKJÖT?**




*28,3% borðuðu hvalkjöt á síðastliðnu ári.

**HEFUR ÞÚ FARIÐ Í HVALASKOÐUN?**




*72,7% þeirra sem hafa farið í hvalaskoðunarferð eru fylgjandi hvalveiðum í atvinnuskyni.

Heimild: Capacent Gallup

# Hvalveiðar skýlaus þjóðarvilji

**Skoðanakönnun sem Capacent Gallup vann fyrir Landsamband íslenskra útvegsmanna sýnir að meirihluti þjóðarinnar vill hefja hvalveiðar í atvinnuskyni að nýju. Aðeins fjögur prósent tóku eindregna afstöðu gegn slíkum veiðum. Sjávarútvegsráðherra telur sýnt að þjóðareining hafi myndast um hvalveiðar.**



**BITBEIN** Tólf tegundir hvala lifa hér við land. Helstu stofnar eru hrefna, langreyður, sandreyður og hnúfubakur. Veiðar eru áætlaðar úr þremur fyrst töldu stofnunum. Stofnar hrefnu og langreyðar eru taldir í sögulegu hámarki.

Niðurstöður könnunarinnar nú sýna að 73,1 prósent aðspurðra eru fylgjandi hvalveiðum. Andvígir eru 11,5 prósent og 15,4 prósent eru hvorki með eða á móti. Sambærileg könnun frá árinu 1997 sýnir svipað hlutfall þegar kemur að fylgni við hvalveiðar en þá voru 20,8 prósent andvíg veiðunum. Samkvæmt þessum niðurstöðum hefur andstaða við hvalveiðar Íslendinga í atvinnuskyni minnkað verulega.

**Þjóðareining**
Aðspurður um þessar niðurstöður segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra að allar efnislegar ástæður séu til staðar til að hefja veiðar og þjóðréttarlega séu heimildir skýrar. „Þessi könnun segir okkur að það er þjóðareining um að hefja atvinnuhvalveiðar. Það er mikill stuðningur við mína skoðun að það sé eðlilegt markmið okkar að hér séu stundaðar hvalveiðar í atvinnuskyni samhliða öðrum atvinnurekstri. Við höfum stundað veiðar í vísindaskyni í þrjú ár og það hefur ekki valdið þeim óróa sem margir óttuðust.“ Aðspurður um hvenær hann telji eðlilegt að hefja veiðarnar svarar Einar. „Við verðum að velja tímapunktinn vel og erum ekki komnir að neinni niðurstöðu varðandi það ennþá.“

**Að selja hvali**
Meginrök þeirra sem eru andvígir hvalveiðum í atvinnuskyni er að erfitt eða jafnvel útilokað sé að koma hvalaafurðum í verð. Mjög er horft til Japansmarkaðar en Náttúruverndarsamtök Íslands telja hann í raun lokaðan og óraunhæft að byggja hvalveiðar í atvinnuskyni á væntanlegri sölu þar í landi. Samtökin telja að japanski markaðurinn fyrir hvalkjöt sé mettur eftir að hvalveiðar Japana í vísindaskyni voru stórauknar og því líklegt að söluaðilar þar í landi leggist gegn innflutningi frá Íslandi. Ekki síst í ljósi þess að Norðmenn muni ganga á lagið en þeir hafa lengi reynt að koma hrefnukjöti inn á Japansmarkað en ætíð snúið bónleiðir til búðar.

Þessum fullyrðingum hafna hvalveiðisinnar með öllu. Jón Gunnarsson, formaður Sjávarnytja, segir þessi rök í raun óhróður. Hann telur að hægt sé að hefja sölu á hvalafurðum á Japansmarkaði strax á þessu ári ef leyfi til hvalveiða fæst á haustmánuðum. Markaðurinn sé stór og ekkert í alþjóðalögum komi í veg fyrir að hefja viðskipti.

Jón nefnir að japönsk sendinefnd, sem var hérlendis á dögunum að afla sér viðskiptasambanda, segi að hvalkjöt í Japan hafi lækkað um tuttugu prósent í verði að undanförnu vegna aukins framboðs og salan hafi strax aukist um 50 prósent. Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, segir að ef tvö þúsund krónur fáist fyrir kíló af hrefnukjöti á Japansmarkaði verði hrefnuveiðar í atvinnuskyni arðbærar. Kílóið á fiskmörkuðum í dag er fimm til átta þúsund og í smásölu rúmlega tuttugu þúsund krónur.

**Afrán hvala á Íslandsmiðum**
Fjöldi hrefna á landgrunnssvæðinu við Ísland var 43.600 dýr samkvæmt síðustu talningum Hafrannsóknastofnunar sem fram fóru í sumar. Stofninn er talinn vera nálægt sögulegu hámarki. Hvalir við Ísland eru taldir éta um sex milljónir tonna af fæðu árlega og þar er hrefnan atkvæðamest með tvær milljónir tonna af heildarmagni og eina milljón tonna af fiski. Landssamband íslenskra útvegsmanna vill leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni, fyrst og fremst til að grisja stofnanna.

> Þessi könnun segir okkur að það er þjóðareining um að hefja atvinnuhvalveiðar ...
>
> **EINAR K. GUÐFINNSSON**
> SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

Vilhjálmur Jens Árnason, aðstoðarframkvæmdastjóri LÍÚ, segir að frá sjónarhóli útvegsmanna sé stóra málið varðandi hvalveiðar í atvinnuskyni afrán hvala á nytjastofnum Íslendinga. „Við erum mikið að hugsa um hvalveiðar út frá grisjunarsjónarmiðum. Samkvæmt nýjustu rannsóknum er hrefnan meiri afræningi en talið var áður og það ýtir enn meira undir þá kröfu að veiða úr stofninum.“

Frumathuganir Hafrannsóknastofnunar með fjölstofnalíkan benda til að frekari vöxtur hvalastofna geti haft veruleg áhrif á langtíma afrakstur þorskstofnsins. Þannig er talið að tuttugu prósenta minni afrakstur verði af þorskstofninum ef hvalastofninn er sjötíu prósent af hámarksstærð. Að mati LÍÚ eru um sextíu þúsund tonn að verðmæti 8,5 milljarðar króna sé miðað við þrjú hundruð þúsund tonna þorskkvóta.

Gísli Víkingsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir hugmyndir vera um að sjálfbær hrefnustofn sé veiði upp á fjögur hundruð dýr á ári. „Þessar tillögur byggja á hugmyndum vísindanefndar Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins sem segir að hún sé ólíkleg til að færa stofninn niður fyrir sjötíu prósent af hámarksstærð.“ Aðspurður um hvað þurfi að veiða mikið af hrefnu þannig að henni fækki nægilega mikið til að hafa áhrif á veiði nytjastofna til skamms tíma litið, svarar Gísli að hér sé um langtímamarkmið að ræða. „Í þessum útreikningum vörpuðum við því fram að það tæki tuttugu ár að fækka hrefnunni niður í sjötíu prósent af hámarksstærð. Ef á að keyra stofninn niður á örfáum árum er augljóst að það þarf miklu meiri veiði.“

**Að skoða eða skjóta**
Sjónarmið ólíkra hagsmunahópa virðast í fljótu bragði ósættanleg. Hvalveiðisinnar telja það rétt þjóðarinnar og skildu að nýta hvalinn eins og hverja aðra auðlind. Nú, eftir rúmlega tveggja áratuga baráttu, sé þjóðin komin í þá aðstöðu að hefja hvalveiðar og það tækifæri skuli nýtt, skilyrðislaust. Á sama tíma telja verndunarsinnar að meiri hagsmunir tapist fyrir minni og til dæmis muni ferðamannaiðnaðurinn líða fyrir veiðarnar. Hvalveiðar sé ekki hægt að réttlæta og fyrirsjáanlegt að slíkar veiðar verði Íslendingum fjötur um fót á alþjóðavettvangi. Hvalaskoðun er vaxandi atvinnuvegur og talið að tæplega hundrað þúsund manns fari í skoðunarferðir á þessu ári. Raddir þeirra sem þessa atvinnugrein stunda hafa verið áberandi og vilja þeir meina að hún muni líða undir lok ef hvalveiðar hefjist á ný. Á sama tíma er ekki að merkja að vísindaveiðar á hrefnu síðan 2003 hafi haft áhrif á komur ferðamanna til landsins né aðsókn að hvalaskoðun, þvert á móti.

Mergur málsins er að Íslendingar eru veiðmannasamfélag sem mun aldrei sætta sig við að vera bannað að nýta auðlindir sínar. Þetta á við um hval eins og allt annað. Hvalveiðar eru prinsippmál og það verður að finna leið til að sætta sjónarmið ólíkra hópa.



FRÉTTASKÝRING
**SVAVAR HÁVARÐSSON**
svavar@frettabladid.is

**Heildarlausn fyrir snyrtinguna**
Lotus Professional

lotus PROFESSIONAL

**Á tilboði í september**



3.982 kr.
Blár enMotion snertifrír skammtari



1.865 kr.
Blár sápuskammtari Foam



1.865 kr.
Blátt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur



**Arngrímur Þorgrímsson**
Sölustjóri hjá RV

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6215A




# TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

## FRÍHAFNARDAGAR

Dagana 22.-24. september afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa þrjá daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. september 2006.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.261 **-0,60%** **Fjöldi viðskipta:** 410 **Velta:** 2.502 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FL Group** | +0,89% | **KB banki** | -1,39% |
| **Dagsbrún** | +0,47% | Mosaic | -1,11% |
| **Actavis** | +0,15% | Flaga | -0,78% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 66,50 +0,15% ... Alfesca 4,98 -0,60% ... Atlantic Petroleum 575,00 +0,00% ... Atorka 6,40 +0,00% ... Avion 32,30 -0,62% ... Bakkavör 59,00 +0,00% ... Dagsbrún 4,28 +0,47% ... FL Group 22,60 +0,89% ... Glitnir 20,30 +0,00% ... KB banki 850,00 -1,39% ... Landsbankinn 26,10 -0,76% ... Marel 78,50 -0,63% ... Mosaic Fashions 17,80 -1,11% ... Straumur-Burðarás 17,30 +0,00% ... Össur 125,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn ...*

### Ólíkir Smárar

Hlutabréf í FL Group hafa rokið upp í verði síðustu vikurnar án þess að margar fréttir hafi borist úr herbúðum félagsins. Bæði Hannes Smárason og Baugur Group keyptu bréf fyrir nokkrum dögum sem hafði klárlega áhrif til hækkunar. Þá þykir mjög líklegt að FL Group tilkynni á næstu dögum um skráningu Icelandair Group í Kauphöll Íslands eftir velheppnuð hlutafjárútboð að undanförnu. Fulljóst má vera að dulin verðmæti felist í Icelandair, enda er félagið bókfært á átta milljarða króna. Á sama tíma hrynur gengi Dagsbrúnar niður úr öllu valdi sem rekja má til erfiðleika í sumum rekstrareiningum félagsins og mikillar skuldastöðu. Fjárfestar vilja því frekar Hannes Smára en Gunnar Smára þessa dagana.

### Villingur í forstjórastól

„Danir eru að drukkna í reglugerðafargani. Kannski hafið þið haft það of gott - of lengi," segir Almar Örn Hilmarsson, forstjóri Sterling, við blaðamann karlablaðsins Euroman. Situr þessi fyrrverandi framkvæmdastjóri Iceland Express á businessclass Icelandair og fer yfir farinn veg, gerir grein fyrir útrás Íslendinga til Danmerkur og eigin lífshlaupi, þar á meðal atvinnuferli sem einkennist af vandamálapökkum. Hann bætir við: „Á Íslandi láta menn aldrei fram hjá sér fara að taka frumkvæði." Í viðtalinu kemur fram að Almar hafi ekki verið neinn kórdrengur á sínum yngri árum, segist hafa stolið bensíni frá forsetanum og fjarlægt dekkin




## MARKAÐSPUNKTAR

Sensex-hlutabréfavísitalan á Indlandi rauf 12.000 stiga múrinn í gær en vísitalan hefur ekki verið jafnhá síðan í maí síðastliðnum.

Avion Group tilkynnti í gær að tilboð félagsins í allt hlutafé kanadíska frystigeymslufyrirtækisins Atlas Cold Storage Income Trust, sem átti að renna út föstudaginn 22. september, yrði framlengt til föstudagsins 6. október 2006.

Fjárfest var í íbúðarhúsnæði fyrir ríflega 32 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er 4,8 milljörðum krónum meira en á sama tíma í fyrra. Greiningardeild Glitnis segir að aldrei hafi verið fjárfest eins mikið í íbúðarhúsnæði á einum árshelmingi og nú.


CAPACENT KYNNIR

MICHAEL E.

Prófessor Michael E. Porter, sem talinn er fremsti hugsuður heims á sviði stefnumótunar og stjórnunar, heldur tvo fyrirlestra á Íslandi þann 2. október næstkomandi.

Hótel Nordica kl. 7.30–11.00

THE COMPETITIVENESS OF ICELAND

Michael Porter er forseti World Economic Forum sem gefur út virtustu skýrslu heims um samkeppnishæfni þjóða – „Global Competitiveness Report". Dr. Porter hefur undanfarið unnið að skýrslu um samkeppnishæfni Íslands og gerir hann grein fyrir niðurstöðum sínum á ráðstefnunni. Þátttakendur fá skýrsluna í hendur og eftir fyrirlesturinn verða pallborðsumræður.

Þessi rannsókn er hvalreki fyrir alla sem áhuga hafa á einhverju eldfimasta umræðuefni síðustu missera og ára á Íslandi og á eflaust eftir að vekja mikla athygli.


Jón Sigurðsson
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra
setur ráðstefnuna


Bjarni Snæbjörn Jónsson
Framkvæmdastjóri Capacent í Danmörku
Ráðstefnustjóri

PALLBORÐSUMRÆÐUR


Baldur Pétursson
European Bank, London


Sigurjón Þ. Árnason
Landsbankinn


Dr. Gylfi Magnússon
Háskóli Íslands


Þórdís Sigurðardóttir
Dagsbrún


Hannes Smárason
FL Group

Háskólabíó kl. 14.00–15.00

WHAT IS STRATEGY?

Í nýjustu útgáfu European Foundation of Management Development (EFMD) er Dr. Michael Porter talinn vera fremstur vísindamanna í heiminum á sviði stjórnunar og stefnumótunarfræða. Þessari skoðun deila flestir sem um þessi mál fjalla. Allt frá því bók hans „Competitive Strategy" kom út árið 1980 hefur hann haft gríðarleg áhrif á stjórnun fyrirtækja og stofnana um allan heim og er enn leiðandi í allri umræðu um stefnumótun.

Í þessum fyrirlestri fjallar hann um hvað stefnumótun er – og einnig hvað hún er ekki og rekur ýmsar ranghugmyndir manna um efnið. Þetta er fyrirlestur sem enginn áhugamaður um stefnumótun og stjórnun má láta fram hjá sér fara.

Skráning er hafin á www.capacent.is

capacent
RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


# Woolworths tapar

## Baugur bíður átekta fram yfir jólaverslun.

Breska verslanakeðjan Woolworths tapaði 8,5 milljörðum króna fyrir skatta á fyrri hluta ársins. Afkoma fyrir óreglulega liði er nærri tvöfalt verri en á sama tímabili árið 2005.

Stjórnendur félagsins búast við að seinni hluti ársins verði mun skárri, enda fellur þá til jólaverslun. Þá búast þeir við að endurbætur á verslunum bæti afkomuna.

Harðnandi samkeppni við stórmarkaðina Tesco og Asda setti svip sinn á uppgjörið en þessar stóru keðjur hafa sótt fast fram í sölu á öðrum varningi en matvælum.

Baugur Group á um tíu prósenta hlut í Woolworths og er sagður hafa áhuga á að skipta félaginu upp. Talið er ólíklegt að Baugur láti til skarar skríða fyrr en eftir lok jólaverslunar. **- eþa**

# Óbreyttir vextir í Bandaríkjunum

Bandaríski seðlabankinn hefur ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum í 5,25 prósentum. Þetta er annar mánuðurinn í röð sem bankinn heldur stýrivöxtum óbreyttum og telja greiningaraðilar líkur á að hækkanaferlið sé á enda.

Einn af ellefu meðlimum vaxtaákvörðunarnefndar bankans var hins vegar fylgjandi 25 punkta hækkun vaxta.

Í rökstuðningi bankastjórnarinnar fyrir ákvörðuninni segir að þrátt fyrir að hægt hafi á hagvexti í landinu verði enn fylgst náið með verðbólguþróun. Hagvöxtur í Bandaríkjunum á öðrum ársfjórðungi nam 2,9 prósentum en það er um tvöfalt minni hagvöxtur en á fyrstu þremur mánuðum ársins. Á sama tíma mældist verðbólga vestra 2,8 prósent í ágúst en hún hækkaði um 0,2 prósent á milli mánaða. Það er þó 0,8 prósentustigum yfir verðbólgumarkmiðum bandaríska seðlabankans.


**BEN BERNANKE SEÐLABANKASTJÓRI**

Greiningaraðilar segja hafa hægst um of á hagvexti í landinu og geti það haft áhrif á hagvöxt á heimsvísu. Bankastjórnin vísar því hins vegar á bug og telur og að hagvöxtur muni haldast á þessu stigi á næstu mánuðum. **- jab**



**VIÐ BENSÍNSTÖÐ** Fyrrverandi formaður OPEC spáir því að hráolíuverð geti farið allt niður í 40 dali á tunnu haldist friður hjá stærstu olíuútflutningsríkjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Spáir lækkun á hráolíuverði

Adnan Shihab Eldin, fyrrverandi formaður samtaka olíuútflutningsríkja (OPEC), segir heimsmarkaðsverð á hráolíu geta farið allt niður í 40 bandaríkjadali á tunnu um mitt næsta ár. Formaðurinn fyrrverandi sagði í samtali við frönsku fréttastofuna AFP í gær að vissulega væri erfitt að spá fyrir um verð á hráolíu á næsta ári, en setti þann fyrirvara á að verðið muni einungis lækka ef friður helst hjá helstu útflutningsríkjum.
Hráolíuverð fór í 78,40 dali á tunnu um miðjan júlí en hefur lækkað mikið síðan og fór niður fyrir 60 dali til skamms tíma á miðvikudag. Þetta er lægsta verð sem sést hefur í rúmt hálft ár. - jab

# Auki vægi erlendra skuldabréfa

**Sérfræðingur telur að hlutfall þeirra ætti að vera 10-15% af eignum lífeyrissjóða.**

Stefán B. Gunnlaugsson, sérfræðingur hjá Íslenskum verðbréfum og aðstoðarprófessor við Háskólann á Akureyri, segir að alþjóðleg skuldabréf ættu að vega meira í heildareignum lífeyrissjóðanna. Hlutfallið er rúmt þrjú prósent af heildareignum lífeyrissjóðanna en hann telur æskilegt að það fari í tíu til fimmtán prósent.
„Ástæðan er kannski ekkert óeðlileg því að raunávöxtun erlendra skuldabréfa hefur verið léleg ef menn eyða ekki út gengisáhættu. Ávöxtunin hefur verið innan við tvö prósent,“ segir Stefán, en hann var meðal frummælenda á ráðstefnu sem Íslensk verðbréf og Standard Life Investment stóðu að fyrir fagfjárfesta á Akureyri. Ef gengisáhættu væri sleppt hefðu erlend skuldabréf skilað 5,5-6 prósenta raunávöxtun að meðaltali sem er viðunandi. Því gæti verið mikill ávinningur að fjárfesta í erlendum skuldabréfum að mati Stefáns.



**STEFÁN B. GUNNLAUGSSON**
FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

Raunávöxtun af innlendum skuldabréfum hefur verið mjög góð síðustu tíu til fimmtán árin en horfur eru á því að hún fari lækkandi. Stefán býst við því að ef fagfjárfestar sjái fram á lækkandi ávöxtun þá hljóti menn að horfa á erlend skuldabréf í auknum mæli, þá einkum bandarísk, evrópsk og japönsk.
Stefán bendir ennfremur á að kaup á erlendum skuldabréfum dreifi áhættu í eignasafni lífeyrissjóðanna. - eþa


PORTER
Á ÍSLANDI



The Thinkers 50
er listi yfir fimmtíu helstu viðskiptahugsuði heims og Michael Porter er þar í fyrsta sæti.
1. Michael PORTER
2. Bill GATES
3. CK PRAHALAD
4. Tom PETERS
5. Jack WELCH
Meira á www.thinkers50.com

HÁSKÓLI ÍSLANDS 365 FL GROUP Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið Landsbankinn


# Metfjárfesting í íbúðarhúsnæði

**Íslendingar hafa aldrei fjárfest meira í íbúðarhúsnæði. Greining Glitnis spáir samdrætti næstu tvö ár.**

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði nam rúmum 32 milljörðum króna á fyrri helmingi árs, samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Er það tæplega fjórtán prósenta aukning frá sama tímabili í fyrra og hefur fjárfesting í íbúðarhúsnæði aldrei verið meiri.
Samfelldur vöxtur hefur verið í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði frá árinu 1997. Þannig var fjárfestingin á fyrri hluta þessa árs rúmlega helmingi meiri en á sama tímabili árið 1997. Fram kemur á vef greiningar Glitnis að ástæður þessa mikla vaxtar liggi í auknum kaupmætti fólksins í landinu; laun hafi hækkað hratt á tímabilinu, vextir lækkað og aðgangur að lánsfé batnað. Þá sé eignaverð hagstæðara en áður.
Greining Glitnis spáir að fjárfesting í íbúðarhúsnæði dragist saman um 4,5 prósent á næsta ári og um 5,8 prósent árið 2008. Verðlækkun þurfi til að færa saman framboð og eftirspurn á næstu misserum. Fram kemur að mikið framboð sé af nýju íbúðarhúsnæði, auk þess sem velta á íbúðamarkaði hafi snarminnkað undanfarið. -jsk



**NÝBYGGINGAR** Mikið framboð nýbygginga er einn þeirra þátta sem veldur því að fjárfesting í íbúðarhúsnæði mun dragast saman næstu tvö ár, að mati greiningar Glitnis.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þríhliða samningur um suðurhluta Síldarsmugunnar:

## Tímamót í landgrunnsmálum

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Fyrr á þessu ári voru liðin rétt þrjátíu ár frá því Íslendingar öðluðust fullan rétt yfir 200 mílna efnahagslögsögunni hér við land, en þá lauk síðasta þorskastríðinu við Breta eftir útfærsluna árið 1975. Það var mikill áfangi í baráttu okkar fyrir yfirráðum yfir auðlindum hafsins umhverfis landið, og á þeim tíma vorum við frumherjar í hafréttarmálum, - ruddum brautina fyrir aðrar strandþjóðir í þeim efnum. Þar komu einkum við sögu hafréttarfræðingar okkar, framsýnir stjórnmálamenn, hafrannsóknamenn að ógleymdum landhelgisgæslumönnum, sem börðust við stórveldi á miðunum, - og höfðu vinninginn.

Útvíkkun landhelginnar allt frá 1952, þegar flóar og firðir voru friðaðir, byggðist á landgrunnslögunum frá 1948, sem reynst hafa góður grundvöllur í baráttu Íslendinga á sviði hafréttarmála.

Þótt nú séu meira en þrjátíu ár frá hinum merku tímamótum í landhelgissögu okkar, erum við enn að vinna sigra á þessum vettvangi, og öðlast meiri réttindi á hafinu umhverfis landið.

Samningur sá sem Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra undirritaði fyrir Íslands hönd í New York í vikunni, er eitt dæmið um það. Hann er talinn marka tímamót í landgrunnsmálum á Norðaustur-Atlantshafi. Þarna er um að ræða skiptingu landgrunnsins utan 200 sjómílna milli Íslands, Færeyja, meginlands Noregs og Jan Mayen, í suðurhluta Síldarsmugunnar svokölluðu. Þar með aukast landgrunnsréttindi okkar um tæplega þrjátíu þúsund ferkílómetra í beinu framhaldi af efnahagslögsögunni norðaustur af landinu. Aðeins minna svæði kemur í hlut Færeyinga, en rösklega 55 þúsund ferkílómetra svæði í hlut Norðmanna.

Þetta var niðurstaðan varðandi nokkra samningafundi landanna sem hlut eiga að máli fyrr á þessu ári. Ósagt skal látið hvort við hefðum getað fengið eitthvað meira í okkar hlut af þessu hafsvæði með frekari samningaviðræðum, en það er kannski ekki aðalatriðið, heldur að þetta getur haft mikið fordæmisgildi fyrir okkur varðandi frekari vinninga á hafsvæðum utan efnahagslögsögu Íslands. Þar ber fyrst og fremst að nefna Reykjaneshrygg og Hatton – Rockall svæðið, sem er svo tengt nafni Eyjólfs K. Jónssonar fyrrum alþingismanns, að ekki verður minnst á það svæði án þess að nefna hann um leið. Hann var óþreytandi við að halda fram rétti okkar Íslendinga á því svæði, þótt sumum fyndist á sínum tíma að þar væri jafnvel helst til langt seilst. Nú er hins vegar fyrir löngu ljóst að við eigum þar mikla möguleika að margra mati, og samningurinn sem undirritaður var í New York í vikunni, er einmitt talinn geta hjálpað okkur á þeirri leið. Það eru margar þjóðir sem líta hýru auga til þessa svæðis, en framtíðin ein getur skorið úr um hvað verður um það.

Þótt nú hafi tekist samkomulag milli þeirra sem eiga hagsmuna að gæta í suðurhluta Síldarsmugunnar, á málið eftir að fara til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna, sem á að gera tillögur um ytri mörk landgrunnsins. Líklegt er talið að landgrunnið og réttindi yfir því fái aukna þýðingu í framtíðinni, því með meiri og breyttri tækni kunna að finnast þar óþekktar auðlindir.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Borgin hreinsuð

Borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson tekur lífinu ekki of alvarlega og á það til að slá á létta strengi. Er það ekki eingöngu gert í þröngum hópi vina. Fljótlega eftir að hann tók við formennsku í umhverfisráði boðaði hann til fyrsta fundar. Dagfarsprúðir borgar- og varaborgarfulltrúar mættu og sáu að á dagskrá var liðurinn „Vargfuglar á tjörninni“. Í huga Gísla Marteins var þetta einfalt mál. Fyrst var borgin hreinsuð af rottum, svo af R-listanum og nú væri komið að máfunum. Ekki var öllum fundarmönnum skemmt yfir þessum ummælum.



### Eðlileg viðskipti

Björgólfur Thor Björgólfsson var gagnrýndur af Magnúsi Kristinssyni í Morgunblaðsgrein um síðustu helgi. Voru viðskipti Björgólfs með hlutabréf í Kaldbaki, sem voru síðar seld Burðarási, gerð tortryggileg. Í þeim hagnaðist félag Björgólfs um sex hundruð milljónir króna, en hann var stjórnarformaður Burðaráss á þessum tíma. Hins vegar er bent á að allt var þetta fyrir opnum tjöldum og tilkynnt til Kauphallarinnar. Aðspurður sá forstjóri Kauphallarinnar ekkert athugavert við þessi viðskipti og Fjármálaeftirlitið sá ekki ástæðu til að taka málið til frekari skoðunar. Sögðu hlutaðeigendur að allir hefðu haft sömu upplýsingar við höndina.



### Varnarlaus Albert

Árás Össurar Skarphéðinssonar á Albert Jónsson, sem hefur staðið í stafni í varnarviðræðum við Bandaríkin, fer fyrir brjóstið á mörgum sjálfstæðismönnum. Segja þeir að Össur viti að Albert geti ekki varið hendur sínar, en hann sagði Albert dekurdreng Davíðs Oddssonar sem engum samningum hefði lokið fyrir íslensk stjórnvöld. Þetta lýsi vankunnáttu á framlagi Alberts til samningaviðræðna við erlend ríki. Hann sé einn sá hæfasti til starfans, hafi gætt mikilvægra hagsmuna og samið á réttum tímapunktum. Nær væri fyrir Össur að ráðast á þá sem bæru pólitíska ábyrgð og gætu svarað fyrir sig.

bjorgvin@frettabladid.is

## Menning og markaðshyggja



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Erindi Páls Skúlasonar

*Friður er þroskanum nauðsynlegur, en frjáls viðskipti eru friðvænlegri en valdbeiting.*

Páll Skúlason, fyrrverandi háskólarektor, flutti erindi um menningu og markaðshyggju á 120 ára afmæli Sigurðar Nordals 14. september. Hann sagði, að Nordal hefði talið mest um vert, að fólk kæmist til þroska og fengi að njóta sín. Frjáls markaður væri nauðsynlegur, en mætti ekki hefta slíkan þroska. Ekki væri rétt að gera úr honum markaðshyggju fremur en þjóðernishyggju úr þjóðerni. Páll hafði eftir Nordal, að andleysi og fégirnd bæru þroskaleysi vitni, og bætti við frá eigin brjósti, að hvort tveggja þrifist á markaðnum. Páll nefndi enn fremur í erindi sínu landið og miðin, sem ættu að vera sameign þjóðarinnar, ekki einkaeign misvitrra manna. Hann kvað einnig stofnanir eins og Ríkisútvarpið og Þjóðminjasafnið þurfa að vera óhultar fyrir markaðnum.

Ég hef ýmislegt við erindi Páls að athuga. Í fyrsta lagi er markaðshyggja varla til. Fáir sem engir trúa því, að allt eigi að ganga kaupum og sölum. Menn hafa vitanlega tilfinningar og fórna sér stundum fyrir aðra. Adam Smith og aðrir frjálshyggjumenn töldu hins vegar, að í viðskiptum við ókunnugt fólk væri matarástin vænlegri til árangurs en náungakærleikurinn. Við getum ekki látið stjórnast af náungakærleika, nema þegar um náunga okkar er að ræða. Hvort tveggja á við, en hvort á sínu sviði.

Í öðru lagi er það þroskaleysi, sem kalla má andleysi, ekkert sérkenni markaðarins. Í erindi sínu hafði Páll raunar eftir Sigurði Nordal, að eitt skýrasta dæmið um andleysi væri, þegar samtímamenn hans kváðu bestu minningar sínar vera úr stríðinu 1914-1918. Tilkomumeira var að sögn Nordals að þroskast af sjálfsdáðum en sakna samkenndar skotgrafanna. En frjálshyggjumenn telja einmitt, að tilhneiging fólks til að skjóta á aðra minnki, ef það sér í þeim væntanlega viðskiptavini. Friður er þroskanum nauðsynlegur, en frjáls viðskipti eru friðvænlegri en valdbeiting. Hvort skyldi vera betra að fá eitthvað frá öðrum með verði eða sverði?

Enginn er heldur hrifinn af fégirnd. En hvort skyldi stoða betur gegn fégirndinni að prédika gegn henni eins og Páll Skúlason og þúsund aðrir spekingar eða veita henni í farveg, þar sem hún verður gagnleg öðrum? Kosturinn við frjálsa samkeppni á markaði er, að hún virkjar fégirndina í almannaþágu. Fégjarn maður verður ekki ríkur, nema hann bjóði fram betri vöru eða þjónustu en aðrir.

Í þriðja lagi sýnir öll reynsla tuttugustu aldar, að miklu betur er farið með auðlindir eins og jarðir og fiskistofna, ef einhver á þær og gætir þeirra. Aristóteles benti raunar á þetta í gagnrýni sinni á Platón. Ein meginrökin fyrir einkaeignarrétti koma líka fram í íslenska spakmælinu: Garður er granna sættir. Í keppninni um knöpp gæði tilverunnar er friðvænlegast að leyfa fólki að eiga þau og skiptast á þeim. Þá lenda þau að lokum í höndum þeirra, sem meta þau mest (greiða hæst verð fyrir þau), ekki hinna, sem tala fjálglegast um þau.

Í fjórða lagi telja frjálshyggjumenn, að þroskamöguleikar í skilningi Sigurðar Nordals séu mestir við frelsi. Ríkið hafi oftar heft þroska manna en stuðlað að honum. Frjálshyggjumenn tortryggja ríkisvaldið. Þeir telja óeðlilegt, þegar einhver hópur hrifsar það til sín og notar til að neyða smekk sínum upp á aðra (eða til að láta aðra kosta eigin smekk). Páll Skúlason nefndi Ríkisútvarpið (sem tók upp erindi hans og flutti í morgunútvarpi daginn eftir). Hvers vegna erum við öll skylduð til að greiða áskrift að Ríkisútvarpinu, en megum velja um áskrift að Stöð tvö og Skjá einum? Og hvort skyldi Ríkisútvarpið frekar vera rekið í þágu starfsmannanna eða almennings?

Öðru máli gegnir um Þjóðminjasafnið og jafnvel Þjóðarbókhlöðuna. Þessar stofnanir eru til þess að varðveita menningararf okkar. Eðlilegt er, að ríkið geri það og friði ýmis menningarverðmæti, svo sem sjaldgæfar dýrategundir, sérkennilega staði og sögulegar minjar. Þar er ég sammála Páli. En dæmi hans á ekki við um Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveitina og Háskólann. Eiga þeir, sem njóta þjónustu þessara fyrirtækja, ekki að greiða fyrir hana sjálfir í stað þess að taka af sjálfsaflafé annarra? Frjálshyggjumenn afþakka forsjá spekinga, af því að þeir vilja eins og Sigurður Nordal, að fólk fái að njóta sín.

## Vatnajökull; eldrisi undir stjórn Landsvirkjunar?

**Umræða** | Grein Ástu Þorleifsdóttur er birt í fullri lengd undir Skoðunum á Visir.is.



ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR

Í Fréttablaðinu sunnudaginn 27. ágúst birtist ágæt umfjöllun um bráðnun um Vatnajökuls og áhrif á Kárahnjúkavirkjun. Þar er haft eftir Sveinbirni Björnssyni, sérfræðingi hjá Landsvirkjun, að síðasta flóð í Jökulsá á Brú, sem sé líkleg afleiðing af eldgosi undir jöklinum, liggi undir öskulagi frá árinu 1158. Þessi ummæli eru áhugaverð því að eins langt og ritaðar heimildir ná hafa að meðaltali tvisvar á öld komið gríðarleg hlaup í Jökulsá á Brú, með miklum aur- og klakaburði. Orsök þessara stórflóða er ekki kunn en þó er líklegast að þau stafi af eldvirkni undir Vatnajökli. Öllum má vera ljóst að Kárahnjúkavirkjun stafar veruleg hætta af slíkum hlaupum þó að lítið sé gert úr afleiðingum þeirra í nýju áhættumati Landsvirkjunar. Það er ótrúleg óskhyggja af sérfræðingum Landsvirkjunar að álykta að aðeins stórhlaup í ánni á þjóðveldisöld hafi tengst eldvirkni en þau sem síðar hafa orðið séu vegna framskriða í Brúarjökli og því hættulaus. Með þessu hafa sérfræðingarnir að engu lýsingar heimamanna á atburðum í annálum, bréfum og frásögnum.

Þegar reisa á mannvirki fyrir hundruð milljóna króna þarf áhættumat að taka tillit til allra þátta. Í áhættumati er eldvirkni sleppt enda ekki um bein áhrif að ræða heldur afleiðingar eldvirkni í fjarlægri eldstöð. Hugsanlegt er að hlaupin í Jöklu eigi sér aðrar orsakir en það breytir ekki því að afleiðingarnar kunna að vera alvarlegar með jakaburði, vatnavöxtum og aurburði. Mælingar sem notaðar eru til grundvallar á væntanlegum líftíma lónsins eru meðaltal svifaursmælinga frá árinu 1965. Grófa efnið, sandur og möl hafði þá fyrir löngu sest til og er ekki með í útreikningum en nákvæmlega þetta efni mun setjast til á lónsbotninum við stífluna. Starfstími Kárahnjúkavirkjunar kann því að verða mun styttri en gert er ráð fyrir í áætlunum og arðsemi hennar enn minni er ráð er fyrir gert.

*Höfundur er jarðfræðingur og leiðsögumaður.*


EKKERT BRUÐL
Tilboðin frá Bónus
Sjáðu verðið!
Ferskar bringur
40% afsláttur við kassann
FERSKAR BRINGUR
kílóverð nú:
1539 KR.
Merkt verð 2565KR.
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
LAMBAFILLE
...fyrir góðan dag!
20% afsláttur við kassann
Frosið KS lambafille
með puru/haustslátrun 2006
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
Bragð sem allir elska!
...fyrir góðan dag!
2 lítrar
98 KR.
Sprite
25% afsláttur við kassann
30% afsláttur við kassann
KJARNAFÆÐI
Villibráðarkryddað
LÚXUS LAMBALÆRI
Ferskt nýslátrað læri
FERSKT LÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:
975 KR.
Merkt verð 1299KR.
VILLI LAMBALÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:
1299 KR.
Merkt verð 1855KR.
www.bonus.is
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!
EKKERT BRUÐL
BÓNUS
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Við hugsum

9V ENERGY ALKALINE
AA ENERGY ALKALINE

9V ALKALINE
99 KR.
ENERGY

4x AA ALKALINE
99 KR.
ENERGY

TRIPLE ACTION
159 KR.
100 ml

Ferskir bitar

FERSKIR VÆNGIR
kílóverð nú:
192 KR.
Merkt verð 320KR.

40% afsláttur
við kassann

FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR OG

HVÍTLAUKSBRAUÐ/KRYDDBRAUÐ
98 KR.
350g

EUROSHOPPER hvítlauksbrauð/
kryddsmjörsbrauð 2x 175g

SALTAÐIR HÁLSA-
BITAR KÍLÓVERÐ NÚ:
359 KR.
Merkt verð 399KR.

## Lambasaltkjöt hálsabitar

Þorskurinn

FROSINN ÞORSKUR
99 KR.
400g

Fínt að eiga í frystinum!

FROSINN UFSI
99 KR.
400g

Ufsinn

INDVERSKU SÓSURNAR Í RÉTT

Indversk sósa
159 KR.
Þyngd: 475g

Mild sætsúr sósa með grænmeti * Millikrydduð karrýsósa með tómötum
"Heit" karrýsósa með ostakúmeni og hvítlauk * Rjóma karrýsósa með j

Vertu kátur

LIFRARPYLSA OG BLÓÐMÖR

Frábært úr frystinum

BLÓÐMÖR
kílóverð nú:
347 KR.
MERKT VERÐ 579KR.

LIFRARPYLSA
kílóverð nú:
359 KR.
MERKT VERÐ 598KR.

40% afsláttur
við kassann

-það er komið slátur!

Hrossasaltkjöt úrb.
kílóverð nú:
408 KR.
Merkt verð 679KR.

40% afsláttur
við kassann

## Hrossasaltkjöt úrbeinað

Rús

RÚS

## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Veitingastaðurinn** Galileo er kominn með nýjan matseðil þar sem nýir eigendur hafa tekið við rekstrinum. Á Galileo má velja um fjölda ítalskra rétta sem yfirmatreiðslumaðurinn Antonio Neri frá Sikiley töfrar fram.

**Ítalía** er nýtt vörumerki í Hagkaupi og alls konar pestó, ólífumauk og tómatmauk má nú finna með þessu nafni í verslununum. Amerískir dagar standa nú yfir í verslunum Hagkaups.



**Krónan** er með ýmis tilboð á matvöru og má þar nefna fjörutíu prósenta afslátt af Móa kjúklingum.

**Nóatún** býður Goða álegg á þrjátíu prósenta afslætti.

**Sprengidagar** eru hjá Bílaþingi Heklu um þessar mundir. Lækkað verð á völdum bílum, opið frá 9-19 á Klettháls 11.

**Barnaskemmtistaðurinn** Veröldin okkar veitir 50 prósenta afslátt á tilboðsdögum sem standa yfir í Smáralind fyrir e-korthafa og e2 vildarkorthafa.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 22. september, 265. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.10 | 13.20 | 19.29 |
| Akureyri | 6.54 | 13.05 | 19.15 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




„Bróðir minn var búinn að koma þrisvar sinnum í röð í mat og alltaf fékk hann sama réttinn. Ég tók reyndar ekkert eftir því fyrr en hann minntist á það við mig og þá sá ég að það var kannski orðið tímabært að ég færi að lesa matreiðslubækur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fékk leið á skyndibita

***Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir á uppskrift að girnilegri og matarmikilli pitsu.***

„Ég „stal“ þessari pitsu með leyfi frá Þresti Frey Gylfasyni stjórnmálafræðingi en útfærði hana á minn hátt,“ segir Bryndís Ísfold um ákaflega girnilega pitsu sem hún hefur nýlokið við að baka.

„Aðalatriðið með þessa pitsu er að setja sem mestan mat á hana en þó þarf að gæta þess að maturinn leggist rétt yfir botninn,“ segir Bryndís kankvís.

Bryndís segist hafa verið afleitur kokkur þar til kom að fæðingaorlofi, en þá fékk hún fyrst tíma til að hugsa um eldamennsku og lesa matreiðslubækur. „Bróðir minn var búinn að koma þrisvar sinnum í röð í mat og alltaf fékk hann sama réttinn. Ég tók reyndar ekkert eftir því fyrr en hann minntist á það við mig og þá sá ég að það var kannski orðið tímabært að ég færi að lesa matreiðslubækur. Afraksturinn af þessum lestri verður alltaf betri og betri og pitsan góða er í raun hluti af þessu átaki mínu. Síðan átakið hófst hefur verið grillað í annað hvert mál, það eru miklar pælingar í gangi í sambandi við krydd og mikið lagt upp úr allri eldamennsku. Áður vorum við maðurinn minn mikið til bara í skyndibitafæði og öðru fljótlegu svo þetta er mikill munur frá því sem áður var enda vorum við komin með ógeð á skyndibita. Ég hafði einhvern veginn líka talið sjálfri mér trú um að það væru bara listamenn sem kynnu að elda, eða einhver sérstaklega útvalinn hópur fólks, en svo komst ég að því að þetta er ekki meira mál en svo að maður þarf bara að lesa nokkrar matreiðslubækur og gefa sér tíma. Ótrúlegasta fólk getur búið til almennilegan mat ef það gefur sér tíma til eldamennskunnar,“ segir Bryndís Ífold, pitsugerðarkona, krati og mannréttindasinni.

Uppskrift Bryndísar má finna á síðu 2.

*margret.hugrun@frettabladid.is*

## Nýtt og hollt álegg

NAUTAVÖÐVINN ER NÝTT ÁLEGG FRÁ SS.

Nýtt álegg er komið á markað frá Sláturfélagi Suðurlands. Það nefnist nautavöðvi og tilheyrir flokki léttra áleggstegunda enda inniheldur hann minna en 2 prósenta fitu en er samt safaríkur. Nautavöðvinn er hollur og hentar við ýmis tækifæri, sem álegg á brauð, í pítuna, á pitsuna, sem forréttur eða bara einn og sér. Hann inniheldur ekki MSG frekar en aðrar áleggstegundir Sláturfélags Suðurlands og er sérvalinn og meðhöndlaður af fagmönnum fyrirtækisins.



Nautavöðvinn inniheldur minna en 2 prósenta fitu en er samt safaríkur.




Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Faglegt ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN

Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Grænmetisborðin** í verslunum landsins bjóða sífellt upp á meira úrval. Ekki vera hrædd við að kaupa framandi ávöxt eða grænmeti. Hægt er að fá leiðbeiningar um matreiðslu hjá starfsfólkinu.



*Þriggja rétta matseðill*

| | *Verð fyrir einrétta* | *Verð fyrir tvírétta* |
|---|---|---|
| ***Okkar rómaða humarsúpa*** | *990* | |
| ***Steiktur skötuselur*** *með hvítvínssósu* | *3.390* | *4.390* |
| ***Kjúklingabringa*** *„a la Italiana“* | *2.950* | *3.890* |
| ***Lambafillet*** *með sherrybættri sveppasósu* | *3.390* | *4.390* |
| ***Nautalundir*** *með Chateubriandsósu* | *3.700* | *4.690* |
| ***Súkkulaðifrauð*** | *790* | |

*Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“*

***Veitingahúsið Madonna*** */ Rauðarárstíg 27-29*
***Borðapantanir í síma 562 1988 · Madonna síðan 1987 · www.madonna.is***




# Sætar og góðar kartöflur

Íslendingar hafa lengi verið mikil kartöfluþjóð og ólíkt mörgum öðrum þjóðum finnst okkur kartöflur ómissandi meðlæti með nánast öllu. Sætar kartöflur hafa hins vegar ekki verið eins algengar á borðum Íslendinga og margra annarra þjóða en þær geta verið algjört sælgæti ef þær eru matreiddar á réttan hátt.

Sætar kartöflur eru upphaflega frá Mið-Ameríku og bárust þaðan til Kyrrahafseyja og Austur-Afríku. Kristófer Kólumbus er síðan talinn hafa flutt sætar kartöflur með sér til Evrópu frá Haítí árið 1493 og þaðan bárust þær til Austur-Asíu.

Evrópubúar voru mjög hrifnir af sætu kartöflunum til að byrja með og náðu þær mikilli útbreiðslu en svo var eins og þær vikju fyrir hefðbundnum kartöflum og það var ekki fyrr en fyrir nokkrum áratugum að þær urðu vinsælar aftur í Evrópu. Bandaríkjamenn hafa hins vegar alltaf verið mjög hrifnir af sætum kartöflum og nota þær mjög mikið, meðal annars með kalkúninum á þakkargjörðarhátíðinni.

Í sætum kartöflum er tölvert af C- og E-vítamín, járni og öðrum steinefnum og eru þær taldar lækka kólestról í blóði.


Sætar kartöflur má matreiða á ýmsan hátt. NORDICPHOTOS/GETY IMAGES

**OFNBAKAÐAR SÆTAR KARTÖFLUR**

**3-4 frekar stórar sætar kartöflur**
**sjávarsalt**

Kartöflurnar eru skornar í meðalstóra báta. Dreift á plötu með bökunarpappír og hitað við 200°C í 30-40 mínútur eða þangað til hýðið er orðið nokkuð hart og kartöflurnar hafa dökknað aðeins. Saltað eftir smekk.

**OFNBAKAÐ BLANDAÐ GRÆNMETI**

**1 rauð paprika**
**1 græn paprika**
**2 gulrætur**
**2 stórar sætar kartöflur**
**1/2 kg kartöflur**
**3 msk vatn**
**3 msk ólífuolía með basil**
**1-2 lárviðarlauf**
**sjávarsalt**
**nýmalaður pipar**

Grænmetið er skorið í stóra bita og blandað saman og sett í eldfast mót. Vatn, olía, mulin lárviðarlauf, salt og pipar sett saman við. Bakað í ofni við 200°C í 30-40 mínútur.


Ofnbakaðar sætar kartöflur með salti eru mjög gott meðlæti með öllu mögulegu.

**SÆT KARTÖFLUSTAPPA**

**3 bollar soðnar og stappaðar sætar kartöflur**
**1/2 bolli sykur**
**1/2 tsk salt**
**2 egg**
**3 msk smjör**
**1/2 bolli mjólk**
**vanilludropar**

Blandað saman, sett í eldfast mót.

**1 bolli púðursykur**
**1/2 bolli hveiti**
**2 1/2 msk smjör**

Blandað saman, brætt og sett ofan á. Bakað í ofni við 200°C í 30 mínútur.

*emilia@frettabladid.is*


Stappaðar sætar kartöflur eiga vel við ýmsa kjötrétti.

## uppskrift Bryndísar }

### Skinku- og spínatpitsa kratans

Botn:
250 gr hveiti eða fínmalað spelt
1 tsk salt
1 pakki þurrger
120 ml volgt vatn

Þurrefnin sett í skál og hrært saman og svo er vatninu bætt hægt út í og hrært um leið. Tekið upp úr og hnoðað rækilega, látið deigið hefa sig í 30 mín. og fletjið svo út og rúllið upp á endana.

Á pitsuna:

1 stk. Hunts pitsusósa í dós
1 pakki Ali-skinka
1 kassi af kirsuberjatómötum (þessum litlu og bragðgóðu)
1 poki íslenskt spínat
4 sveppir
1 poki af rifnum mozzarellaosti
Philadelphia rjómaostur

Sósunni dembt á pitsuna. Mjög mikilvægt er að setja sósu út í alla enda. Því næst



er skinkan skorin niður í strimla og svo er henni raðað ofan á líkt og verið sé að parketleggja. Spínatinu er skellt ofan á og því hærra sem fjallið er, því betra. Niðurskornum tómötum og sveppum skellt á með jöfnu millibili og svo er rifnum mozzarella osti dreift yfir en að síðustu er philadelphia-rjómaosti dreift á í smá slettum eftir smag og behag.

Pitsan er bökuð á 180°C í 15 mínútur.

# Nýtt og hollt álegg

***Nautavöðvinn er nýtt álegg frá SS.***

Nýtt álegg er komið á markað frá Sláturfélagi Suðurlands. Það nefnist nautavöðvi og tilheyrir flokki léttra áleggstegunda enda inniheldur hann minna en 2% fitu en er samt safaríkur. Nautavöðvinn er hollur og hentar við ýmis tækifæri, sem álegg á brauð, í pítuna, á pitsuna, sem forréttur eða bara einn og sér. Hann inniheldur ekki MSG frekar en aðrar áleggstegundir Sláturfélags Suðurlands og er sérvalinn og meðhöndlaður af fagmönnum fyrirtækisins.


Nautavöðvinn inniheldur minna en 2% fitu en er samt safaríkur.



**Til hnífs og skeiðar**

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Bygg-rísottó með graskeri

Heilsuvöruverslanir hér á landi, með öllum sínum pökkum og flöskum, finnst mér oft hafa yfirbragð lyfjaverslana og skorta það krassandi aðdráttarafl sem mann dreymir um og margar hollustumatvörubúðir erlendis hafa. Þó leynist ýmislegt gott í mörgum af þeim pokum og pökkum sem hér fást. Íslenska bankabyggið, til dæmis, er alveg frábært. Það er uppistaðan í rétti dagsins.

**3 dl bankabygg**
**9 dl vatn**
**1 lítið grasker ( eða butternut kúrbítur)**
**2 rauðir laukar**
**4 hvítlauksgeirar**
**2 msk sólblómaolía**
**salt og pipar**
**sletta af tabasco**
**250 ml kókósmjólk**
**1 stilkur sítrónugras**
**1 msk soyasósa**
**hnefafylli af ferskum kóríander**
**1 rauður chili (ef vill)**

1. Sjóðið bankabyggið eftir leiðbeiningunum í um 40 mínútur og sigtið þá allt vatn sem eftir er í pottinum vel frá.
2. Á meðan byggið sýður, fræhreinsið og afhýðið graskerið og skerið það í um þumlungsstóra bita og skerið laukinn í fleyga. Setjið grænmetið í eldfast fat ásamt olíunni og hvítlauksgeirunum. Saltið og piprið og skvettið tabasco-sósu út á eftir smekk. Bakið í 220 gráðu heitum ofni í 20-25 mínútur , eða þangað til bitarnir eru eldaðir í gegn og teknir að brúnast.
3. Setjið kókósmjólkina og soyasósuna á pönnu og hitið upp ásamt sítrónugrasinu, sem hefur verið marið aðeins með hnífsblaði og svo sett heilt út í. Látið malla í nokkra stund. Setjið þá soðið bankabyggið út í, slökkvið á hitanum undir pönnunni og látið byggið drekka mólkina í sig í um 5 mínútur. Hrærið í nokkrum sinnum á meðan.
4. Berið bygg-rísottóið fram með bökuðu graskeri og lauk og sáldrið ferskum kóríander og niðurskornu fræhreinsuðu chili yfir eftir smekk.



Íslenska byggið er undirstaðan í þessum girnilega rétti.

# Breytt útlit og innihald

*1944 réttirnir eru komnir í nýjar umbúðir.*

Nú hafa umbúðir 1944 réttanna breytt bæði um útlit og form. Eins og neytendur vita eflaust eru 1944 réttirnir lystugur heimilismatur á borð við hangikjöt, kjötbollur, fiskbollur og kálböggla. Þeir hafa þegar skapað sér fastan sess á markaðnum. Hluti réttanna er nú kominn í stærri og veglegri þriggja hólfa bakka í stað eins til tveggja hólfa áður. Skammtar hafa líka stækkað og bætt hefur verið við meðlæti.



Fiskbollurnar eru ein þeirra tegunda sem nú fást í þriggja hólfa bökkum.

## Hvað er?

### drottningarhunang



Þernur býflugnabúa fóðra drottninguna á mjólkurhvítu efni, það er blómasafa, úr munnvatnskirtlum sínum. Blómsafinn veldur því að drottningin verður stærri, frjósamari og langlífari en ófrjóu þernurnar. Býflugnabændur taka blómasafann eða drottningarhunangið úr býkúpum, hreinsa og vinna frekar þar til það er fullunnið. Náttúrulæknar halda því fram að drottningarhunang hafi svipuð áhrif á fólk og á býflugnadrottninguna, það lengi lífið, auki frjósemi og líkamsstærð. Sjá www.lyfja.is.









# Mexíkósk matarveisla að hætti hússins

*Veitingastaðir Red Chili, að Laugavegi 176 og Pósthússtræti 13, bjóða upp á einstakt úrval af mexikóskum réttum sem ættu að hleypa smá kryddi í tilveruna. Auk þess er veisluþjónusta rekin undir sama nafni sem sér smærri jafnt sem stærri hópum fyrir veglegum matarveislum.*



Drykkjaúrvalið er með einsdæmum gott á Red Chili.

Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á veitingastöðum Red Chili, hvort sem þeir eru í leit að góðum, mexíkóskum mat eða steikum, hamborgurum, salötum og pasta.

Stemningin er ávallt góð og móttökurnar höfðinlegar, hvort sem menn mæta einir síns liðs eða í hópum. Maturinn er þó aðalatriðið en hann er rómaður fyrir að vera unninn úr gæðahráefni og eldaður af einstakri alúð.

Matreiðslumeistarar Red Chili voru ekki lengi að galdra fram mexíkóska matarveislu fyrir lesendur þegar leitað var til þeirra, enda umhugað að hleypa smá kryddi í tilveruna. Hér eru fjórar uppskriftir sem ættu að rífa upp stemninguna. *roald@frettabladid.is*



Einstaklega ljúffengt mini kjúklingaburritos og fyllt kartöfluskinn.



Nautaspjót Tex Mex fyrir nautnaseggi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**NAUTASPJÓT TEX MEX**
**Nautalundir**
**Soyasósa**
**Hvítlaukur, smátt saxaður**
**Sweet chili sósa**
**Salsasósa**

**Aðferð:**
**Skerið nautlundir í strimla. Setjið þær út í soyasósu, hvítlauk og sweetchili sósu. Látið marinerast í 1 klst. Setjið þvínæst á grillspjót og grillið þar til kjötið er tilbúið. Gott er að bera nautalundir fram með salsasósu í skál.**

**MINI KJÚKLINGABURRITOS**
**6" tortillur**
**Hrisgrjón**
**Ostasósa**
**Salsasósa**
**Paprika**
**Rauðlaukur**
**Kjúklingabringur**
**Mozzarellaostur**

**Aðferð:**
**Sjóðið hrísgrjón þar til þau eru klár. Skerið papriku og lauk í þunna strimla og steikið á pönnu með örlítilli olíu. Bætið salsasósu og ostasósu þvínæst út í. Látið suðuna koma upp. Blandið grjónum út í og hrærið vel. Steikið kjúklingabringur þar til að þær eru fulleldaðar. Skerið þær svo í þunna strimla og bætið út í fyllingu ásamt mozzarellaost. Pakkið öllu inn í tortillur. Setjið örlitla ostasósu og rifinn ost ofan á tortillur. Bakið í ofni í 15 min við 170 C.**

**FYLLT KARTÖFLUSKINN**
**Bökunarkartöflur**
**Ostasósa**
**Beikon**
**Jalapeno**
**Mozzarella-ostur**

**Aðferð:**
**Bakið kartöflur og látið þær síðan kólna. Skerið kartöflur í tvennt og skafið innan úr þeim. Djúpsteikið kartöflur í olíu og kryddið með salti og pipar. Skerið bacon í strimla og steikið. Fyllið kartöfluskinn með ostasósu, baconi og jalapeno. Stráið mozzarella-ost loks yfir. Bakið í 15 mín við 180 C.**

**KJÚKLINGASPJÓT MEÐ ENGIFER**
**Kjúklingalundir**
**Ferskt engifer**
**Steinselja**
**Hunang**
**Sinnep**
**Hvítlaukur**
**Matarolía**

**Aðferð:**
**Blandið engifer, steinselju, hunangi, sinnepi og hvítlauk saman í matvinnsluvél. Olíunni er síðan hrært hægt saman við. Blandið þessu saman við kjúklinglundir og látið marinerast í 4 klst. Setjið kjúklingurinn þvínæst á grillspjót og grillið þar til hann er tilbúinn.**



Kjúklingaspjót með engifer sem kitla bragðlaukana.






# *Suðrænt og seiðandi*

*Á veitingastaðnum Culiacan í Faxafeni 9 fæst mexíkóskur matur í fremsta gæðaflokki.*

Culiacan hefur verið rekinn í þrjú ár við miklar vinsældir, en staðurinn hefur dregið að sér ört stækkandi kúnnahóp sem sækja í ljúffegan mat gerðan úr vönduðu hráefni.

Mikil áhersla er lögð á notkun hráefnis í hæsta gæðaflokki. Salsa og guacamole er útbúið daglega úr ferskum kryddjurtum og grænmeti og nýjar kjúklingabringur marineraðar í sólarhring áður en þær eru grillaðar. Ekki skemmir fyrir að maturinn er á einstaklega góðu verði.

Hér eru uppskriftir að þremur bragðgóðum réttum hjá Culiacan, en smekksatriði eru hversu mikið skal nota af hveru hráefni.

*roald@frettabladid.is*



Supernachos fyrir sælkera.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TACOS PARTÝPLATTI:**
**6" tortillur**
**Grillaðar kjúklingabringur (marineraðar)**
**Fajitas (paprika og laukur gróft skorið) svissað á pönnu**
**Sterk sósa**
**Kornsalsa**
**Iceberg kál**
**Ostur**
**Sýrður rjómi**

**Aðferð:**
**Útbúið kjúkling, salsa og meðlæti. Hitið tortillur á þurri pönnu eða í ofni í nokkra stund. Raðið öllu meðlæti á ostinn síðast. Raðið á platta og skreytið með nachos flögum. Gott er að hafa auka sósur með svo fólk geti bætt á eftir smekk.**



Supernachos fyrir sælkera.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SUPER NACHOS:**
**Nachos flögur (ekki kryddaðar bara m.salti)**
**Maukaðar pinto baunir („refried beans")**
**Steikt og kryddað nautahakk**
**Ostasósa**
**Ferst salsa („pico de gallo")**
**Sýrður rjómi**



Kjúklingasalat, hollt og gott.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SANTAFE SALAT:**
**Saxað iceberg salat**
**Salatdressing (blandið t.d. ranchdressingu og salsa saman)**
**Rifinn ostur**
**Ferskt salsa („pico de gallo")**
**Grillaðar og saxaðar kjúklingabringur**
**Sýrður rjómi**
**Guacamole**
**Nachos flögur muldar yfir**

**FERSKT SALSA:**
**4 tómatar skornir í teninga**
**1 laukur skorinn í teninga**
**100-200g ferskt kóriander ferskt, fínsaxað**
**2msk limesafi**
**Salt og pipar eftir smekk**
**Blandið öllu saman**

**GUACAMOLE:**
**2 avocado (verða að vera mjúkir) stappaðir**
**½ laukur skorinn í teninga**
**50-100g fínsaxað kóriander**
**1-2msk limesafi**
**Salt og pipar eftir smekk**
**Blandið öllu saman**



Matseðillinn er krítaður á stórar töflur á veggjum staðarins Vín og skel.

# *Ilmríkur skelfiskur í emaléruðum pottum*

***Sætuilmur af bláskel og fínum hörpufiski berst að vitum þegar komið er inn í veitingahúsið Vín og skel, baka til að Laugavegi 55.***

Skelfiskur og annað eðalhráefni úr hafdjúpunum er uppistaðan í öllum réttum veitingahússins Vín og skel sem er notalegur staður í bakhúsi við Laugaveg og er því bæði í alfaraleið og afsíðis. Svartir dúkar og litrík emaléruð ílát setja svip á stofurnar tvær sem gestum standa til boða og matseðillinn er krítaður á stóra töflu uppi á vegg. Kristján Nói Sæmundsson er framreiðslumaður í Vín og skel og hann matreiddi tvo rétti sem lesendur Fréttablaðsins geta spreytt sig á að elda eftir uppskriftum hans.



Hörpuskel „Caponata“.

**FORRÉTTUR**

## Hörpuskel „Caponata“

**fyrir 4**

**12 stk. hörpufiskur stór**
**eggaldin**
**1/2 Zuccini**
**1/2 eggaldin**
**4 msk tómatmauk**
**4 hvítlauksgeirar**
**2 tsk. capers**
**1 rauðlaukur**
**1/2 rauð paprika**
**Balsamicedik niðursoðið**
**Gott er að bæta við ferskum kryddjurtum eins og t.d timian, rosmarin, myntu og cummin.**



Angandi forrétturinn kominn á diskinn og bláskelin bíður í pottinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

*Grænmetið er grófskorið og eldað við vægan hita í ólífuolíu í nokkrar mínútur þar til grænmetið er orðið mjúkt og safaríkt. Haldið volgu/heitu.*

*Hörpuskelin er grilluð í tvær til þrjár mínútur á hvorri hlið og krydduð með salti og pipar. Sett á miðjan diskinn og hörpuskelin í kring ...*
*Borið fram með brauði.*



Gufusoðinn kræklingur, öðru nafni bláskel.

**AÐALRÉTTUR**

## Gufusoðinn kræklingur

**fyrir 4**

**2 kg kræklingur**
**2 tsk. hvítlaukur**
**1/2 laukur**
**1/2 dl tómatsafi**
**2 dl hvítvín**
**Salt**



Emeleraðir pottar passa vel utan um skelina.

*Laukurinn er svitaður í ólífuolíu í djúpum potti, þar til hann verður mjúkur. Hvítlauk bætt út í. Aðeins látið krauma. Kræklingur settur út í pottinn. Smá salt. Hvítvíninu bætt við og að lokum tómatsafanum.*
*Látið krauma í fjórar til fimm mínútur.*
*Borðið fram með brauði, frönskum kartöflum og hvítlaukssósu.*
*Mjög gott er að nota sama hvítvín í eldunina og það sem verður svo drukkið með. Alger sæla.*

Madonna Ristorante

**Þriggja rétta matseðill**

| | Verð fyrir einrétta | Verð fyrir tvírétta |
|---|---|---|
| *Okkar rómaða humarsúpa* | 990 | |
| ~ | | |
| *Steiktur skötuselur* með hvítvínssósu | 3.390 | 4.390 |
| ~ | | |
| *Kjúklingabringa* „a la Italiana“ | 2.950 | 3.890 |
| ~ | | |
| *Lambafillet* með sherrybættri sveppasósu | 3.390 | 4.390 |
| ~ | | |
| *Nautalundir* með Chateubriandsósu | 3.700 | 4.690 |
| ~ | | |
| *Súkkulaðifrauð* | 790 | |

*Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“*

***Veitingahúsið Madonna** / Rauðarárstíg 27-29*

*Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is*

ÍVAR GUÐMUNDSSON
9-12 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?
Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**65%** **Fjarðarkaup** er með mesta afsláttinn á einstakri vörutegund þessa helgina, en rauðar kartöflur í tveggja kílóa pokum lækka um 65%, úr 298 krónum í 99 krónur.


Ný prjónabók

Lopi 26
Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími: 552 1890
www.handknit.is

Kæliviftur
30% afsláttur af kæliviftum
meðan birgðir endast

Efnalaugin Björg
Efnalaugin Björg, Álfabakka 12 s. 557 2400

GLEÐISALA
-25% af Öllum vörum!!
Frá mánudegi 18. september

Fyrstir koma...
GLUGG-INN
Fákafeni 11 Rvk. s.8611004 Bæjarhrauni 12 Hf. s.8614177


**BÓNUS** – Tilboðin gilda til 24. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ferskar kjúklingabringur | 1.539 | 2.052 | 1.539 | 25 |
| Ferskt lambalæri af nýslátruðu | 975 | 1.299 | 975 | 25 |
| Indverskar kryddsósur 475 g | 159 | 199 | 330 | 20 |
| Djöflaterta 784 g | 499 | 599 | 640 | 15 |
| Myllu samlokubrauð fínt 770 g | 98 | 179 | 130 | 45 |
| K.F. saltaðar lambahálsasneiðar | 359 | 499 | 359 | 30 |
| K.F. úrbeinað saltað hrossakjöt | 409 | 611 | 409 | 35 |
| Rúsínur 250 g | 49 | 59 | 196 | 15 |
| Kjarnasulta blönduð 400 g | 129 | 199 | 320 | 35 |
| Kjarna rifsberjahlaup 400 g | 129 | 199 | 320 | 35 |
| Euroshopper þorskur/ufsi 400 g | 98 | 199 | 245 | 50 |
| Dynamik alkaline rafhlöður | 98 | 199 | 98 | 50 |

**FJARÐARKAUP** – Tilboðin gilda til 23. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri af nýslátruðu | 898 | 1.198 | 898 | 25 |
| Lambahryggur af nýslátruðu | 1.098 | 1.398 | 1.098 | 20 |
| Lambasúpukjöt af nýslátruðu | 498 | 698 | 498 | 30 |
| Lambalifur af nýslátruðu | 198 | 298 | 198 | 35 |
| Lambanýru af nýslátruðu | 248 | 368 | 248 | 35 |
| Lambahjörtu af nýslátruðu | 98 | 238 | 98 | 60 |
| Rauðar kartöflur 2 kg | 99 | 298 | 50 | 65 |
| Íslenskar gulrófur | 159 | 198 | 159 | 20 |
| Íslenskar gulrætur | 269 | 375 | 269 | 30 |
| Íslenskt hvítkál | 129 | 169 | 129 | 25 |

**KASKO** – Tilboðin gilda til 24. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Gourmet lambahryggur af nýslátruðu | 1.376 | 1.834 | 1.376 | 25 |
| Gourmet lambalæri af nýslátruðu | 1.270 | 1.693 | 1.270 | 25 |
| Lambafilet m/fitu af nýslátruðu | 2.443 | 3.490 | 2.443 | 30 |
| Saltkjöt blandað | 494 | 866 | 494 | 45 |
| Saltkjöt ódýrt | 179 | 358 | 179 | 50 |
| Fersk lambahjörtu | 195 | 389 | 195 | 50 |
| Fersk lambalifur | 165 | 329 | 165 | 50 |
| Hótel lifrarkæfa | 115 | 229 | 115 | 50 |
| SS ítölsk ofnsteik | 1.231 | 1.759 | 1.231 | 30 |
| Goða pylsur | 230 | 460 | 230 | 50 |

**KRÓNAN** – Tilboðin gilda til 24. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Gourmet ofnsteik m/dönskum blæ | 1.139 | 1.648 | 1.139 | 30 |
| Móa kjúklingur ferskur | 449 | 749 | 449 | 40 |
| Goða saltkjöt | 339 | 424 | 339 | 20 |
| Goða malakoff | 570 | 1.139 | 570 | 50 |
| Goða skinka 216 g | 249 | 359 | 1.153 | 30 |
| Goða kindabjúgu | 347 | 693 | 347 | 50 |
| Goða nauta-lambahakk | 789 | 1.059 | 789 | 25 |
| Myllu fjölkornasamlokubrauð 770 g | 169 | 228 | 219 | 25 |
| Ferskjur | 199 | 298 | 199 | 35 |
| T2 peru/sítrónu 0.5 l | 79 | 99 | 158 | 20 |

**Nettó** – Tilboðin gilda til 24. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Mexíkó Wrap Tortilla 25 cm | 98 | 179 | 98 | 45 |
| Mexíkó Taco Shells 173 g | 119 | 199 | 119 | 40 |
| Mexíkó Taco Sauce Med 230 g | 83 | 139 | 83 | 40 |
| Mexíkó Taco Sauce Hot 230 g | 83 | 139 | 83 | 40 |
| Mexíkó Chunky Salsa Hot 300 g | 98 | 179 | 98 | 45 |
| Mexíkó Chunky Salsa Med 300 g | 98 | 179 | 98 | 45 |
| Hakkaðir tómatar m/hvítl. 400 g í dós | 39 | 79 | 39 | 50 |
| Nýrnabaunir 420 g í dós | 65 | 129 | 65 | 50 |
| Chili baunir 400 g í dós | 65 | 129 | 65 | 50 |
| Heilir tómatar 400 g í dós | 34 | 69 | 34 | 50 |

**NÓATÚN** – Tilboðin gilda til 24. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lamba súpukjöt 1. fl. | 398 | 599 | 398 | 35 |
| Lambalæri af nýslátruðu | 998 | 1.598 | 998 | 40 |
| Grísahnakki úrbeinaðar sneiðar | 998 | 1.598 | 998 | 40 |
| Lambalæri kryddað DeLuxe | 1.498 | 1.798 | 1.498 | 15 |
| Lamba sirloinsneiðar | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Karfasteik m/chili | 898 | 1.398 | 898 | 35 |
| Eðalf. túnfisk/rækju salat 200 g | 159 | 269 | 795 | 40 |
| Goða hangiálegg bunkar | 1.999 | 2.988 | 1.999 | 35 |
| Goða pítupakki | 759 | 949 | 759 | 20 |
| HM lífrænt hveiti orginal/óbleikt 907 g | 299 | 369 | 330 | 20 |


Húsgagna Rýmingarsala
Krókhálsi 10
sími: 557-9510
virka daga frá kl. 9-18
laugardag frá kl.10-16
Komdu og gerðu góð kaup
Fjöllbreytt úrval af nýrri og útlitsgölluðum vörum
Rafmagnrúm – Rúmgaflar – Sófar – Borð – Eldhúsinnréttingar – Speglar – Nuddstólar

Þín verslun

| Vörutegund: | Tilboðs-verð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| 1/1 ferskur kjúklingur | 468 | 669 | 468 | 30 |
| Úrb. bringur án skinns | 1.686 | 2409 | 1.686 | 30 |
| Kjúklingalæri/leggir magnbakki | 484 | 692 | 484 | 30 |
| UN hamborgarar 4 st með brauði | 459 | 576 | 115 | 20 |
| Londonlamb úr framparti | 1.239 | 1.551 | 1.239 | 20 |
| Kindakæfa 200 g | 225 | 282 | 1.125 | 20 |
| Toro aspassúpa 54 g | 119 | 129 | 2.203 | 10 |
| Toro blómkálssúpa 65 g | 149 | 185 | 2.292 | 20 |
| Toro blómkál/brokkolisúpa 66 g | 129 | 139 | 1.955 | 10 |
| Toro blómkál/ brokk með osti súpa 82 g | 139 | 157 | 1.695 | 10 |
| Toro skógarsveppasúpa 67 g | 149 | 162 | 2.224 | 10 |
| Toro sveppa/brokkolisúpa 55 g | 139 | 163 | 2.527 | 15 |
| Gevalia rauður 500 g | 379 | 459 | 758 | 15 |
| Capri Sonne orange 10 stk. | 319 | 437 | 32 | 25 |
| Capri Sonne apple 10 stk. | 319 | 437 | 32 | 25 |
| CT pizza 13cm pepperoni 340 g | 399 | 499 | 1.174 | 20 |
| Frissi fríski 3 pack 250 ml | 129 | 159 | 172 | 20 |

**Tilboðin gilda til 27. september**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

| Vörutegund: | Tilboðs-verð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kentucky bitar hjúpaðir og eldaðir | 787 | 1.050 | 787 | 25 |
| Western lundir ferskar | 1.607 | 2.295 | 1.607 | 30 |
| BBQ bitakjúklingur ferskur | 557 | 795 | 557 | 30 |
| Kalkúnn 1/1 frosinn | 669 | 929 kg | 669 | 30 |
| Hamborgarar 175 g úr kjötborði | 199 | 245 | 199 | 20 |
| Nautalundir úr kjötborði | 2.998 | 3.998 | 2.998 | 25 |
| Amerísk sandkaka með súkkulaði | 699 | nýtt | 699 | |
| Ben & Jerrys ís 7.teg. | 419 | 699 | 419 | 40 |

**Tilboðin gilda til 24. september**

# Koparreynir og rósakvistur

***Fjölmargar tegundir af runnum og kvistum eru nú á einstöku hausttilboði í gróðrarstöðinni Birkihlíð við Dalveg 23 í Kópavogi.***

Heggur, blátoppur, sólberjarunni, koparreynir og fjallarós eru meðal þeirra tegunda sem nú eru seldar á sérlega góðu verði í Birkihlíð. Afslátturinn nemur yfirleitt 40-60% af upphaflegu verði. Nefna má líka loðvíði og rósakvist. Vinsælar plöntur í sumarbústaðalönd svo sem lerki, reynir og aspir eru einnig á tilboði og kostar stykkið frá 250-750. Er þá verið að tala um allt að eins metra há tré. Að sögn Hallbjargar Þórarinsdóttur, starfsstúlku í Birkihlíð, er haustið afar heppilegur tími til að setja niður runna og tré. „Þá eru plönturnar tilbúnar að vakna upp á nýjum stað um leið og vorar,“ bendir hún á og hljómar sannfærandi.



Kvistir taka á sig fallega liti þegar haustar.


PARKET & GÓLF • ÁRMÚLA 23

ÚTSALA!

20-60% AFSLÁTTUR



PARKET OG HURÐIR Í MIKLU ÚRVALI

PARKET FRÁ KR. 999.- fm.

HÁGÆÐA FRAMLEIÐENDUR FRÁ ÞÝSKALANDI, FINNLANDI, HOLLANDI, DANMÖRKU OG BANDARÍKJUNUM

PARKET & GÓLF

PARKET & GÓLF
ÁRMÚLI 23
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 568 1888
FAX: 568 1866
WWW.PARKETGOLF.IS
PARKET@PARKETGOLF.IS

ÁRATUGA ÞEKKING, ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF



LAGERÚTSALA Holtavegi 8

Vegna lagerbreytinga bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

Aðeins þriðjudag 19. sept. til sunnudags 24. sept. Virka daga frá kl. 13-18, helgina frá kl. 11-16

Í bústaðinn !
Crown heilsudýna með botni í hvítu eða brúnu leðurlook og Square Alu löppum.
Verðdæmi 160x200 cm
kr. 79.900,-



Stillanleg rúm!
Aeroflex stillanleg rúm með Tempur heilsudýnu á verði sem ekki hefur sést áður.





www.design.is © 2006

Apple náttborð
Eik, Vengi og ljóst beyki
Verð frá 19.900
Allt að 40% afsláttur.

30-70% Afsláttur

Bak við Ikea Holtagörðum!!




Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**BRAIN POLICE MEÐ NÝJA PLÖTU• „Mátulega slísí og töff” [14]**


# SIRKUS

22. SEPTEMBER 2006


**DD UNIT UM MADONNU**
**„Gular tennur ekki the new black“ [14]**



# Það er ekkert GO fyrr en...




**Björgvin Halldórsson um töffaraskapinn – frægðina og frasana**



RAGNHILDUR STEINUNN
## Slær í gegn í Hollywood



DOKTORINN AÐ HVERFA
## Dr. Gunni léttist um 25 kíló



MAGNA FAGNAÐ
## Fékk koss frá utanríkisráðherra




Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 24 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími: 568 1800
Fax: 568 2668

gleraugad@simnet.is
www.gleraugad.is

## Kæru lesendur


BRAIN POLICE MEÐ NÝJA PLÖTU• „Mátulega slísí og töff" [14]
SIRKUS
DD UNIT UM MADONNU „Gular tennur ekki the new black" [14]
Það er ekkert GO fyrr en...
GO
Björgvin Halldórsson um töffaraskapinn – frægðina og frasana
RAGNHILDUR STEINUNN Slær í gegn í Hollywood
DOKTORINN AÐ HVERFA Dr. Gunni léttist um 25 kíló
MAGNA FAGNAÐ Fékk koss frá utanríkisráðherra
Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 24 mánuði
(visa/euro) Engin útborgun
Gleraugað

Þetta er fimmta tölublað nýja Sirkussins. Ég hef fengið rosalega fín viðbrögð með hin fjögur og vona að þið fílið þetta líka. Ég fór að hugsa eftir síðasta blað hvort þetta væri ekki bara komið. Hvort ég væri ekki búinn að ná þeim „standard" sem ég vil ná og hvort fólk í samfélaginu væri ekki almennt mjög ánægt með mig. En eins og allir vita þá er ekkert GO fyrr en BO segir GO. Ég ákvað því að setja mig í samband við meistarann og eins og allir sjá þá er búið að gefa GO á þetta.
-Sirkusinn

## 3 HLUTIR SEM SIRKUS VISSI EKKI FYRR EN NÚ



**Síða 8** - Björgvin Halldórsson hefur verið rödd Stöðvar tvö í tíu ár.



**Síða 12** - Whitney Houston og Bobby Brown eru hætt saman.



**Síða 14** - Brain Police er að fara í tveggja vikna túr um Þýskaland.

### TÓNSPEKÚLANTINN DOKTOR GUNNI HEFUR MISST 25 KÍLÓ

# Doktorinn að hverfa

„...ÉG ER MEIRA FYRIR SPINNING OG HLAUPA Á FJÖLL."




**Doktor Gunni í dag** Léttur, leikandi og 25 kílóum léttari.

Eftir áralanga baráttu við aukakílóin hefur Gunnar L. Hjálmarsson loksins haft betur. Tugir kílóa hafa fengið að fjúka og segist Gunnar, eða doktor Gunni eins og hann er kallaður, sér aldrei hafa liðið betur. Eini gallinn sé sá að Hawaii-skyrturnar hans frægu eru nú allt of stórar.

Jú, ég á einar tuttugu Hawaii-skyrtur sem eru einna líkastar tjöldum núna," segir doktorinn hlæjandi en með breyttum lífsstíl sagði Gunnar aukakílóunum stríð á hendur.

„Ef þú vilt minnka þig verður þú barasta að éta minna og hreyfa þig meira. Það er svo einfalt," segir Gunnar ákveðinn og leggur áherslu á að hreyfingin verði líka að vera skemmtileg. Hann sé ekki hlaupabrettamaður.

„Nei, ég er meira fyrir spinning og að hlaupa á fjöll. Það verður hver að finna eitthvað við sitt hæfi," segir Gunnar sem starfar nú á Fréttablaðinu. Hann lítur björtum augum á lífið enda 25 kílóum léttari en grætur Hawaii-skyrturnar sem hafa verið kennimerki hans um árabil.

„Ætli ég fari bara ekki með þær til klæðskera og láti sníða aðeins af þeim," segir Gunnar hlæjandi. „Maður fær þá kannski nokkra litríka vasaklúta í kaupbæti."




**Doktor Gunni** Fyrir tveimur árum í Hawaii-skyrtu og 25 kílóum þyngri.

## Sigmundur Ernir mælir með

### Tónlist



„Ég hallast að því að nefna River-plötuna hans Bruce Springsteen sem uppáhaldsplötuna mína en hún bergmálaði í ennisholunum í marga mánuði eftir að hún kom út. Ég er annars forfallinn Doors-aðdáandi með snert af Santana-heilkennum, auk þess að vera ástfangin af Patti Smith og Leonard Cohen. Sem sagt ... ég er ekkert í því að kaupa mér nýlegar plötur; tónlistarsmekkur minn staðnaði fyrir um tuttugu árum. Það hefur ekkert komið í staðinn fyrir tuttugu ára gamalt rokk nema ef vera kynni U2."

### Bækur



„Heimsljós Laxness kemur einna fyrst upp í hugann; hún er mesti stílgaldur íslenskra skáldsagna að mínu mati. Þar fyrir utan er ég forfallinn ljóðalesari og halla mér oftast að Stefáni Herði, Hannesi Péturs og Snorra Hjartar en annars er ég alæta á ljóð. Af erlendum bókum nefni ég einkum tvær; Grænn varstu dalur eftir Llewellyn og Veröld sem var eftir Zweig. Það er Kundera mér afar kær, til dæmis eru Tjöldin, nýjasta ritgerðasafn hans, frábær samantekt um bókmenntaheiguðr mannshugans."

### Kvikmyndir






„Polanski er minn maður þegar kemur að ræmunni; ég nefni nýlega mynd hans um Píanóleikarann sem er dæmalaust meistaraverk. Seinni heimsstyrjöldin er reyndar uppspretta margra meistaraverka og má þar einnig nefna Saving Private Ryan eftir Spielberg og Lista Schindlers sama höfundar. Svo er Almodóvar ofboðslega sprækur og endingargóður, nánast konungur myndmálsins."


Sérverslun með sjávarfang





FYLGIFISKAR

Opið alla virka daga frá kl. 11.30 til 18.30

Opið á laugardögum að Suðurlandsbraut 10 frá kl. 11.00 til 14.00

Verið velkomin

FYLGIFISKAR

Suðurlandsbraut 10 • sími 533 1300 • Skólavörðustígur 8 • fylgifiskar.is



# SIRKUS

**Útgáfufélag:** 365 prentmiðlar

**Útgefandi:** Helgi Hermannsson

**Ritstjórn:** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is, Símon Örn Birgisson, simon@minisirkus.is

**Auglýsingar:** Gréta Karen Grétarsdóttir, 5505865 greta@minnsirkus.is, Hannes Finnsson, 5505833 hannes@frettabladid.is

**Sirkusblaðið**
**Skaftahlíð 24**
**105 Rvk,**
**Sími 550 5000**



**Forsíðumyndina tók Hörður Sveinsson af Björgvini Halldórssyni**


## Minnsirkuskönnun vikunnar



## Á Logi Bergmann að vera með skegg?

| | |
|---|---|
| Já, rosalega flottur: | 36,92% |
| Nei, lítur út eins og fífl: | 38,46% |
| Er hann kominn með skegg? | 24,62% |

Taktu þátt í Sirkusspurningunni á www.minnsirkus.is/sirkus



# SUND ER LÍKAMSRÆKT

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA

Virka daga frá kl. **6:30 - 22:30**
Helgar kl. **8:00 - 22:00**
afgreiðslutími er mismunandi eftir sundstöðum, sjá nánar á www.itr.is

Stakt gjald fullorðnir **280 kr.**
10 miða kort fullorðnir **2.000 kr.**
Stakt gjald börn **120 kr.**
10 miða kort barna **800 kr.**

Sund er æðislegt

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík

## Ég var að heyra...



Að hesta- og sjónvarpskonan **Brynja Þorgeirsdóttir** hefði sést með nýja kærastanum í sundi um síðustu helgi. Var hún í svörtu bikiníi og stórglæsileg líkt og venjulega. Kærastinn er víst danskur, og alveg fjallmyndarlegur / Að rapparinn **Dóri DNA** sé sá allra harðasti í bænum. Karlmaður vopnaður hnífi og hundi réðst inn í stúdíó X-ins um síðustu helgi og leitaði Dóra. Sagði rapparann hafa gert grín að sér í útvarpinu og vildi hafa uppi á honum. Annars er það að frétta af Dóra að hann er byrjaður að skrifa um djammið á pose.is / Að sagan segir að **Kristó** úr Lights on the highway hafi dottið út úr Rockstar á pissuprófi. Sel það ekki dýrara. / Að **Jenni** í Brainpolice gerði lítið annað en að drekka Jack Daniels þessa dagana. /Að **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** hefði spurt listnemann fátæka **Símon Birgisson** hvort hann hefði fundið tölvuna sína á dögunum. Henni var nefnilega stolið. Og hafði formaðurinn miklar áhyggjur af þessu. /





## ÞETTA SÖGÐU ÞAU Í VIKUNNI...



„Kæri Jón, þú ræður þessu á endanum. Það vita allir. Taktu slaginn með okkur."
**Róbert Marshall í opnu bréfi til Jóns Ásgeirs**



„Á köflum dettur þetta saman. Já, það er magnað hvað raddir þeirra eru líkar."
**Þorvaldur Bjarni um samanburð á Eyþóri Arnalds og David Bowie**



„Þetta var löngu fyrirfram planað fagn. Að hlaupa fyrir framan Júmbó skiltið."
**Páll Einarsson leikmaður Fylkis um „Júmbó-fagnið" gegn Blikum á fotbolti.net**



### HOLLYWOOD SÝNIR ÍSLENSKRI FJÖLMIÐLASTJÖRNU ÁHUGA

# Ragnhildur Steinunn meikar það í Hollywood

Fjölmiðlastjarnan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir gerði garðinn frægan í Hollywood þegar hún fór fyrir Kastljós að fjalla um glæsta sigra rokkhetjunnar Magna Ásgeirssonar. Framleiðendur og þáttastjórnendur voru hrifnir af fegurðardrottningunni íslensku sem tókst jafnvel að skyggja á Magna sjálfan.

„Ég var nú bara að vinna þarna úti fyrir Kastljósið," segir Ragnhildur Steinunn hógvær og gerir lítið úr frægðarsólinni sem bankar nú að dyrum. Segir einfaldlega: „Ef ég hef staðið upp úr í L.A. var það kannski vegna þess að ég var eina manneskjan ekki var með nafnspjald eða ferilskrá á flugi."

Í ferðinni fékk Ragnhildur Steinunn Hollywood beint í æð.
„Rock Star-þátturinn var tekinn upp í CBS-stúdíói og þar sér maður stóru nöfnin í bransanum, eins og Mark Burnette, framleiðanda Survivor, vappandi á göngunum. Og maður spjallar auðvitað við fólk sem maður hittir." Samkvæmt heimildum Sirkuss liggur Ragnhildur Steinunn nú yfir tilboðum um hlutverk, bæði í bíómyndum og sjónvarpsþáttaröðum. Enda Ísland komið á kortið og á Magni ekki síst heiðurinn fyrir að ryðja brautina í borg englanna.

„Magni er rosalega vel liðinn þarna. Þegar við sögðumst vera frá íslenskri sjónvarpsstöð var okkur tekið opnum örmum," segir Ragnhildur sem heillar nú þjóðina á ný með sínu fallegu brosi í Kastljósinu eftir tveggja mánaða frí vegna leiks í kvikmyndinni Astrópíu.







### VILLI VILL OG ANNA LILJA

## Ekki hætt saman

Fyrir skömmu bárust fréttir af sambandsslitum stjörnulögfræðingsins Vilhjálms Vilhjálmssonar og Önnu Lilju Johansen. Bæði Séð og heyrt og DV sögðu frá þessum stórtíðindum en Anna Lilja var áður gift Þorsteini í Coke. Samkvæmt heimildum Sirkuss er þetta ekki rétt. Villi neitaði að tjá sig um sambandsslitin af „prinsipp" ástæðum og játaði hvorki né neitaði þegar hann var spurður út í málið. Villi vill nefnilega ekki tjá sig um sitt einkalíf og drógu blaðamenn þá ályktun af svörum lögfræðingsins að parið væri hætt saman. Hann hefur engu að síður sést ítrekað fyrir utan húsið sem Anna Lilja býr í á Sóleyjargötunni, en hún leigir íbúðina af sjálfri Ingibjörgu Pálmadóttur.

## Aftur gamla góða Cocoa puffsið




Fyrir nokkrum mánuðum var byrjað að framleiða Cocoa puffs samkvæmt nýrri uppskrift. Aðdáendur morgunkornsins um allan heim urðu snælduvitlausir. Framleiðandinn, General Mills, brást hins vegar skjótt við og viðurkenndi mistök sín.
Nú er því komið á markað gamla góða Cocoa puffsið sem ætti að gleðja marga. Þetta ætti að gleðja Íslendinga sem hafa borðað 7.600 tonn af morgunkorninu síðustu fimmtíu árin. Meðalnotkun af mjólk í eina skál af Cocoa puffsi er 140 gr. Miðað við selt magn árið 2005 mundi mjólkin, sem einungis var notuð í Cocoa puffs í fyrra, fylla Laugardalslaugina 248 sinnum. Þetta vissuði ekki!


Skyr
Njóttu lífsins með
heilbrigðum lífsstíl
KEA-skyr er frábær hollustuvara sem einungis er unnin úr náttúrulegum hráefnum. KEA-skyr er einstaklega næringarríkt, það inniheldur hágæða prótein og er fitulaust.
KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.
FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

# bláa skeifan

Það var nóg að gera hjá bláu skeifunni um helgina. Á föstudaginn var kíkt á gospeltónleika í höllinni ásamt Sálinni hans Jóns míns. Þar var mikil stemning og margt um manninn enda var uppselt á tónleikana. Frumsýning kvikmyndarinnar Börn var í Háskólabíói. Japanskur leikhópur var með sýningu í Þjóðleikhúsinu og vakti sýningin mikla athygli. Á laugardagskvöld voru það tónleikar Nicks Cave sem stóðu upp úr. Þar var þétt setið og fór karlinn gjörsamlega á kostum. Átta þúsund manns tóku síðan á móti Magna í Smáralindinni sem klikkaði ekki frekar en fyrri daginn.

*Sirkusmyndir; Skari/Anton Brink/Hrönn*




**Einn á munninn** Er Magni að reyna að kyssa utanríkisráðherra á munninn?



**Vinsæll** Átta þúsund manns komu til þess að sjá Magna í Smáralindinni og þurfti hann fylgd Óla húsvarðar.



**Rokkstjarna** Stúlkurnar á fremsta bekk ætluðu að rífa Magna í sig þegar hann tók gítarsóló í laginu Fire.



**Sáu Nick Cave** Ævar, Steinunn og Styrmir urðu vitni að stórtónleikum Nicks Cave í Laugardalshöllinni.



**Stjörnur** Hilmar Guðjónsson úr Glitnisauglýsingunum brosti ásamt Tinnu og Garðari Cortes á Nick Cave.



**Sátt á Cave** Þau Kristjana, Einar, Helgi og Eva voru eldhress í Laugardalshöllinni á tónleikum Nicks Cave.



**Gospel og Sálin** Berglind, Baldur, Gulli Helga og Ágústa voru mætt í höllina á Sálina.



**Írafár** Andri Guðmundsson og Sigurður Rúnar Samúelsson úr hljómsveitinni Írafár sáu Sálina í höllinni.



**Gaman** Rakel Vilhjálmsdóttir og Halldóra Júlíusdóttir sáu japanska leikhópinn.



**Beint úr sendiráðinu** Hitoshi Abe Chargé var mættur í Þjóðleikhúsið ásamt eiginkonu sinni Shieko.



**Börn** Sól og Embla Mjöll Elíasdætur eru systur og leika í myndinni. Kristófer Kristófersson, Sunna Jóhannsdóttir og Kristófer Jónsson voru öll mætt á frumsýningu myndarinnar Börn.



**Lét sig ekki vanta** Egill Ólafsson var að sjálfsögðu mættur í Þjóðleikhúsið.

# Betri vextir á yfirdrætti fyrir alla

Vertu viss um að þú sért að fá bestu vextina!

Sæktu um...

www.s24.is

...og þú hagnast

Sætún 1 • Sími 533 2424

EINN TVEIR OG ÞRÍR 312.133

**BOLURINN BJÖRGVIN HALLDÓRSSON TEKUR LÍFIÐ EKKI OF ALVARLEGA**

# Ég er enginn töffari




**„Ég er bara feginn því að standa enn í lappirnar og vera að búa til tónlist. Mér finnst ég loksins vera farinn að kunna þetta núna.“**

Björgvin Halldórsson ætlar að fylla þrjár Laugardalshallir með Sinfóníuhljómsveit Íslands um helgina. Þar verður einnig 60 manna kór, ryþmasveit, gestasöngvarar og bakraddir. Björgvin hefur hljóðritað á bilinu 700-800 lög um tíðina og segist aldrei hafa verið betri. „Mér finnst ég vita meira hvað ég er að gera núna en í den.“ Björgvin hefur aldrei staðið á sviði með Krumma syni sínum sem ætlar að syngja með Sinfóníunni, pabba og Svölu systur um helgina. Sirkus spjallaði við Björgvin og fyrsta spurningin var einföld.

**Lengi staðið til?**
„Maður stendur náttúrulega á tímamótum þegar maður er orðinn hálf hundrað ára og þetta hefur blundað í mér lengi. Nú er þetta bara að skella á og það verður ekkert aftur snúið. Þetta er æðislega spennandi og það er mikill hugur í fólki enda stærsta „live“ verkefni sem ég hef tekið mér fyrir hendur og hugsanlega fleiri.“

*Fyrsta skiptið sem Björgvin vann með Sinfóníuhljómsveitinni var árið 1992 þegar hann stjórnaði upptökum á plötu sem hét Í Takt við tímann.*

**Hefur Björgvin alltaf verið í takt við tímann?**
„Ég ætla rétt að vona það enda fylgist ég mjög vel með, ég fer nú samt ekki að gera hiphopplötu alveg í bráð. Ég reyni að þroskast með því sem ég er að gera og þær móttökur sem ég hef fengið um árin sýna að ég hef verið þó nokkuð í takt við tímann.“

*Björgvin hefur samt alltaf passað sig á því að vera ekki með of mikið af tónleikum til þess að ofgera ekki fólki. Hann hefur til dæmis ekki haldið tónleika í mörg ár, en aftur á móti haldið fjölmargar söngskemmtanir á Broadway. Hann segist þurfa að finna hjá sér sterka hvöt til þess að gera plötur og halda tónleika.*

**En hvaða lög verða tekin?**
„Það er hernaðarleyndarmál en ég get sagt frá því að við verðum með lítinn forleik sem kallast Skýjasvítan og er byggður á lagabrotum eftir mig. Það er hann Hrafnkell Orri Egilsson sem útsetti hann og flytur Sinfónían forleikinn instrumental í byrjun.

Það er samt erfitt að koma öllu fyrir. Ég á mikið af lögum sem eru stór og mikið af ballöðum. Ætli ég sé ekki búinn að hljóðrita á bilinu 700-800 lög og ég er svo heppinn að mörg þeirra eru þekkt og hafa staðist tímans tönn.“

*Björgvin kemur fram ásamt Sinfóníuljómsveitinni, ryþmasveit, bakröddum, gestasöngvurum og svo 60 manna karlakór.*

„Þegar þetta er orðið svona stórt auðveldar það náttúrulega valið á lögunum. Með fullri virðingu fyrir Nínu og Geira og fjölskyldu, þá myndi það tiltekna lag ekki gera sig í þessu dæmi. Þú velur lögin eftir því hvernig hljóðfæraskipan er hverju sinni. Stóru ballöðurnar verða samt þarna og ég get t.d. nefnt Skýið og Vetrarsól, sem eru lög sem mér þykir afskaplega vænt um. Þetta eru lög sem ég frumflutti og hafa að mörgu leyti mótað mig í bransanum“

*Þrennir tónleikar verða haldnir um helgina en það er ekki á færi margra að fylla þrjár Laugardalshallir.*

„Fyrsta frumsýningin er á laugardaginn klukkan 17.00 en það er Straumsvík hérna í Hafnarfirði sem keypti þá tónleika. Ísal er nefnilega fjörutíu ára og ætlar að bjóða starfsfólki og Hafnfirðingum á tónleikana sem er afskaplega gaman fyrir strák úr Hafnarfirði. Svo eru aðrir um kvöldið og svo aukatónleikar á sunnudagskvöldið.“

*Björgvin Halldórsson er fimmtíu og fimm ára og hefur verið í bransanum ansi lengi. Hann hefur verið einn afkastamesti og vinsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar nær allan þann tíma.*

**Hvernig hefur þetta verið?**
„Þetta er bara búið að vera eins og þeir segja í Bandaríkjunum, a fantastic ride. Það hefur auðvitað ýmislegt komið upp á, en það hverfur eins og hjá öllu fólki sem lítur yfir farinn veg og góðu tímarnir standa upp úr. Ég er bara feginn því að standa enn í lappirnar og vera að búa til tónlist. Mér finnst ég loksins vera farinn að kunna þetta núna.“

**Aldrei verið betri?**
„Mér finnst ég að minnsta kosti vita meira hvað ég er að gera núna. Ætli það sé ekki bara gamla reynslan sem er að koma sterk inn.“

**Alltaf verið atvinnutónlistarmaður?**
„Fyrst gerði ég ekkert annað alveg í mörg, mörg ár. Síðan fann ég hjá mér hvöt til þess að gera eitthvað annað vegna þess að ég þykist nú hafa vit á svo mörgu öðru. Ég stjórnaði útvarpsstöð, kvikmyndarásum, vann á auglýsingastofum, umboðsskrifstofu og fékkst við ráðgjöf. Ég er eiginlega búinn að vera ofan á borðinu, undir borðinu og við borðið í þessum miðlunarbransa. Það hefur líka gefið mér mikla ánægju og reynslu að sjá allar hliðarnar á þessum bransa. Það kemur mér eiginlega á óvart hve ég hef fengist við mörg störf um tíðina.“

**Alltaf verið svona mikill töffari?**
„Ég er enginn töffari. Þetta er allt bara einhver brynja og leikur. Maður markast auðvitað af samferðamönnum sínum og í þessum bransa, rokkinu og músíkinni, skemmir ekki fyrir að vera með smá attitjút.“

**Er þetta þá allt meðvitað?**
„Nei, ég held að þetta hafi byrjað hjá mér í barnaskóla. Þá var ég mjög lítill að vexti og var stundum tekinn af stóru strákunum í bakaríið, þetta er kallað einelti í dag. Ég varð að bregðast við þessu og fór þá bara að nota munninn.“

**Þú ert húmoristi?**
„Já, það er alveg á hreinu. Húmorinn verður að vera til staðar og ég tek lífið ekki of hátíðlega. Það er enginn tími til þess að taka þetta alvarlega.“

*Það verður ekki hjá því komist að spyrja Björgvin út í frasana sem hafa verið hans aðalmerki í mörg ár.*

**Hvernig er það, vellur þetta bara upp úr þér?**
„Nei, ég pæli nú ekkert í þessu. Það er hellingur af samferðarmönnum mínum sem eru svona líka. Ég kalla þetta einlínunga eða „one-liners“. Þú finnur bara einhverja setningu sem lýsir ákveðnum hlut án þess að gera þetta of langt og flókið. Maður temur sér þetta bara og hefur gaman af. Ég fæ líka oft marga góða á mig sjálfan; ef þeir eru nógu góðir þá nota ég þá bara sjálfur. Það er ekkert nýtt undir sólinni maður, en það er rétt, þetta hefur svolítið fest við mann.“

**Af hverju?**
„Það er bara þannig að sumar sögur festast við mann. Þetta er bara eins og með norsku brandarana sem urðu að Hafnarfjarðbröndurum. Eitthvað af þessum sögum um mig eru sannar en aðrar ekki, þetta lífgar bara upp á stemninguna í hópnum.“

*Einhver frægasti einlínungur Björgvins er hinn svokallaði „Bolur“ en annan á hann líka sem er „Hilmar á lyftaranum“.*

**Hver er það?**
„Hann er sko forveri bolsins. Bolurinn er bara eitt orð yfir alþýðumanninn, almúgann eða límið sem heldur þjóðfélaginu saman. Þetta er bara eins og „Ordinary-Joe“ eða Siggi í næsta húsi. En allt saman vel meint enda erum við allir bolir inn við beinið, bara misjafnar gerðir af bolum. Þú getur verið í bol frá Sólningu og svo geturðu verið bolur frá Armani.“

*Björgvin er greinilega kominn á flug og talið berst að þeim hópi fólks sem í daglegu tali eru kallaðir treflar.*

„Við kölluðum þetta alltaf úlpur í gamla daga. Það voru sömu intellektúal gæjarnir og þeir voru í úlpum og héldu ræður og voru djúpir. Við hins vegar flokkuðumst bara undir hippa."

**Hver er munurinn?**
„Sko, úlpurnar tengdust Menntaskólanum við Hamrahlíð. Spilverk þjóðarinnar var úlpuband en við hinir vorum meiri rokkarar, eða héldum það að minnsta kosti."

**Ætla börnin að syngja með þér um helgina?**
„Já, þau voru búin að lofa því, ég vona að þau mæti og geri þetta fyrir karlinn. Við Svala höfum sungið saman á plötum en alveg sárasjaldan saman læv. Við Krummi höfum aldrei gert það, bara eitt lag á plötu."

**Þér finnst gaman að vinna?**
„Málið er að það er nóg að gera hjá mönnum ef þeir bara nenna því og ég hef gaman af að syngja og búa til tónlist. Ef þetta væri ekki gaman þá væri maður löngu hættur."

## Vissir þú að ...




Björgvin Halldórsson hefur verið rödd Stöðvar 2 í u.þ.b. tíu ár. Hann byrjaði þegar hann var dagskrárstjóri Bylgjunnar og sá um Bíórásina sem og önnur störf innan fyrirtækisins.

Jón Axel leysti Björgvin af sem röddin um tíma. Hann sneri svo aftur og hefur mjög gaman af þessu.

Þegar sem mest verður á sviðinu í Laugardalshöllinn verða 136 manns á sviðinu.

Björgvin hefur áður unnið með Sinfóníuhljómsveitum. Hann gerði meðal annars þrjár plötur með Kristjáni Jóhannssyni, London Symphony Orchestra og Royal Philharmoinc Orchestra.

Björgvin hefur hljóðritað á milli 700 og 800 lög í gegnum tíðina.







## 5 ráð fyrir hann

### Verum flottir strákar



1 Pantaðu þér rope-yoga námskeið og þú verður komin með „sixpack“ áður en þú veist af.

2 Berðu á þig Clarins Fatigue Fighter kremið það er ótrúlega ferskt og hressandi.





3 Langerma afabolir frá verslun Guðsteins á Laugavegi 34 eru möst fyrir veturinn.



4 Klipptu þig alveg stutt og fáðu þér svo húfu eða hatt ef þér er kalt á hausnum, það er orðið þreytt að vera með stífspreyjað og stíliserað hár.

5 Jibbííí, loksins er kominn herrailmur frá Viktor & Rolf. Kíktu eftir honum í næstu snyrtivöruverslun. Hann heitir Antidote.






# Ofurfyrisæta auglýsir Kringluna

Kringlan fær hrós fyrir að ná í ofurfyrirsætuna Eddu P sem býr og starfar í New York í nýjustu auglýsingaherferð sína. Afar flott herferð à la Ari Magg.





## tískumolar

**Helgu Ólafsdóttur**



### Aftur DEAD



Nú styttist í að verslun Nonna, sem kenndur er við Dead sem Aftur systur munu sjá um, verði opnuð. Það fréttist af þeim systrum í New York á nýafstaðinni tískuviku að kaupa inn nýjar og ferskar vörur fyrir verslunina. Get ekki beðið eftir að búðin opni almenningi dyr sínar.

### Svartar neglur



Það eru rosalega flott svört naglalökk í snyrtivöruverslunum þessa dagana. Þú þarft ekki að aðhyllast hina svokölluðu „goth“ tísku til að ganga með svart naglalakk. En þeir sem þora ekki að fara alla leið geta valið sér dökkrautt og dökkfjólublátt í staðinn. Ekki vera í munstruðum fatnaði heldur einlitum ef þú ert með dökklakkaðar neglur.







# Húfutískan

Það er farið að kólna í veðri og meðfylgjandi köld eyru eru óumflýjanleg. Húfur hafa aldrei verið eins mikil tískuvara og nú. Ömmulegar alpahúfur, prjónaðar kaðlahúfur, loðhúfur eða bara munstraðar skíðahúfur. Ég lofa því að minnsta kosti að allar húfur verða í tísku í vetur.










MEISTARABALL
ársins í Kaplakrika
laugardaginn 23. september
fyrir alla Hafnfirðinga
og nærsveitamenn
ATLANTSOLIA
Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is
Stórhljómsveitin
SS Sól & Helgi Björns
Hafnarfjarðarmafían verður á staðnum.
Það má enginn missa af meistaraballinu!
Þetta er ball ársins í Kaplakrika
Verð miða kr. 2.000 - Húsið opnað kl. 23:00
Forsala miða er í FH-búðinni Kaplakrika og Súfistanum

# DD Unit er mætt á klakann...




**1**

Howdie peeps..

Úff, mér líður eins og ég hafi verið afar lengi í burtu, en það er aðallega vegna þess að ég hef ekki beint haft tíma til að blogga um helstu tíðindi selebbanna sjáiði til. En það er aðeins eitt ráð við því og við skulum vinda okkur í það sem er efst á baugi!



Það þarf ekki að ræða heimsástandið neitt eða málefni Mið-Austurlanda þegar við tölum um að style-icon-ið* Madonna sem klippti sig agalega í vikunni: um er að ræða algjört faux pas*. Ég efa að hárgreiðslustofur um víða veröld muni fyllast af áhangendum hennar sem vilja fá sér í þessa skelfilegu klippingu! Kannski er maður fulldómharður – kannski ágætisklipping á einhverjum sem er yngri og hey Madge-gular tennur eru ekki the new black*!

**2**

Það varð allt vitlaust hjá henni Lindsay Lohan* í vikunni. Ég veit ekki hvernig daman fer að þessu og vona að hún sé að nótera þetta hjá sér því þetta verður hressandi TV-movie of the week*. Hún hnakkreifst við múttuna sína, Dínu Lohan, á kínverskum veitingastað fyrir framan grilljón vitni og endaði það rifrildi á því að gelgjan hún Linds sagði múttu að: „Go to hell"! Ja-há! Þar að auki bætti hún tveimur spítalaferðum við ferilinn sinn um helgina en þetta ku vera í 17. skiptið sem blessunin fer á spító á þessu ári. Hún datt og úlnliðsbrotnaði í teiti vegna NYC fashion week* og fór svo aftur vegna guð má vita hvers daginn eftir. Ég bókstaflega dett af stólnum af spenningi! Farðu kannski aðeins að róa þetta bara niður hjá þér vænan!



LINDSAY BLOHAN

**3**



Svo bregðast krosstré sem önnur tré og núna veit ég að hjónaband er ekki leiðin fyrir mig, ef Whitney og Bobby eru að skilja! Hún hefur loks tekið sig saman í andlitinu eftir 14 ára samveru og losað sig við Bobby en hún kom víst að honum lemjandi aðra konu *wink wink*! Whitney er víst afar hress og á leiðinni í hljóðverið til að taka upp plötu en sú síðasta kom út fyrir þremur árum. Annað sem bendir líklega til þess af hverju hún er að klippa Brown út úr myndinni er að hún er víst búin að vera í meðferð síðan í vor og sá allt í einu hvað hann er kött-ljótur* enda þarf maður að reykja helvíti mikið krakk til að fórna sér fyrir Bobby held ég.

**4**

Kókaín Kata er tíður gestur á síðunni minni og það er ekki að ástæðulausu að come-back-kid-Kate* er áhugaverð en hún var andlit record-breakin* 14 fyrirtækja í nýjasta Vouge. Mér fannst einkar forvitnilegt að sjá að hún var allsnakin á nánast öllum myndunum – nema hún hélt á tösku eða lyklakippu... catch my drift*. Ástæðan fyrir því að hún er hérna í dag er að hún fór að kíkja á Pete Doherty kæró-inn sinn á Priory meðferðarheimilið á dögunum og misstu þau sig aðeins í kelinu á heimsóknartímanum, og það mikið að fólk þurfti að kvarta undan þeim. Hvaða stífni er þetta má ekki súpermódel aðeins fara í sleik við öskubakkann sinn þegar hana langar?



**5**



Og þá er það NO SHIT SHERLOCK* frétt vikunnar verð ég að segja: Willie Nelson og crew var böstað á dögunum fyrir að vera með eitt og hálft pund af marijúana í fórum sínum. Í hvaða veröld er þetta fréttnæmt? Á sama stað hlýtur að vera sagt frá því að Paris Hilton hafi skipt um föt og það sé umferð á morgnana milli 7 og 9 og svo aftur milli 16 og 18... ground breaking* fréttamennska!

**„Hvaða stífni er þetta má ekki súpermódel aðeins fara í sleik við öskubakkann sinn þegar það langar til?“**

## THE WHO CARES - FRÉTTIRNAR:



Haldið ykkur fast en hérna er Nicole Ritchie að þykjast borða hambó! Fjölmiðlafulltrúi hennar neitar að atburðurinn hafi átt sér stað og vill ekki kannast við neitt slíkt. Hún hafi bara verið að sniffa af honum og ekkert annað.

Og hún Posh Beckham er aldeilis að gera gott mót í þessari viku til þess að passa upp á að hún sé ekki að detta úr fréttum. En þetta er seinna af tveimur nipple shottunum* og verður að teljast helvíti vel af sér vikið. Annars er hún ekki ólétt og Becks greyið, sem who would have thougt* var að gefa út sína aðra eða þriðju bók, fer afar fögrum orðum um hana konu sína, en ég vissi ekki að hann væri læs. Becks sagði Victoriu og já, Tom Cruise, hafa sýnt sér óbilandi stuðning eftir HM í fótbolta og sérstaklega þegar hann hætti í landsliðinu. Hvað kemur Tom Crazy Cruise þessu við? Týpískt af the mayor of Crazytown* Tom að sveppast* og alveg að hringja í David Beckham og hugga gæjann.



Djöfull hefur hann Axl Rose verið laminn svakalega með the ugly stick*, guð minn almáttugur, og þetta er maður sem var giftur súpermódelinu Stephanie Seymore. Þið sem ekki vitið hver hún er, þá lék hún í November Rain vídeóinu og giftist honum í því. Ring a bell?!



Millatvibbarnir Ashley og Mary Kate Olsen eru alltaf smart og sætar. Fyndnast fannst mér þegar umræðan snerist sem mest um það að Mary Kate væri að hrynja niður úr anórexíu en hún er þessi sem er í palliettukjólnum, en enginn vildi beina athyglinni að því að Ashley var svona 3 kílóum þyngri en systirin? Well, það er svo sem ágætt enda hræðilegt að eiga í persónulegum vanda og alheimurinn fylgist með. Ennþá sorglegra er að ég veit að þær eru báðar með plástur á hægri rist, á sama stað... eflaust eitthvað óspennandi líkt og eins tattú eða kannski eru þær með sár eftir eins skó? Pæling!








Jói Fel

FABRIKAN

Hafrafitness að hætti Jóa Fel

- fullar af trefjum og rúsínum

Kleppsvegi 152 | Opið mánudaga - föstudaga 7.00 - 18.00

Smáralind | laugardaga og sunnudaga 7.00 - 16.00


## LÆRÐU LINGÓIÐ

GLÓSUR

**Style-icon-ið**
Einhver sem litið er upp til vegna smekklegheita.

**Faux pas**
Mistök, hérna í merkingunni tísku-mistök.

**The new black**
Að eitthvað taki við af svörtum lit í klassík; hérna er átt við að gular tennur komist seint í tísku.

**Blohan**
Fengið úr orðinu „blow" sem iðulega á við kókaín sem hún er sögð afþakka afar sjaldan.

**TV-movie of the week**
Mynd vikunnar á bolasjónvarpsstöð þykir ekkert sérstakt, enda allir búnir að gleyma henni í næstu viku.

**NYC fashion week**
Tískuvikan í New York.

**Kött-ljótur**
Afar ófríður.

**Come-back-kid-Kate**
Koma aftur fílefldur eftir hremmingar.

**Record-breakin**
Slær öll met.

**Catch my drift**
Þið eruð að fylgja mér.

**NO SHIT SHERLOCK**
Þú segir ekki.

**Ground breaking**
Gjörsamlega álitsbreytandi efni.

**Nipple shot**
Geirvörtuljósmynd; líka talað um nip slip en þá dettur brjóllan út úr flíkinni!

**Who would have thougt**
Hvern hefði grunað.

**Sveppast**
Gera eitthvað brjálæðislega steikt og glatað.

**The ugly stick**
Ljóta prikið; eftir að fólk hefur verið lamið með því þykir það ekki sætt lengur.

**Ring a bell**
Man einhver eftir því.

**The Who cares**
Hverjum er ekki sama.


Kominn í verslanir
JUST CAUSE
EINN AF STÆRSTU
LEIKJUM ÁRSINS
ER KOMINN ÚT
"JUST CAUSE ER STÆRRI
EN ALLIR FJÓRIR GTA
LEIKIRNIR TIL SAMANS.."
- PSM MAGAZINE
PlayStation 2
JUST CAUSE
16+
XBOX
PC DVD ROM
XBOX 360
PlayStation 2
eidos
avalanche STUDIOS
BT
3.999
PC leikur
4.999
PS2 - Xbox
5.999
Xbox 360
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir •
s • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

## Hvernig fannst þér myndin?

# NACHO LIBRE

★★★★½

„Nacho Libre er önnur mynd leikstjórans Jared Hess sem gerði garðinn frægan með Napoleon Dynamite fyrir tveimur árum. Myndin fjallar um Nacho (Jack Black) sem hefur verið alinn upp á munkaklaustri einhversstaðar í Mexíkó og vinnur þar nú sem kokkur. Alla tíð elur Nacho með sér þann draum að verða glímukappi og keppa við þá bestu, en það samrýmist ekki trú munkanna. Loks ákveður hann að kýla á að keppa því hann vantar pening fyrir mat handa krökkunum á klaustrinu. Hann býr til einhverja grímu og finnur sér aðstoðarmann, fátæklinginn á svæðinu, og keppa þeir svo saman í minni glímukeppnum á svæðinu. Það endar með því að Nacho keppir á stóra mótinu til að vinna pening fyrir strætó handa krökkunum. Nacho Libre er svo fyndin að um tíma heyrði ég ekki í myndinni vegna hláturs í salnum. Jack Black á það til að fara „over the top“ í frammistöðu sinni en í þessari mynd eru það þessir taktar sem gera hana svo fyndna. Jard Hess er líka snillingur að finna persónur í hin ýmsu hlutverk, og er aðstoðarmaðurinn hans, Steven, gott dæmi um það. Þó svo að sagan sé fyrirsjáanleg þá skiptir það engu máli, það á enginn að fara á þessa mynd ef hann er ekki tilbúinn til að hlæja. Ef ykkur fannst Napoleon Dynamite ekki góð þá veit ég ekki hvort þið eigið eftir að hlæja mikið að þessari mynd sem er á svipuðum nótum. Ég að minnsta kosti og aðrir í salnum grenjuðum um tíma og ég held bara að ég hafi verið með strengi í maganum daginn eftir. Engin óskarsverðlaun fyrir þessa mynd en hún á stjörnurnar sannarlega skilið.“

**Arnar Þór Smárason, 24 ára einkaþjálfari og byssusmiður.**



**MINNSIRKUS - MEÐLIMIR GAGNRÝNA**
**Þú getur sagt álit þitt á kvikmyndum í Sirkus. Það eina sem þú þarft að gera er að vera meðlimur í samfélaginu okkar á www.minnsirkus.is/sirkus og fylgjast með kvikmynd vikunnar. Vertu bíógagnrýnandi og segðu það sem þér finnst.**

**NACHO LIBRE**
Aðalhlutverk: Jack Black
Leikstjóri: Jared Hess
Myndin í einni línu: Fílarðu ekki örugglega myndir um fáránlega mexíkóska glímu?
5,9/10 á imdb.com





**X 97.7 – HEMMI MÆLIR MEÐ**

**1**



**HOT CHIP**
**Arrest Yourself**
„Gott partí, en líka hægt að hafa það notalegt yfir þessu.“

**2**



**DAVID HASSELHOFF**
**Hot Shot City**
„Hasselhoff er bara snillingur og þetta lag sannar það. Var að komast yfir The Very Best Of plötuna hans sem er snilld.“

**3**



**THE KNIFE**
**We Share Our Mothers Health (Trentemoller Remix)**
„Snilld sem Balli Funk kynnti fyrir mér. Skemmtilega óld skúl teknó en samt hressandi rokk í þessum slagara.“

**BRAIN POLICE HELDUR ÚTGÁFUTÓNLEIKA Á CAFÉ AMSTERDAM Í KVÖLD**

# Þetta verður mátulega „slísí“ og töff

„Þetta er yndislegt líf,“ segir trommarinn Jónbi úr Brain Police um rokkaralífið. „Ég sofna með bros á vör og vakna með bros á vör.“ Hin átta ára gamla rokkgrúppa Brain Police sendi frá sér nýja plötu í síðustu viku og ber hún nafnið, Beyond the Wasteland. „Þar áður gáfum við út plötu árið 2004 en nú erum við komnir með nýjan gítarleikara og þar af leiðandi nýjan hljóm sem við erum mjög sáttir við.“



**Brain Police** Frá vinstri: Jens Ólafsson, Búi Bendtsen, Hörður Ingi Stefánsson og Jón Björn Ríkharðsson.

Platan hefur fengið góðar viðtökur og það er ekki annað að heyra á Jónba en að almenn ánægja sé innan sveitarinnar með plötuna. Strákarnir munu einmitt halda útgáfupartí á Café Amsterdam í kvöld og er um hið staðlaða útgáfupartí að ræða. „Við spiluðum reyndar plötuna í heild sinni í Skífunni í síðustu viku en þetta verða hinir eiginlegu útgáfutónleikar með alvöru partístemningu.“ Café Amsterdam virðist vera orðið höfuðvígi rokkbanda á Íslandi og segir Jónbi fínt að spila þar. „Þetta hentar vel í rokkið, svona mátulega „slísí“ og töff.“

**Hvað:** Útgáfutónleikar Brain Police
**Hvar:** Café Amsterdam
**Hvenær:** Í kvöld
**Verð:** 1000 kall
**Aldurstakmark:** 20 ár

Hljómsveitin ætlar að spila víða um landið á næstu dögum en síðan verður haldið til Þýskalands í tveggja vikna túr. „Við ætlum að spila víðsvegar í Austur-Þýskalandi. Meðal annars í Berlín, Köln og svo verða einhverjir minni bæir þarna inn á milli.“

Strákarnir ætla síðan að koma heim og fylgja plötunni eftir en þeir verða einmitt á hinu goðsagnakennda Kerrang-kvöldi á Airwaves.



**FM957 – BRYNJAR MÁR MÆLIR MEÐ**

**1**



**EVANESCENCE**
**Call me when you´re sober.**
Þetta lag er alveg gríðarlega öflugt í alla staði. Amy Lee sem er náttúrulega frábær píanóleikari og ólýsanlega góður söngvari fer hér fremst í broddi fylkingar. Eðal rokk fyrir FM957.

**2**



**SANDI THOM**
**I wish I was a punk rocker**
Hún minnir mig á gamla tíma og ég er ekki frá því að það sé smá Janis í þessari dömu. Hún á vonandi eftir að ná langt með sitt fyrsta lag sem er í bullandi spilun um alla Evrópu.

**3**



**OBIE TRICE FT. AKON**
**Snitch**
Það sem er kannski einkennandi flott við þetta stöff er að Akon er alveg eins og kona þegar hann syngur og töffaraskapurinn er alveg í hámarki hjá Obie, sem gerir þetta frábært duo.

## Hlustaðu á þetta ...



Listamaðurinn Toggi sendir frá sér sína fyrstu plötu á mánudag, Puppy. Lagið „Heart in line“ hefur töluvert verið spilað í útvarpi að undanförnu. Sirkus mælir hiklaust með þessari plötu sem kemur á óvart. Fínar melódíur og virkar vel yfir kertaljósi og rauðvínsglasi. Toggi er gaur sem vert er að fylgjast vel með, fantafín frumraun.

## Minnsirkus.is blogg vikunnar

**Múslimar**



ég er orðin svo svakalega pirruð á múslimum að það er ekki eðlilegt. Er sko alls enginn rasisti eða eitthvað þannig ég bara skil ekki af hverju kristið fólk á alltaf að haga sér í samræmi við reglur og viðmið múslima. Ég meina það er ekki eins og við séum eitthvað að pirrast út í það hvernig þau lifa lífinu, en ég held að þau verði að fara að sætta sig við það að það er EKKI allt bannað í okkar trú. Í dag var einhver nunna bara drepin í göðum gír útaf einhverju sem páfinn sagði.....ég er bara ekki að skilja þetta.
**lindab.minnsirkus.is**

**Sjónvarpsleikfimi**



„Vá ég er að horfa á Í Fínu Formi á Stöð 2... hversu margir taka þátt í þessu... Hreinsa til í stofunni og taka á því í 10 mín? Maður spyr sig..Ég hef ekki trú á því að það séu margir..15 manns..kannski..“
**haro.minnsirkus.is**

**Gáta dagsins**



Ég flýg áfram, en er hvorki fugl, flugvél eða eldflaug. Ég snýst líka og þó er ég hvorki vagn né hjól. Og hvort sem þú stendur, situr, liggur eða sefur, þá flyt ég þig óteljandi kílómetra án þess að þú takir eftir því. Hver er ég?
**binnio.minnsirkus.is**

## Vertu þarna ...



Nemendaleikhúsið frumsýnir verkið Hvít kanína í kvöld klukkan 20.00 á litla sviði Borgarleikhússins. Um er að ræða samsetta sýningu eða „devised“ leikhúsverk eins og það heitir á fagmáli. Unnið er upp úr textum og hugmyndum sem leikhópurinn hefur komið með á æfingatímabilinu. Um er að ræða ögrandi og öðruvísi sýningu. Verkið er stranglega bannað innan 16 og verður engum hleypt inn nema skilríki sanni aldur viðkomandi. Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir sýningunni.


I ♥
MYSELF
CULT
ENERGY ACTIVATOR
CULT
ENERGY ACTIVATOR
CULT
SHAKER
THE PARTY MAKER

## ORÐIÐ Á GÖTUNNI

### SVIPTINGAR Í FJÖLMIÐLA-GEIRANUM

**Ólafur Már Tryggvason**, sem gegndi áður stöðu innkaupastjóra hjá Dagsbrún, er einn þeirra sem leitað hafa á önnur mið í kjölfar uppstokkunarinnar á fyrirtækinu. „Óli Tryggva, eins og hann er jafnan kallaður, hefur tekið við sölustjórastöðu hjá Íslenska útvarpsfélaginu sem rekur útvarpstöðvarnar Kiss FM og X-FM. En þar hafa orðið meiri breytingar. **Axel Axelson**, sem verið hafði framkvæmdastjóri félagsins hefur verið settur út í kuldann, og hnakkagoðsögnin **Kiddi Bigfoot** fenginn til að taka við. Kiddi hefur þegar tekið til óspilltra málanna og ráðið til sín gamla hunda úr útvarpsbransanum. Meðal annars vekur athygli boðuð endurkoma **Þrastar Gestssonar**, fyrrverandi dagskrárstjóra FM957.



Þröstur hefur kallað sig ýmsum óvenjulegum nöfnum í gegnum tíðina. Þekktust viðurnefna Þrastar eru líklega „Fuglinn“, „Þröstur 3000“ og „3000-kallinn“.

### ROKKARI MÆRÐUR Á BARNALAND.IS



Ein harðasta rokkhetja landsins er án efa **Smári „Tarfur“ Jónsson**. Fyrir utan að gera garðinn frægan á tónleikaferðalögum með Quarashi og fleiri hljómsveitum þá hefur Smári deilt úr viskubrunni sínum fyrir hlustendur rokkstöðvarinnar X-FM. Tarfurinn taldi í einfeldni sinni að sér væri óhætt að stunda þessa tegund útvarpsmennsku og að „street-credit“ hans meðal rokkhunda bæri engan skaða af. Það var hins vegar áður en að honum barst til eyrna að fjörugar umræður ættu sér stað meðal hlustenda hans um hversu kynþokkafull rödd hans þætti vera. Og hvar fóru áðurnefndar umræður um rokkarann fram? Jú, á spjallsíðu mæðra á Barnaland.is. Smári íhugar nú alvarlega að leggja útvarpsmennskuna á hilluna.

### KATRÍN STERK Í KRAGANUM

**Katrín Júlíusdóttir** alþingismaður sækist eftir 2. sæti á lista Samfylkingarinnar í prófkjöri sem fram fer 4. nóvember. Katrín þykir eiga góða möguleika á að negla sætið enda hafi hún þótt vaxa mikið á kjörtímabilinu. Reynslan í kjördæminu sýnir að það skiptir öllu að koma úr fjölmennu sveitarfélagi og Katrín er borin og barnfædd í Kópavogi þar sem búa hátt í þrjátíu þúsund manns. Hún mun jafnframt hafa grasrót flokksins í bænum algjörlega á bak við sig eftir að hafa sýnt mikinn dugnað í kosningavinnu flokksins í sveitarstjórnarkosningunum síðastliðið vor.



Við þetta bætist að talað er um að Hafnfirðingar sem studdu hana í 4. sætið í síðasta prófkjöri muni ætla að veita henni stuðning áfram.

ordid.blog.is




## Fellihýsi



**Coleman Fellihýsi 10ft**
Hausttilboð. Glæsilegt og mjög litið notað með öllum græjum. Tveir gaskútar, allur borðbúnaður, nýtt gasgrill, geislaspilari, útdraganlegt sóltjald, nýr rafgeymir og fl. og fl. Árg. '98. Gangverð 780 þús. Tilboðsverð 560 þús. Uppl. í síma 690 0811.

Til sölu Coleman Santa Fe fellihýsi 10 fet árg."00.Vandað og vel með farið. Fortjald,sólarsella,230 volta kerfi,ísskápur,sjónvarpsloftnet,grjótgrind og fl.Uppl. í s. 8924745.

## Vinnuvélar




Alternatorar, startarar og varahlutir, fyrir vinnuvélar, vörubíla og fólksbíla. Ljósboginn Bíldshöfða 14. S. 553 1244.

## Lyftarar










**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar

Vil kaupa netaúthald og grásleppunet. Uppl. í s. 852 3475.

## Bílaþjónusta




**Vantar þig pening strax?**
Tökum að okkur að kaupa bíla á lágmark 15-20% undir listaverði. Ath engin sölulaun og gefum verðtilboð strax sama dag. Allt kemur til greina. Sendu okkur mail á billausn@visir.is.

## Hjólbarðar

Til sölu er 4 stk AZEV 17" felgur 5 x 120 gata undan BMW E39 ásamt lítið eknum heilsársdekkjum frá Dunlop 235/45/17. Verð 75 þús. Uppl. í s. 844 0944.

## Varahlutir







Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

## Bílaleiga




Bílaleiga, hjólhýsaleiga, bátaleiga, bílaþrif, skemmtisiglingar o.fl. Aftann ehf. Steinhella 5 221 Hafnarfirði www.aftann.org - s.864 4589/554 4589




Bílaleiga, hjólhýsaleiga, bátaleiga, bílaþrif, skemmtisiglingar o.fl. Aftann ehf. Steinhella 5 221 Hafnarfirði www.aftann.org - s.864 4589/554 4589

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Felliveggir - Öryggishlið - Sólhýsahurðir. Addco Ehf. S. 586 9010 addco@addco. is Auðbrekku 2, 200 Kóp.







**Stigalagerinn**
Eigum mikið úrval stiga á lager tilbúna til uppsetningar. Ryðfrítt efni til handriðasmíða, festingar ofl. Mjög hagstæð verð. Stigalagerinn - 5641890



**Minkapelsar**
Hvernig væri að fara í bíltúr til Keflavíkur? Gott úrval af minkapelsum. Jakob - s: 421 1661








Brúnn antíkorðstofuskápur í funkis-stíl með renniglerhurðum að hluta. Metinn á 120 þ. af antíksala, fæst á 90 þ. Eikarborðstofusett (6-12 manna), mjög fallegt, úr eik, með sporöskjul.spegli og skornum glerrúðum í skáp+minni skáp í stíl. Fæst á 150 þ, metið á 250 þ. Standklukka 190 cm há, nýyfirfarin selst á 50 þ. Kostar ný 200 þ. Nett antíkskatthol 25 þús. Philips útvarpstæki m.lömpum, afmælisútgáfa frá 1957, mjög vel farið, rafdrifið stöðvaminni. H.40cm B.60cm. V.60 þ. Plötuspilari m.geislasp.+ brennara+ útvarpi, hægt að afrita beint af LP plötum á CD, 4 mán gamalt 45 þ. Vönduð tágasólst. húsgögn 2+1+1+ glerborð 25 þ. Sem nýr pels, 90 þúsund. Kringl.eldh.borð + 4 stólar, ljós viður, kr. 15.000. Ikea fatask. í barnaherb. 4000. Uppl. í síma 820 0782 og 562 1058.






Til sölu poolborð með gjaldtöku. Góð kjör, afhendist strax. Upplýsingar í síma 895 2515.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Frystiskápur á 10 þ., fyrstikista á 10 þ. Aircondition á 10 þ. Þvottavél á 12 þ. Eldavél á 5 þ. Leðurstóll á 5 þ. 28 sjónvarp á 10 þ., Subaru Legacy station árg. '91 sk. '07. S. 896 8568.

## Gefins

3 kettir, 2 læður ca 6 mán. og 1 högni ca 4 mán. Vel upp alin og voða ljúf. Er líka með eldri ketti sem þurfa ný heimili vegna flutnings. Engöngu reglusamt fjölskyldufólk. Uppl. í s. 615 1212.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

## Til bygginga




Til Sölu notaðir 4 Velux þakgluggar, stærð 140 x 80, vegna breytinga. Verð 30.þús/stk. S:8962073

Hurðir til sölu, 80cm & 90cm. Uppl. í s. 861 6841.

## TIL SÖLU









## Verslun




**XXX DVD**

**Besta verðið!!**

NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950.-

DVD FRÁ 1990.- KR

Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið frá kl. 15-23.30

Vörur til skartgripagerðar. Ótrúlegt úrval. - Perlukafarinn Holtasmára 1. www.perlukafarinn.is

Einstök gjafavara fæst í Perlukafaranum Holtasmára 1.www.perlukafarinn.is

Landsins mesta úrval af lífrænum matvörum Maður lifandi Borgartúni og Hæðasmára

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Er allt í drasli?**

Þrífum fyrir heimili, húsfélög stofnanir og skóla.
Tökum að okkur iðnaðarþrif, flutningsþrif, teppahreinsun og bónvinnu.

Láttu okkur um þrifin
BK - Ræsting
Hreingerningaþjónusta
s. 868 55 99 & 695 27 10

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn**
5 44 44 46
Hreingerum, bónum, þrífum glugga og eftir iðnaðarmenn. Sjáum um flutningsþrif.
Þvegillinn, stofnað 1969, sími 544 44 46.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Láttu mig um púlið! Nýbyggingar, flutningsþrif og fyrirtæki. Föst verðtilboð. Ásta s. 848 7367.

## Ræstingar

**Íslandsþrif**
Alhliða verktakar á sviði ræstinga.
Steinteppaþrif, þrif á náttúrustein, marmara og teraso. Olíuberum parket. Bónleysing, gólfbón, og bónslípun. Flutnings og nýbyggingar þrif. Dagleg þrif á fyrirtækjum og stofnunum.
SÍMI 561 8000.

Starfskraftur óskast til að þrífa heimili einu sinni í viku. Uppl. í s. 699 0162.

## Garðyrkja

**Túnþökusala Oddsteins**
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu
Steini
Sími:663 6666
Frí heimkeyrsla

**Túnþökusala Oddsteins**
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu
Steini, s:663 6666
Frí heimkeyrsla

## Bókhald

Bókhald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

## Málarar

Þarftu að láta mála? Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

## Meindýraeyðing

**MeinVarnir ehf**
Sími: 898-2801
Reynsla, öryggi og fagleg þjónusta
Með starfsleyfi og í Félagi meindýraeyða

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

**Viðhaldsvirkni Ehf**
S. 661 0117 & 690 9117
Málarameistarar, múrarar og smiðir, sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi

**HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN**
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

**Steypusögun og Kjarnaborun JIS ehf.**
Steypusögun, kjarnaborun fljót og góð þjónusta. Gerum föst verðtilboð!
Upplýsingar í síma 659 6343.

**KJARNABORUN STEINSÖGUN MÚRBROT**
Hafsteinn Daníelsson ehf.
Sími: 862 8874 - 433 8949

**STEYPUSÖGUN KJARNABORUN**
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI efh
Bæjarflöt 8, 112. RVK
www.sagtaekni.is
567-4262 & 893-3236

**Prýði sf. HÚSAVIÐGERÐIR**
Steypuviðgerðir, lekavandamál, þakrennuuppsetningar, þakásetningar, þak- og gluggamálning. Trésmíðavinna, sólpallasmíði. Tilboð eða tímavinna. Áratugareynsla og fagmennska í fyrirrúmi. S. 854 7449, 864 7449 og 565 7449.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tökum að okkur viðgerðir. Alhliðaþjónusta. Tilboð eða tímavinna. Fagleg þjónusta. Uppl. í s. 847 1941, Örn & 898 4384, Sverrir.

Smiðir. Getum bætt við okkur verkefnum. Parketlagnir, milliveggir ofl. S. 856 4835.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**Múrbrot**
Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlægja efni, frágangur og pípulagnir Uppl. í s. 892 8720.

**Pípulagnir**
Pípulagningarmeistari getur bætt við sig verkefnum, uppl. í síma 892 8720.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, ásamt sólpallasmíði. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Stífluþjónusta

**Stífluþjónustan ehf**
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.




# TIL SÖLU

**Tilboð!**
**3 fyrir 2!**



Þú velur 3 undirfatasett og greiðir fyrir 2 dýrari.

**Silikonfylltir brjóstahaldarar**



Stærðir 32 -38 A-DD
Verð aðeins 3.490.- og 4490.-

SJÁUMST

**COS**

Glæsibæ S. 588 5575

### Vantar þig starfsfólk ?

**Í kjölfar mikillar þenslu í efnahagslífinu og mikillar vöntunar á starfsfólki, getum við útvegað enskumælandi starfsfólk fyrir fyrirtækið þitt með stuttum fyrirvara AVM recruitment sérhæfir sig í því að finna fyrir fyrirtækið þitt, hæft starfskraft fólk, bæði menn og konur í nánast hvaða starf sem er, hvort sem er byggingaverkamenn, sérfræðinga í tölvum, veitingahús eða verslanir.**
**www.avm.is.**

**Sími 897 8978 Alan.**

### Starfskraftar óskast

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu eftir hádegi - kl. 13 - 19. Einnig vantar frá kl. 15 - 19 við afgreiðslu og þrif. Gæti hentað skólafólki. Getum bætt við okkur bakaranemum. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

### Hreingerningar/bónun

**Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða hrausta starfsmenn í framtíðarstörf við aðalhreingerningar og bónvinnu. Mikil vinna framundan.**
**Nánari upplýsingar gefur Jón í síma 821-5056, á skrifstofutíma.**

### Veitingahúsið Nings leitar eftir vaktstjóra og afgreiðslufólki.

**Leitum að hressu og skemmtilegu fólki í starf vaktstjóra, fólki í dagvinnu og fólki í aukavinnu frá frá 17-22 virk kvöld og/eða helgar.**
**Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8835 & 822 8832 eða á www.nings.is**

### Nonnabiti.

**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í fullt starf og hlutastarf. Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila.**
**Upplýsingar í síma 846 3500.**

### Verkstjóri óskast

**Iðnfyrirtæki í Kópavogi leitar eftir manni til að annast verkstjórn og afgreiðslu á vörum.**
**Upplýsingar í síma 869 2544.**

### Keiluhöllin Öskjuhlíð

**óskar eftir dyravörðum í helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 864 6112.**
**www.keiluhollin.is**

### Skalli Hraunbæ

**Vantar hresst og duglegt fólk í dagvinnu. Einnig vantar starfskraft aðra hverja helgi, föstudag, laugardag og sunnudag. Uppl. í s. 567 2880 á virkum dögum.**

### Ítalía - veitingahús

**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í sal, fullt starf. Vaktavina frá kl. 11 - 23. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára. Viðkomandi verður að tala íslensku.**
**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.**
**Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11.**

### Kaffi Mílanó

**Óskum eftir fólki í fullt starf í sal 20 ára og eldri sem fyrst. Góð laun fyrir duglegt fólk. Skemmtilegur vinnustaður.**
**Upplýsingar á staðnum Café Milanó, Faxafeni 11.**

### Laus störf í leikskólum Í boði eru áhugaverð störf í leikskólum Reykjavíkurborgar: Leikskólakennarar/leiðbeinandi

**-Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 5531135 -Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517-2560 - Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199 -Laugaborg, v/Leirulæk, sími 553-1325 - Njálsborg, Njálsgötu 9, sími 551-4860 -Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185 -Sólhlíð, Engihlíð 8, sími 551-4870 - Vesturborg, Hagamel 55, sími 552-2438 - Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810 -Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989**
**Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.menntasvid.is Öll laus störf í leik-og grunnskólum eru auglýst á www.menntasvid.is**

### Atvinna.

**Óska eftir manneskju til afgreiðslustarfa í söluturni á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er frá 10-18 virka daga og 10-16 á laug.**
**Upplýsingar í síma 664-7401**

### Verksmiðjustarf

**Óskum eftir að ráða fólk til hefðbundinna verksmiðjustarfa í verksmiðju okkar. Góð vinnuaðastaða og góður vinnutími. (8-16). Við erum framsækið fyrirtæki í örum vexti með fjölbreytta starfssemi og getum boðið möguleika á fratíðarstarfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**
**Áhugasamir vinsamlegast sendið upplýsingar á hauk.har@mac.com eða hringið s. 863 4535 milli kl. 14-16.**

### Kaffihús Laugavegi 24

**Óskar eftir að ráða þjóna í sal í fullt starf og hlutastarf. Krafist er stundvísi og dugnaðar. Góð laun fyrir réttan aðila.**
**Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 10 & 18.**

### Oddur Bakari

**Oddur bakari óskar eftir starfsfólki. Reykjavíkurvegi fyrir hádegi vinnutími 7-13 virka daga. Grensásvegi eftir hádegi vinnutími 13 -19 virka daga. Starfsfólk óskast einnig í þrif. Góð laun fyrir gott fólk.**
**Upplýsingar gefur Oddur í síma 699 3677 eða á staðnum.**

### Gullnesti, Grafarvogi

**Óskar eftir starfsfólki virka daga frá kl. 12-18. Fín laun.**
**Upplýsingar í síma 898 9705.**

Björnsbakarí Vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 7-13 daglega. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is

Ræstingarvinna Getum bætt við okkur fólki í almenna ræstingarvinnu og afleysingar. Afkastahvetjandi laun. Nánari uppl. í s. 820403 eða 5814000

Óskum eftir starfsstúlkum í létt þrif . 50 - 70% vinna. Uppl. í s: 6965799

### Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin

Röska menn vantar. Uppl. í s. 553 1055 eða á staðnum, Gúmmívinnustofan SP Dekk, Skipholti 35.

### Múrarar, byggingaverkamenn

Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari.

Bæjarins Beztu Smáralind leita að starfsmanni á besta aldri. Um er að ræða 50-60% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, góð laun í boði. Upplýsingar veitir Guðrún í síma 894-4515 á milli 16-17 í dag og næstu daga.

### Verslunin Tiger

óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu og almennra verslunarstarfa. Framtíðar starf á skemmtilegum vinnustað. Uppl. í s. 660 8211 og á tiger.sandra@simnet.is

### Hjólbarðaverkstæðið Barðinn

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Starfsfólk óskast á hressasta barinn í bænum. S. 691 0840.

Starfskraftur óskast til að þrífa heimili einu sinni í viku. Uppl. í s. 699 0162.

## ATVINNA




Fyrirtæki og stofnanir láta okkur sjá um símsvörun og úthringingar til að hagræða og auka þjónustu.
SKÚLASON
Skúlason símaver ehf - Sími 575 1500 - www.skulason.is

## Vinna með námi hjá Hive

**Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt.**

Við erum að hringja milli kl.18:00 og 22:00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 daga í viku. Þetta er tilvalin vinna með námi og eru meðaltekjur sölumanna um 12.000 kr. á kvöldi eða um 3.000 kr. á tímann.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á soluver@hive.is eða hringi í Elmar í síma 697-8166.

Hive

## Atvinna óskast

Handlaginn maður óskar eftir vinnu, flísar, málun ofl. ofl. Gamalt og nýtt. Uppl. í s. 862 1559.

Maður með uppeldismenntun og víðtæka reynslu m.a af stjórnun óskar eftir vinnu hjá einkafyrirtæki. Uppl. mail@visir.is

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Köttur týndist við Reykjavíkurveg, Hafnarfirði. Uppl. í s. 690 6434.

## Tilkynningar




AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

### Atvinna í boði

Rafvirki óskast. Óskum eftir rafvirkja og aðstoðarm. í almenna raflagna vinnu upplys. í s:899-1993 eða straumver@isl.is Straumver ehf.

Maður lifandi 2ja ára- Bjóðum afmælissúpu á laugardag

### Srpska Pravoslavna Crkva

Sveta liturgija povodom praznika male gospojine bice odrzana u Fridriks Kapeli u subotu 23.09 u 10.00 istog dana svecana vecera u sali Safnaðarheimili, Háteigskirkju sa pocetkom u 18.30.

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál




TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS






Jæja félagar - ég er farinn til Skotlands að frelsa félaga okkar GABOR. Kveðja Burgermæster KRiZ

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

50 ára karl óskar eftir konu 45-55 ára sem viðhaldi 100% trúnaður.S 8976981.

Dömurnar á Rauða Torginu vilja heyra í þér! Yndislegt spjall við yndislegar dömur! Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (kr. 299,90 mín) og 535-9999 (ódýrara, kr. 199,90 mín)

„Kvöldsögurnar" á Rauða Torginu eru góð afþreying fyrir karlmenn! Símar 905-2002 (kr. 99,90 mín) og 535-9930 (ódýrara, kr. 19,90 mín)

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

### Símaspjall 908 5050

Hæ strákar ég er komin heim, hringið og ég er til í ykkur.

### Símaspjall 908 2020

Ég er komin til baka. Verð yfir helgina. Mig langar að vera vinkona þín í kvöld og í nótt. Komdu og leiktu við mig í ljúfu símaspjalli.

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

## TILKYNNINGAR

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Jarðgöng undir Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **23. október 2006**.

**Skipulagsstofnun**

allt
auglýsingasími
550 5880

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

# Þrastarhöfði – Mosfellsbæ

Ný glæsileg einbýlishús á einni hæð í nýju hverfi í Þrastarhöfða Mosfellsbæ. Aðeins sjö hús eftir! Þau eru frá 235 til 250 fm að stærð og afhendast rúmlega fokheld með stuttum fyrirvara. Einstakt tækifæri til að velja sér hús við sitt hæfi.


Atli Sigvarðsson
sölufulltrúi

*Hafið samband við*
*Atla í síma 899 1178 og bókið skoðun.*

http://www.aicon.is/thrastarhofdi/




Síðumúla 27 108 Reykjavík - sími 534 4040 - fax 534 4044 - Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari

Það er gott að búa á austurlandi



# Kaupvangur 45, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU



## 3. og 4. herbergja, til afhendingar 2007

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

3 herb. verð frá KR. 16.450.000* TIL AFHENDINGAR 2007

4 herb. verð frá KR. 18.750.000* TIL AFHENDINGAR 2007

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)









ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS 567 3400

FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. 580 7905

domus 545 0555

Nánari upplýsingar á netinu: www.nmedia.is/ffa

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR
FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR




enginn í heimi selur fleiri fasteignir...

www.remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

# Ekkert blað?

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.**

**550 5600**




FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

allt hús

Alla mánudaga

## VISSIR ÞÚ...

að stórleikarinn Clint Eastwood fæddist 31. maí 1930?

að Clint er stytting á Clinton?

að hann fæddist í San Fransisco?

að hann á ættir að rekja til Skotlands, Írlands, Hollands og Englands?

að faðir Clintons var verkamaður í stáliðnaði?

að Clint var einkabarn og flæktist mikið um með fjölskyldunni í kreppunni?

að í menntaskóla lét kennari hans hann fá hlutverk í leikriti til að ná honum út úr skelinni?

að Clint líkaði ekki reynslan?

að hann var kallaður í herinn árið 1951?

að það átti að senda hann til Kóreu í stríðinu?

að hann lenti í flugslysi í millitíðinni?

að flugvélin brotlenti á sjó og Clint þurfti að synda langar leiðir í land?

að í kjölfarið var hann gerður að sundþjálfara í hernum?

að eftir herskyldu flutti hann til Suður-Kaliforníu og lagði stund á nám í leiklist og viðskiptum?

að Clint varð fyrst þekktur sem leikari í B-myndum á borð við Revenge of the Creature?

að hann sló í gegn sem nafnlausi maðurinn í þríleik Sergios Leone, A fistful of dollars, For a few dollars more og The good, the bad and the ugly?

að Clint lék í mörgum þekktum myndum eftir þetta, til dæmis Play Misty for me og The Beguiled?

að ein þekktasta persóna sem hann hefur leikið er Harry Callahan í Dirty Harry?

að hann hefur skarað fram úr sem leikstjóri í seinni tíð?

að hann hefur fengið óskarsverðlaun meðal annars fyrir leikstjórn myndanna Unforgiven og Million dollar baby?

að Clint hefur verið kvæntur tvisvar?

að hann á sjö börn? Fimm dætur og tvo syni.

að lengi hefur verið slúðrað um að Eastwood sé launsonur leikarans Stan Laurel?

að fyrir því er samt sem áður ekki flugufótur?

að Eastwood var borgarstjóri Carmel by the Sea árið 1986?

að sem ungur maður var Eastwood 193 cm á hæð?

að með aldrinum hefur hann skroppið saman og er nú um 185 cm?

að árið 2002 fór hann í mál við ævisagnaritara sem hélt því fram að Eastwood hefði beitt Söndru Locke ofbeldi meðan þau voru saman?

að hann er stuðningsmaður þess að samkynhneigðir fái að giftast?

að tveir leikarar hafa fengið óskarsverðlaun undir leikstjórn Clints?

að þetta eru þeir Tim Robbins fyrir leik í Mystic River árið 2003, og Morgan Freeman fyrir hlutverk sitt í Million Dollar Baby?

að Clint segist hafa þróað sérstakan talsmáta sinn með því að herma eftir málrómi Marilyn Monroe?

að ein þekktasta setning Eastwood er úr myndinni Dirty Harry? „Do I feel lucky? Well, do ya, punk?“

að önnur þekkt setning er: „Go ahead, make my day...“?

# TOPP 5: RALPH FIENNES

Úrvalsleikarinn Ralph Fiennes fæddist í desember 1962. Hann lærði leiklist við Royal Academy of Dramatic Art og gekk síðar til liðs við Royal Shakespeare Company. Hann hefur verið atkvæðamikill á sviði en fyrsta kvikmynd hans, Wuthering Hights, kom í bíóhús árið 1992.

**1. Schindlers list.** Fiennes vakti heimsathygli fyrir túlkun sína á hinum illa nasistaforingja Amon Göth. Hann er undarlega heillandi þrátt fyrir að stunda það að skjóta fólk af svölunum sínum.

**2. The English Patient.** Ótrúlega dramatísk ástarsaga þar sem Fiennes, afmyndaður eftir eldsvoða, rifjar upp stóru ástina í lífi sínu.

**3. Strange Days.** Hér er Fiennes í óhefðbundnu hlutverki. Hann leikur Lenny Nero sem er háður nýstárlegri tækni sem gerir honum kleift að upplifa fortíðina aftur og aftur.

**4. Oscar and Lucinda.** Fiennes leikur Oscar Hopkins, enskan prest. Myndin fjallar um samband hans við hina áströlsku Lucindu, leikin af Cate Blanchet, en þau hafa bæði unun af fjárhættuspilum.

**5. Constant Gardener.** Byggð á bók eftir John le Carré. Eiginkona Justins Quayle er myrt og hann leitast við að komast að ástæðunni.





# ...n fyrir öllu!

Holta-kjúklingur

FERSKIR LEGGIR
kílóverð nú:
387 KR.
Merkt verð 645KR.

...G FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR

KJARNAFÆÐI

1.5 LÍTRI TOPPUR
95 KR.

1.5 lítri

...TINA

KORMA

...m og lauk
...jógúrti og mildum kryddum

Tilboð á beinlausum helgarsteikum
Frábært úrval!

POTTAGALDRAR
LAMB ISLANDIA

25% afsláttur við kassann

GRÍSASTEIK

ÍSLANDS LAMB
LAMBASTEIK
LAMBALÆRI

25% afsláttur við kassann

ÍSLANDS NAUT
NAUTASTEIK

FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g poki

Dönsku bringurnar

...sínur 250g

LION
RAISINS

...SÍNUR 250g
...49 KR.

Dilkalifur

KS LAMBALIFUR
kílóverð nú:
149 KR.
Merkt verð 299KR.

...fyrir góðan dag!

50% afsláttur við kassann

Innmatur

Dilkahjörtu
Dilkanýru

KS LAMBAHJÖRTU
kílóverð nú:
149 KR.
Merkt verð 299KR.

KS LAMBANÝRU
kílóverð nú:
149 KR.
Merkt verð 299KR.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS


Dásamleg dagsbyrjun...
Bökum sjálf!
Aðeins 8-12
mínútur í ofni!
Handwerker
Mohnbrötchen
Petit Pains
Blönduð rúnstykki
259 KR.
10 STK.
Rúnstykki með birki
398 KR.
18 STK.
EKKERT BRUDL
Úr frystinum í ofninn
og eldhúsið ilmar!
DJÖFLATERTAN
hans Kristjáns
Sjáðu verðið!
DJöFLATERTA
MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ
MYLLU MÖNDLUKAKA
198 KR.
420g
DJÖFLATERTA
499 KR.
784g
770g
98 KR.
Rifsberjahlaupið og
blandaða berjasultan
EKKERT BRUDL
Kaffitilboð
2x500g
Kvöldroði
KAFFITÁRSTILBOÐ 500g+500g
899 KR.
KÍLÓVERÐ
KJARNA
RIFSBERJA
Blönduð ber/rifsber
129 KR.
400g
KJARNA
BLÖNDUÐ BERJA
sulta
BAUNIR EÐA MALAÐ
Veljið sjálf!
Kaffitár
SAMLOKUBRAUÐ
HVEIT
NETTÓÞYNGD 770
Kaffi sem bragð er að!
BÓNUS
Tilboðin gilda til sunnudags 24. september eða á meðan birgðir endast

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### „Litróf“ – fjölmenningarstarf í Breiðholti

**Toshiki Toma og Ragnhildur Ásgeirsdóttir skrifa um starfsemi Fella- og Hólakirkju.**

Kirkja er samfélag fólks sem á trú á Jesú Krist og kemur saman um Guðs orð og sakramentið. En það þýðir ekki að kirkjan vilji einungis hugsa um sína meðlimi og þjóna þeim. Víða í heiminum eru kirkjur sem hvetja meðlimi sína til að stuðla að friði og hugsa um velferð og hagsmuni almennings.

Í Evrópu, þar sem kristið fólk hefur verið í meirihluta, hefur kirkjan langa sögu af kærleiksþjónustu. Kærleiksþjónusta er þjónusta í kærleika Jesú Krists. Þar má nefna mataraðstoð, læknisaðstoð, söfnun fyrir neyðaraðstoð, aðstoð í vímuefnameðferðum, og sálgæslu. Slík þjónusta er veitt til allra án tillits til trúarlegs bakgrunns ef þess er óskað. Á Íslandi, þar sem þjóðkirkjan er í meirihluta, hefur oft borið á þeirri hugsun að kirkjan sé einungis fyrir kristið fólk. Misskilningur er til staðar um að kirkjan eigi ekkert erindi við fólk sem aðhyllist önnur trúarbrögð, jafnvel innan kirkjunnar sjálfrar. En undanfarin ár hefur margt breyst. Fjölgun innflytjenda á Íslandi hefur þar haft mikil áhrif og nú mótar kirkjan nýja sjálfmynd sína með tilliti til tilvist annarra trúarbragða og lífsskoðana.

Fella- og Hólakirkja hefur tekið frumkvæði til nýrrar starfsemi fyrir innflytjendur í sóknum sínum sem


TOSHIKI TOMA


RAGNHILDUR ÁSGEIRSDÓTTIR

hefst nú í haust. Verkefnið kallast „Litróf – kirkjan fyrir alla“ og er fjölbreytt. Farið verður í ferðalag til Gullfoss og Þingvalla, boðið verður til fjölþjóðlegra máltíða, foreldramorgna, stuðningshóp innflytjenda o. fl. En það sem er áhugavert varðandi þetta verkefni er í fyrsta lagi að tilgangur starfseminnar er ekki kristniboð.

Markmiðið er að auka samskipti meðal allra íbúa á svæðinu, brjóta niður múra og einangrun og þannig að skapa betra umhverfi fyrir líf allra íbúanna. Að sjálfsögðu gleður það okkur í kirkjunni ef fólk kemst til trúar á Jesú Krist, en það er ekki markmið í sjálfu sér.

Í öðru lagi, er verkefnið í samstarfi við aðila utan kirkjunnar eins og t.d. Alþjóðahúss og Þjónustumiðstöðina í Breiðholti. Í þriðja lagi er verkefnið „Litróf“ opið fyrir alla – fullorðna, börn, kirkjufólk og fólk utan kirkju, innflytjendur og Íslendinga. Og í fjórða og síðasta lagi er Fella- og Hólakirkja búin að ráða manneskju, Ragnhildi Ásgeirsdóttur djákna, sérstaklega fyrir þetta verkefni og það gefur sterklega til kynna að kirkjan lítur á þetta sem mikilvæga þjónustu.

Eins og kunnugt er er hlutfall erlendra íbúa í Breiðholti mjög hátt. Breiðholt er því oft tekið upp í fjölmiðlum eins og þar sé fyrir hendi sérvandamál vegna fjölda innflytjenda. Fella- og Hólakirkja ætlar að halda málþing um þetta málefni Breiðholts. Velta þeirri spurningu upp hvort um sé að ræða vandamál í hverfinu, hvað sé verið að gera fyrir innflytjendur og hvað megi gera til að breyta og bæta í hverfinu varðandi málefni innflytjenda.

Málþingið verður haldið í Fella- og Hólakirkju 23. september kl. 10-13 og er yfirskrift þess „Öll eitt, en ekki eins“. Málþingið er ókeypis og opið öllum áhuga hafa á málefnum innflytjenda. „Litróf“ mun verða tákn þjóðkirkjunnar á tímamótum.

## AF NETINU

### Klíkuprófkjör

**Viðbrögð við leiðara Jóns Kaldal.**

Þeir sem þekkja prófkjör af eigin raun vita að það er erfitt að sækja að sitjandi reynsluboltum. Reynslan sýnir líka að menn kjósa nýliðana oft á tíðum niður og þeir ná ekki fótfestu. Oft á tíðum gerist líka hið gagnstæða og þá er oft líf í tuskunum. Ég verð að segja að það vantar sanna leiðtoga á Alþingi Íslendinga eins og við þekktum á árum áður. Því miður hefur slæðst inn fólk sem tók bara þátt í prófkjöri án þess að hafa hugsjón til verka. Hægt er að nefna nokkra þingmenn sem sýnt og heilagt tala um hvað þeir hafa gert í gegnum tíðina, eins og að hafa verið íþróttahreyfingunni í landinu til gagns, eða að hafa starfað stórkostlega að málefnum barna og unglinga. Því miður tryggja prófkjörin ekki alltaf bestu niðurstöðuna. T.d. er alþekkt að menn blandi heilu íþrótta- og ungmenna, rótarí og svo frv. inn í prófkjörin sjálf og er það hvimleitt. Prófkjör snúast því miður oft upp í andstæðu sína og verða að keppni um það hver hefur besta tengslanetið og hver getur best tryggt sérhagsmuni þegar að upp er staðið. Gott og slæmt en það er kannski engin fullkomin leið. Prófkjör eru samt ein leið til þess að endurnýja stjórnmálaflokka og svo önnur fulllítið notuð en það er að þingmenn þekki sinn vitjunartíma og geri sanngjarna kröfu til sjálfs síns og víki þegar það á við. Ég vil þó hvorki sjá af Birni né Össuri báðir sérlundaðir og sérstakir stjórnmálamenn sem ekki er mikið um í dag.

*Spakur skrifar á Skoðanir á Vísir.is.*

### Auðlindin

**Vegna greinar Árna Þormóðssonar.**

Ég sé ekkert að því að við leyfum útlendingum að veiða hér undir eftirliti, þar sem að þeir myndu a.m.k. borga markaðsvirði fyrir sem að rynni beint í ríkiskassann, í staðinn fyrir ekki neitt, eins og nú er. Held að það sé skynsamlegasta nytjun auðlindarinnar fyrst að ísl. útvegur heykist á því að gjalda það sem keisarans er. Vill allt þiggja en ekkert gefa til baka. Held að umgengni ísl. útgerðar um auðlindina gefi ekkert tilefni til að henni sé treystandi að gæta hennar og byggja upp til framtíðar.

*Rammistakkur á Skoðanir á Vísir.is.*


10%
vaxtaauki!

spron
www.spron.is



11001111010011
HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN VÍSINDAMENN



RANNÍS óskar vísindamönnum til hamingju með 22. september en dagurinn er tileinkaður vísindamönnum í Evrópu.

- RANNÍS veitir íslensku vísinda- og tæknisamfélagi aðstoð til framþróunar á innlendum og erlendum vettvangi.
- RANNÍS er samstarfsvettvangur til undirbúnings og framkvæmdar opinberrar vísinda- og tæknistefnu.
- RANNÍS gerir áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan.

ps. við minnum á Vísindavökuna í Listasafni Reykjavíkur í dag kl. 18:00.



Vísinda Vaka
Opið hús!
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Föstudaginn 22. september frá kl. 18:00 til 21:00

RANNÍS
Researchers in Europe

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is

FAY WELDON ER 73 ÁRA Í DAG



*„Fegurðin er fyrsta gjöf náttúrunnar til kvenna en einnig það fyrsta sem hún sviptir þær.“*

*Flögð undir fögru skinni eru stundum umfjöllunarefni bóka Weldon. Frægasta bók hennar er eflaust She-Devil, eða Kvendjöfullinn eins og það útlagðist í íslenskri þýðingu.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. SEPTEMBER 1980

## *Fyrri Flóabardagi brýst út*



Saddam Hussein Íraksforseti sendi herlið sitt inn í Íran á þessum degi árið 1980 eftir langar og harðvítugar skærur við landamærin. Útlit var fyrir að Írakar myndu hafa sigur áður en langt um liði. Íranar veittu hins vegar öfluga mótspyrnu og stríðið dróst á langinn og breyttist í þrátefli sem stóð alls í átta ár. Milljónir manna týndu lífi eða særðust í átökunum, sem stundum eru sögð vera lengsta hefðbundna stríðið á 20. öld.

Írakar drógu reyndar herlið sitt til baka árið 1982 og lögðu til vopnahlé, sem Ayatollah Khomeini féllst ekki á og hélt átökunum áfram. Sprengjum var varpað á stærstu borgir beggja landa og Írakar beittu jafnvel efnavopnum til að ná sínu fram. Á Persaflóa var olíuskipum frá báðum löndum sökkt og olíuverð í heiminum hækkaði svo um munaði.

Sameinuðu þjóðirnar reyndu við ýmis tækifæri að skakka leikinn en ekki tókst að koma á varanlegu vopnahléi fyrr en í ágúst árið 1988 og síðustu stríðsföngunum var ekki sleppt úr haldi fyrr en árið 2003.

## MERKISATBURÐIR

**1930** Fyrsta sæluhús Ferðafélags Íslands er tekið í notkun. Það er í Hvítárnesi.

**1949** Rússar sprengja fyrstu kjarnorkusprengju sína.

**1955** Fyrsta einkarekna sjónvarpsstöðin er sett í loftið í Bretlandi og rýfur þar með einokun BBC á markaði.

**1957** Árbæjarsafn í Reykjavík er opnað fyrir almenningi.

**1975** Gerald Ford, forseti Bandaríkjanna, sleppur naumlega þegar honum er sýnt banatilræði.

**1992** Fyrstu ólympíuleikum þroskaheftra lýkur í Madríd.



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Pétur Þórðarson**

Þórsmörk 2, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 11. september 2006. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Alda Andrésdóttir**
**Ingvar Pétursson**
**Hanna María Pétursdóttir**
**Magnús Pétursson**
**Óskar Þór Pétursson**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erla Kristín Sigurðardóttir**

Hrísey,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 18. september. Jarðsungið verður frá Hríseyjarkirkju föstudaginn 29. september kl. 14.00.

**Jóhann Sigurbjörnsson**
**Sigurður Jóhannsson** — **Kirsten Ruhl**
**Steinunn Jóhannsdóttir** — **Barði Sæmundsson**
**Sólveig Jóhannsdóttir** — **Sæmundur Guðmundsson**
**Lovísa Jóhannsdóttir** — **Guðlaugur Georgsson**
**Jóhann Pétur Jóhannsson** — **Margrét Sigmundsson**
**Þröstur Jóhannsson** — **Kristín Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kjartan Pálsson**

bóndi, Vaðnesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands miðvikudaginn 13. september. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 23. september kl 13.30.

**Helga Helgadóttir**
**Guðmundur Jóhannesson** — **Þórleif Gunnarsdóttir**
**Brúney Bjarklind**
**Ragnhildur Eiríksdóttir** — **Magnús Tryggvason**
**Heimir Kjartansson** — **María Kjartansson**
**Birna Kjartansdóttir** — **Gísli Jón Bjarnason**
**Páll Helgi Kjartansson** — **Salome Hansen**
**Jón Steingrímur Kjartansson** — **Dóra Þórsdóttir**
**Guðjón Kjartansson** — **Anika Bäcker**
**Ólafur Ingi Kjartansson**
**Hans Hoffmann Þorvaldsson** — **Guðlaug Sigurðardóttir**
**Svala Birna Sæbjörnsdóttir** — **Davíð Ben**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5000.

**SÉRA JAKOB Á. HJÁLMARSSON:** STÝRIR SAMKOMUM UM HLUTVERK TRÚAR

# Að virkja og þroska trúna



**SÉRA JAKOB ÁGÚST HJÁLMARSSON** Leiðir samkomur um hlutverk trúar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Samkomur undir yfirskriftinni Ein trú, tveir heimar hófust í Dómkirkjunni í gær og halda áfram í dag. Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson dómkirkjuprestur leiðir samkomurnar, en markmið þeirra er að hvetja kristið fólk til að virkja og þroska trú sína. Jakob segir samkomurnar höfða til þeirra sem eigi trú. „Þær eiga að vekja fólk til umhugsunar um hvaða gagn það gerir sér af trú sinni og hvort það geti ekki virkjað hana betur í lífinu,“ segir hann.

Meðal þess sem verður til umfjöllunar er starf kristniboða og kirkja í þriðja heiminum og árangur af Hjálparstarfi kirkjunnar. Séra Helgi Hróbjartsson verður ræðumaður bæði kvöldin, en hann hefur mikla reynslu af kristniboði og hjálparstarfi. „Sjáir þú að trúin sé blessun í lífi þínu ættirðu að deila með þér til annarra manna nær og fjær, bæði í orði og verki,“ segir Jakob. Hann segir samkomurnar einnig fela í sér áskorun til fólks um að taka trú sína alvarlegar og taka ábyrgð á henni eins og öðrum þáttum í tilverunni.

Jakob segir afar áríðandi að trúað fólk geri upp við sig til hvers það vilji hafa trúna í þjóðfélaginu. „Trúin styrkist víða í þriðja heiminum, en er að missa tök sín á þjóðfélagi okkar,“ útskýrir Jakob. „Trú er augljóslega virk í samfélagi þjóðanna; hún skiptir miklu máli í Bandaríkjunum, mesta stórveldi heims, og eins í múslimaheiminum,“ segir hann og bætir við: „Höfum við ekkert til málanna að leggja í þessu sambandi?“ Aðspurður hvort samkomur af þessu tagi hafi áður verið haldnar á vegum Dómkirkjunnar segir Jakob svo ekki vera. „Við höfum reynt ýmislegt í þessu sama skyni áður, en við lifum í nýjum skilningi á hverjum tíma. Þessar samkomur eru sprottnar upp úr heimsmynd dagsins í dag,“ segir Jakob.

**sunna@frettabladid.is**



## 80 ára afmæli

**Jóhannes Þorsteinsson**

Hlíðarvegi 4, Ísafirði, verður áttræður 25. september n.k. Af því tilefni ætlar hann og eiginkona hans, Sjöfn Magnúsdóttir, að fagna með ættingjum, vinum og samferðafólki í Kiwanishúsinu á Skeiði, Ísafirði kl 18.00 laugardaginn 23. september n.k.



## 60 ára afmæli

Þann 19. ágúst síðastliðinn varð 60 ára

**Þorgeir Björnsson**

Sævangi 46.

Í tilefni þessara tímamóta tekur hann á móti ættingjum, vinum og samferðamönnum á morgun, laugardaginn 23. sept á milli kl. 11 og 13 í Oddfellowhúsinu Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði.



†

*Bróðir okkar, mágur og stjúpfaðir,*

**Örlaugur Björnsson**

Austurbrún 6, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 17. september. Jarðsungið verður frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 28. sept. kl. 15.00.

**Hreinn Björnsson** — **Sigríður Sigtryggsdóttir**
**Sveinbjörn Björnsson** — **Ólína Geirsdóttir**
**Þorsteinn Björnsson** — **Guðrún Oddsdóttir**
**Sturla Björnsson**
**Yngvar Kárason** — **Sólrún Skúladóttir**



†

*Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,*

**Magnús Magnússon**

pípulagningameistari Hallanda, Árnessýslu,

lést af slysförum 16. september. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigríður Harðardóttir**
**Magnús St. Magnússon** — **Ingunn Jónsdóttir**
**Sigurjón Magnússon** — **Vigdís Birna Hólmgeirsdóttir**
**Ólafur Björn Magnússon**
**Jónatan Mikael og Benjamín Magnús**
**Guðrún E. Guðmundsdóttir** — **Magnús St. Magnússon**


VIÐ LEITUM AÐ SÖNGVURUM OG SÖNGHÓPUM!
X FACTOR
STÆRSTI
SJÓNVARPSVIÐBURÐUR
Í 20 ÁRA SÖGU STÖÐVAR 2
ÁHEYRNARPRÓF
3. október Hótel Kea, Akureyri.
14. október Nordica Hótel, Reykjavík.
SKRÁNING ER HAFIN Á XFACTOR.IS
Allir eldri en 16 ára eru velkomnir.
2
X-Factor hefur farið sigurför um heiminn.
Taktu þátt í stærsta sjónvarpsviðburði á Íslandi!
www.xfactor.is

# NÝJAR PLÖTUR KOMNAR ÚT!



DIANA KRALL
FROM THIS MOMENT ON




ELTON JOHN
THE CAPTAIN AND THE KID




SCISSOR SISTERS
TA DAH!




U2 - ZOO TV:
LIVE FROM SYDNEY DVD

sena


# STUÐ MILLI STRÍÐA Kjöt eða kál?

**TRYGGVI GUNNARSSON** BORÐAÐI EITT SINN VIN SINN



Sumir eru grænmetisætur. Margar ástæður liggja þar að baki og hefur hver sína sögu að segja. Sumum finnst kjöt vont á bragðið á meðan það fer illa í magann á öðrum. Ég skil það, en ég skil hins vegar ekki fólk sem borðar ekki kjöt af siðferðisástæðum.

Þegar ég var lítill fór ég reglulega í sveit. Þar var mitt hlutverk að sjá um kálfana. Eitt sumarið fæddist hálf ræfilslegur kálfur sem ekkert vildi borða. Fella átti kálfinn en ég þráaðist við og sannfærði bóndann um að gefa mér nokkra daga. Saman tókst okkur frænku minni að fá kálfinn til að drekka mjólk og að lokum, eftir ófáar stundirnar þar sem við tróðum heyinu ofan í hann, var hann orðinn fullfær að sjá um sig sjálfan.

Þetta var mikill sigur og af öllum dýrunum í sveitinni þótti mér vænst um þennan kálf. Það var því nokkuð áfall þegar hann var orðinn nógu stór að honum var slátrað og kjötið grillað á sunnudagseftirmiðdegi. Þar sem ég horfði á kjötbitann á diskinum gat ég ekki varist því að hugsa hversu mikið ég hafði haft fyrir því að halda lífi í greyinu og hversu stoltur ég var þegar það tókst. Þetta augnablik er það næsta sem ég hef komist því að verða grænmetisæta. Augnablikið tók heilar þrjár mínútur. Svo hámaði ég kjötið í mig. Ég hugsaði með mér að fyrst ég hafði haft svona mikið fyrir kálfinum þá væri synd að setja kjötið í ruslið. Það væri algjör vanvirða við kálfinn og náttúruna sjálfa. Svona erum við frá hennar hendi, við borðum bæði kjöt og grænmeti því þannig erum við hönnuð og þannig erum við byggð. Reynslan kenndi mér líka að meta kjöt og í kjölfarið varð mér er afar illa við að leifa kjöti, bruðla eða fara illa með það eða dýrin sem gefa okkur það.

Við ykkur, sem finnst ég villimannslegur að borða eitthvað sem eitt sinn hafði andlit, hef ég aðeins eitt að segja: Munið að þegar þið borðið matinn ykkar er hann ennþá lifandi.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





LIGHT YEARS



Montana

Erik Jørgensen®



# 3 SÉRFRÆÐINGAR

Sérfræðingar frá Montana, Erik Jorgensen og Lightyears verða í verslun okkar í dag kl. 9 til 18 og á morgun laugardag frá kl. 10 til 16 og veita faglegar ráðleggingar um val á húsgögnum og lömpum.

epal

Epal hf. / Skeifan 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

**Kl. 22.00**
*Samíska hljómsveitin Vajas og íslenska hljómsveitin Funi halda tónleika á skemmtistaðnum Nasa. Vajas flytur þjóðlega tónlist þar sem joikið, elsta form tónlistar í Evrópu, er í aðalhlutverki en joikið skipar öndvegissess í samískri menningu.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Frumlegur unghönnuður

Hönnuðurinn Una Mist Óðinsdóttir fékk afhentan smíðagrip, sérlegt prinsessuhálsmen, frá gullsmiðnum Sif Ægisdóttur á dögunum. Una Mist tók þátt í teiknisamkeppni sem gullsmíðastofan og galleríið Hún og hún á Skólavörðustíg stóð fyrir á Menningarnótt og varð hlutskörpust að þessu sinni. „Þetta er í þriðja sinn sem við stöndum fyrir teiknisamkeppni á Menningarnótt en það er alltaf jafn erfitt að velja,“ segir Sif. „Ætli það hafi ekki borist ríflega hundrað myndir í ár.“ Upphaflegan innblástur sinn fékk Sif frá ungum syni sínum en hún hefur gert talsvert af því að smíða eftir teikningum barna, bæði sinna eigin og annarra. „Krakkar á aldrinum 3-5 ára teikna mjög skemmtilegar myndir sem auðvelt er að smíða eftir en það verður flóknara eftir því sem börnin eldast. Gripirnir eru mjög persónulegir og tilvaldir til gjafa, til dæmis fyrir ömmu og afa,“ segir Sif.



**GULLSMIÐURINN SIF ÆGISDÓTTIR OG UNA MIST MEÐ GRIPINN GÓÐA** Fimm ára gamall hönnuður með sitt fyrsta hálsmen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




**> Dustaðu rykið af ...**

sögu Astridar Lindgren, **Bróðir minn Ljónshjarta**, þar sem segir af bræðrunum **Snúði** og **Jónatan** og baráttu íbúa ævintýralandsins Nangijala við hinn illa **Þengil** og drekann **Kötlu**. Sígild saga um togstreitu góðs og ills.



**NEMENDALEIKHÚSIÐ 2006** Leikaraefnin níu frumsýna fyrsta verkefni vetrarins í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hver er maðurinn?

Nemendaleikhúsið frumsýnir Hvíta kanínu í kvöld, leiksýningu sem er unnin úr þeirra eigin efniviði með aðferð sem kennd er við „devised“. Þessi samsetta sýning fjallar að sögn meira um sameiginlega kvöl en hvítar kanínur.

Bjarni Snæbjörnsson er einn leikaraefnanna níu sem taka þátt í sýningunni en hann útskýrir að vinnuferlið hafi verið árangursríkt og spennandi. „Við höfum lítillega kynnst þessari vinnuaðferð í skólanum en þetta er búið að vera mjög gefandi fyrir okkur. Hópurinn hefur verið á kafi í þessu ásamt Jóni Páli Eyjólfssyni leikstjóra, Ilmi Stefánsdóttur sem sér um leikmynd og búninga og ljósahönnuðinum Hönnu Kayhkö. Í upphafi komu þau inn með fullt af búningum, pappakössum, dagblöðum, dýnum og öðru dóti sem við lékum okkur með. Þetta er ekki spunaverk heldur lékum við okkur áfram með þessa hluti og fundum eitthvað nýtt á hverjum degi sem rataði inn í sýninguna,“ segir hann. Hann vill þó sem minnst láta uppi um ætlun eða boðskap verksins enda vill hann láta það eftir leikhúsgestum að upplifa.

Bjarni segir að forvitnilegasta uppgötvun þeirra hafi verið að finna kvölina sem virðist sameiginleg öllum vestrænum mönnum. „Það er í raun viðfangsefni sýningarinnar. Við lifum öll í brjáluðu neyslusamfélagi og erum skilgreind eftir því sem við erum,“ segir hann og áréttar að hulstrið eða kassinn sem fólk kemur sér fyrir í sé skilgreindur af veraldlegum eigum, húsnæði, bílum og heimabíógræjum. „Því spyrjum við: Hvað er fólk í raun þegar þetta dót er allt tekið í burtu, hver er maðurinn eða konan?“

Leikhópinn skipa auk Bjarna þau Anna Svava Knútsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Magnús Guðmundsson, Sara Marti Guðmundsdóttir, Sigrún Huld Skúladóttir, Tinna Lind Gunnarsdóttir og Vignir Þór Valþórsson. Vitanlega er spenna í hópnum en líka kraftur og einbeiting enda er fyrsta verkefnið þeirra hjartans mál. „Það er stórkostleg tilfinning að eiga svona mikið í einni sýningu. Maður er svo trúr og sannur efninu og stendur með því frá upphafi til enda.“



- khh

## NÝJAR BÆKUR

### Mírgorod Gogols

Hávallaútgáfan gefur út smásagnasafn eftir rithöfundinn Nikolaj Vasilevitsj Gogol undir heitinu Mírgorod en titillinn vísar til borgar á bökkum árinnar Khorol.




Í bókinni eru fjórar smásögur hans sem allar vísa til heimahaga skáldsins í Úkraínu sem ólst upp í Poltavahéraði fram á tvítugsaldur þegar hann flutti til St. Pétursborgar. Smásagnasafnið kom út árið 1835 og fékk ágætar viðtökur en Gogol hafði áður gefið út safnið Kvöld í bæ við Dikanka. Gogol dó árið 1852 í Moskvu en talið er að hann hafi svelt sig í hel.

Fyrir tveimur árum gaf Hávallaútgáfan út smásagnasafnið Pétursborgarsögur eftir sama höfund.

Þýðendur sagnanna eru Árni Bergmann, Áslaug Agnarsdóttir og Þórarinn Kristjánsson.

**SMÁSÖGUR FRÁ ÚKRAÍNU**
Rithöfundurinn Gogol skrifaði um heimaslóðir sínar.



**ANNA WOJTYNSKA OG MARTA MACUGA** Segja tíma kominn til að vekja athygli á framlagi Pólverja og veru þeirra hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eitthvað pólskt fyrir alla

**Pólverjar eru stærsti innflytjendahópurinn á Íslandi og tvær hugsjónakonur ákváðu að tími væri kominn til þess að kynna menningu Póllands betur hér á landi.**

Í næstu viku verður haldin fjölbreytt pólsk menningarhátíð í Reykjavík þar sem pólskt listafólk úr öllum menningargeirum mun stíga á stokk og kynna starf sitt og heimaland. Skipulagning hátíðarinnar er í höndum Mörtu Macuga og Önnu Wojtynska sem láta nú draum sinn rætast en hugmyndin er búin að vera í gerjun býsna lengi.

„Við byrjuðum að skipuleggja hátíðina fyrir tveimur árum. Okkur fannst tími til kominn að kynna Íslendingum pólska menningu, Pólverjar eru til dæmis stærsti innflytjendahópurinn á Íslandi,“ útskýrir Marta. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni eru um 300 Pólverjar búsettir hér á landi en Marta bendir á að þeir séu mun fleiri eftir að opnað var fyrir frjálst flæði vinnuafls um Evrópska efnahagssvæðið í vor. „Pólverjar hafa sig ekki mikið í frammi, margir sem koma hingað eru í erfiðri líkamlegri vinnu og hafa lítinn tíma fyrir nýjan kunningsskap eða félagslíf. Við vildum taka málin í okkar eigin hendur og gera eitthvað til þess að vekja athygli á framlagi þeirra og veru hér á landi.“

Dagskráin hefst næstkomandi fimmtudag en von er á fjölmörgum góðum gestum frá Póllandi auk þess sem pólskir listamenn hérlendis munu gleðja gesti hátíðarinnar. „Fyrsti viðburðurinn verður opnun á listasýningu eftir Ireneusz Jankous,“ segir Marta, „hann er algjör elska og málar fallegar myndir innblásnar af Póllandi. Hann er ekki menntaður málari heldur vinnur hann í byggingarvinnu og málar í frístundum sínum.“ Verk Jankous verða til sýnis á Kaffi Kúltúr við Hverfisgötu en sýningin er sett upp í samstarfi við Alþjóðahúsið.

Síðan verður athöfn í Háskólabíói þar sem forseti Íslands opnar hátíðina og í kjölfarið leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn pólska tónskáldsins Krzysztofs Penderecki. „Sinfónían hefur stutt vel við bakið á okkur en Penderecki er eitt þekktasta pólska tónskáld samtímans. Hann mun stýra sveitinni í flutningi á tveimur af verkum hans.“

Flestar listgreinar fá sitt rými á hátíðinni; auk tónlistar og myndlistar koma bókmenntir við sögu því pólski rithöfundurinn Olga Tokarczuk verður gestur hátíðarinnar en sérstök dagskrá verður haldin henni til heiðurs næstkomandi mánudag þar sem rithöfundurinn Sjón mun kynna hana og verk hennar fyrir íslenskum áheyrendum.

Á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins mun látbragðsleikarinn Ireneusz Krosny sýna verk sitt „One Mime Theatre“. „Látbragðsleikur er mjög tengdur Póllandi og þessi magnaði listamaður er einn af þeim snjöllustu. Hann verður með þrjár sýningar í Þjóðleikhúsinu sem er skemmtun fyrir alla aldurshópa sem allir skilja því vitanlega er ekkert talað í sýningunni,“ segir Marta. Kvikmyndalistinni verður einnig sinnt því í von er á listaparinu Dorotu Kedzierzawska og Arthur Reinhart með milligöngu kvikmyndahátíðarinnar RIFF en mynd Kedzierzawska „Ég er“ verður sýnd á hátíðinni.

Rúmlega þrjátíu gestir koma frá Póllandi; auk listamannanna koma háskólanemar frá Varsjá sem ætla að fræða áhugasama um menningu og pólska tungu og efna til pólsks diskóteks á Nasa. Pólsk nýlist og ljósmyndun fær sinn sess og tónlistin vitanlega einnig. „Það eru fjölmargir pólskir tónlistarmenn búsettir hér á landi,“ útskýrir Marta en á sunnudaginn verða sérstakir minningartónleikar um einn þeirra, fiðluleikarann og tónskáldið Szymon Kuran.

Pólskur djass og flautumúsík munu hljóma en söngkonan Magga Stína mun líka veita liðsinni sitt og flytja þekkt pólsk lög með enskum og íslenskum texta.

Marta útskýrir að hátíðinni sé ætlað að efla samvinnu og skilning en viðburðir sem þessir virki auðvitað í báðar áttir. „Það kom mér á óvart hversu mikið Íslendingar vita um Pólland og það hefur auðvitað verið mjög hjálplegt. Þetta er frábært tækifæri til að efla samskipti og því má ekki gleyma að íslensk menning er mjög áhugaverð í augum Pólverja og samskiptin ganga í báðar áttir.“

„Ég veit ekki hvort þetta verður árlegur viðburður, þessi skipulagning tók tvö ár en við höfum áætlanir fyrir næsta ár. Kannski gerum við eitthvað aðeins minna næst. Ég held að við stefnum meira á ólympískt fyrirkomulag og kannski hátíð á fjögurra ára fresti,“ segir Marta hlæjandi að lokum.

Nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á heimasíðunni www.polska.is. kristrun@frettabladid.is




# ÍMYND 2006

Dagur um málefni átröskunarsjúklinga
23. september

11:00 – 13:00 Faglegt málþing í Borgarleikhúsinu þar sem að fram koma tveir fagaðilar frá Svíþjóð, Madeleine Masterton og Gisela Van Der Ster.

14:00 – 17:00 Dagurinn sjálfur, í Borgarleikhúsinu: stuttir fyrirlestrar, upplestur úr dagbókum, fram koma Jón Ólafs, Lay Low, Toggi, Helgi Valur o.fl.

21:00 – 03:00 Styrktartónleikar á Nasa: fram koma Dr. Mister & Mister Handsome, Lay Low, Toggi, Wulfgang, Benny Crespo's gang Fræ og Helgi Valur.

FORMA

http://www.forma.go.is

# Afhending Sjónlistarorðunnar

Sjónlistarorðan 2006 verður afhent í kvöld við hátíðlega athöfn í Ketilhúsinu á Akureyri. Sjónlist er samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, Forms Ísland – samtaka hönnuða og Sambands íslenskra myndlistarmanna. Markmið verkefnisins er að veita verðlaun á sviði sjónlista og beina þannig sjónum að framúrskarandi framlagi myndlistarmanna og hönnuða starfandi á Íslandi og íslenskra sjónlistamanna erlendis, stuðla að aukinni þekkingu, áhuga og aðgengi almennings að sjónlistum og hvetja til faglegrar þekkingarsköpunar og bættra starfsmöguleika sjónlistamanna á Íslandi.

Sex listamenn eða hópar listamanna sem starfa að jafnaði saman hljóta tilnefningu á tveimur sviðum; myndlist og hönnun, fyrir framlag sitt til greinarinnar á tólf mánaða tímabili frá mars 2005. Allir hönnuðir og myndlistarmenn sem sýnt hafa verk sín á tímabilinu eða kynnt þau með öðrum hætti koma til greina við tilnefninguna.

Að þessu sinni eru myndlistarmennirnir Hildur Bjarnadóttir, Katrín Sigurðardóttir og Margrét H. Blöndal tilnefndar fyrir myndlist en Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, Steinunn Sigurðardóttir og arkitektarnir Margrét Harðardóttir og Steve Christer tilnefnd fyrir hönnun. Sýning á verkum þeirra hefur staðið yfir í Listasafninu á Akureyri.

Tilkynnt verður um úrslitin í kvöld en auk Sjónlistarorðunnar hljóta verðlaunahafarnir tveir peningaverðlaun að upphæð 2.000.000 kr. hvor. Sérstök heiðursorða Sjónlistar verður einnig afhent í kvöld en stefnt er að því að veita hana árlega.

Í tengslum við Sjónlist 2006 verður efnt til málþings kl. 11 á morgun í Ketilhúsinu. Markmið þess er að skapa tengsl við þá orðræðu sem á sér stað á alþjóðavettvangi um málefni sem varða sjónlistir. Málþingið mun taka til skoðunar verðlaun af þessu tagi á sviði sjónlista, tví- og þríæringa og aðrar stórsýningar og alþjóðlega viðburði sem hafa það að markmiði að vekja athygli á og miðla þekkingu um myndlist og hönnun. Meðal annars verður fjallað um það að hverjum sú þekkingarmiðlun beinist og hvers listamenn, skipuleggjendur og almenningur geta vænst af slíkum viðburðum. Fundarstjóri verður Fríða Björk Ingvarsdóttir, menningarritstjóri Morgunblaðsins.

- khh



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR HÖNNUÐUR** Er tilnefnd fyrir vor- og haustlínu sem hún hannaði fyrir vörumerkið STEINUNN.



**HILDUR BJARNADÓTTIR ER TILNEFND TIL SJÓNLISTARORÐUNNAR FYRIR MYNDLIST** Tekur hannyrðirnar með sér inn í heim myndlistarinnar og nýtir sér handverkskunnáttu sína til heimspekilegrar nálgunar á listinni. Sýning á verkum Hildar var nýlega opnuð í gallerí i8.



**GUÐRÚN LILJA GUNNLAUGSDÓTTIR HÖNNUÐUR** Hannar einstaka hluti með möguleikum á fjöldaframleiðslu og leiðir saman tölvuskurðartækni og hefðbundið handverk. Er tilnefnd fyrir húsgagnalínurnar Inner Beauty og Flat Pack Antiques.


HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:

GUNNLAÐAR SAGA

eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur

3. sýning föstudaginn 22. sept.
4. sýning laugardaginn 23. sept.
5. sýning laugardaginn 30. sept.
6. sýning sunnudaginn 1. okt.
7. sýning föstudaginn 6. okt.

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu.
Sýning hefst kl: 20:00.
Miðasala í síma 555-2222
www.hhh.is | www.midi.is

Ath. takmarkaður sýningafjöldi!!!

AUSTURBÆR

afgangar

AFGANGAR
Fim. 21. sept. kl. 21.00
Fös. 22. sept. kl. 21.00

HAFIÐ BLÁA
Sun. 24. sept. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 8. okt. kl. 13.30 sæti laus

DREKASKÓGUR
Lau. 23. sept. kl. 14.00 miðaverð kr. 800 sæti laus

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 24/9 kl. 14 Lau 30/9 kl. 14
Sun 1/10 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 24/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20
Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20

FOOTLOOSE
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 23/9 kl. 20
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20 UPPS.

HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.
Í kvöld kl. 20 frumsýning UPPS.
Lau 23/9 kl. 20 hátíðarsýning UPPS.
Sun 24/9 kl. 20 Mið 27/9 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum*
*Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

MEIN KAMPF
Í kvöld kl. 20 generalprufa miðaverð 1.000
Lau 23/9 kl. 20 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20 UPPS.
Fös 29/9 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20

ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!

5 sýningar á 9.900 kr.

Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Manntafl e. Stefan Zweig
Alveg brilljant skilnaður e. Geraldine Aron
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

KRINGLU KRÁIN
Geirmundur Valtýsson í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Brottnámið úr kvennabúrinu
W. A. Mozart

BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20
2. sýn. sun. 1. okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

Verið velkomin á opnun sýninga laugardaginn 23. september kl. 16

Flóðhestar og framakonur
Afrískir minjagripir á Íslandi
Í samstarfi við Ólöfu Gerði Sigfúsdóttur, mannfræðing

Reykjavík - Úr launsátri
Ljósmyndasýning Ara Sigvaldasonar
Í tilefni af 220 ára afmæli Reykjavíkurborgar

Sýningar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16

MR SKALLAGRÍMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýningar í Landnámssetri í september og október
Laugardagur 23. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 24. september kl. 16 Uppselt
Miðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 28. september kl.20 Laus sæti
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 6. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 8. október kl. 20 Örfá sæti laus
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 13. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 14. október kl. 20 Örfá sæti laus
Sunnudagur 15. október kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Laus sæti

LEIKHÚSTILBOÐ: Tvírétttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**KVIKMYNDIN BÖRN** Hafði betur en Blóðbönd og verður framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna.

# Börn keppa um Óskar

Kvikmyndin Börn eftir Ragnar Bragason og Vesturportshópinn er fulltrúi Íslands í forvali til tilnefninga um Óskarsverðlaunin fyrir bestu erlendu kvikmyndina 2007.

Meðlimir Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar kusu á milli Barna og Blóðbanda, eftir Árna Óla Ásgeirsson, á miðvikudag og höfðu Börn betur í kosningunni.

Börn munu því etja kappi um þessi eftirsóttu verðlaun við kvikmyndir úr öllum heimshornum en Óskarsverðlaunaakademían kynnir tilnefningar sínar til verðlaunanna hinn 23. janúar og verðlaunin verða afhent í Los Angeles 25. febrúar á næsta ári.

# Málþing um heimspeki Mills

Siðfræðistofnun og Heimspekistofnun Háskóla Íslands standa fyrir málþingi um heimspeki Johns Stuarts Mill á morgun í tilefni þess að 200 ár voru frá fæðingu hans þann 20. maí síðastliðinn. Málþingið verður haldið í stofu N-132 í Öskju og hefst kl. 9.15 í fyrramálið.

Á málþinginu halda tíu heimspekingar fyrirlestra um heimspeki Mills, þau Kristján Kristjánsson, Vilhjálmur Árnason, Sigríður Þorgeirsdóttir, Róbert H. Haraldsson, Eiríkur Smári Sigurðarson, Sigurður Kristinsson, Svavar Hrafn Svavarsson, Guðmundur Heiðar Frímannsson og Mikael M. Karlsson. Þar verður fjallað um verk hans, þekkingarfræði og lýðræðishugmyndir.



**SALVÖR NORDAL HEIMSPEKINGUR** Forstöðumaður Siðfræðistofnunarháskóla Íslands sem stendur að málþingi um John Stuart Mill á morgun.

Heimspeki Mills hefur haft mikil áhrif á íslenska heimspeki og stjórnmálaumræðu, margir íslenskir heimspekingar hafa skrifað um einstök verk Mills eða hugðarefni í lengra eða skemmra máli. Þrjár af merkustu bókum hans, Frelsið, Nytjastefnan og Kúgun kvenna hafa verið þýddar á íslensku og gefnar út af Hinu íslenska bókmenntafélagi. Málþingið er öllum opið og því lýkur kl. 17 á morgun.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

19 20 21 **22** 23 24 25

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Bandaríska hljómsveitin **Stars Like Fleas** leikur í verslun **12 Tóna** við **Skólavörðustíg**.

☐ Söngvaskáldið **Hörður Torfa** heldur tónleika kjallara **Einarshúss** í **Bolungavík**.

### OPNANIR

☐ 20.00 **Elva Hreiðarsdóttir** opnar sýningu á grafíkverkum í **Grafíksafni Íslands** - sal íslenskrar grafíkur, **Tryggvagötu 17**, Sýningin nefnist **Bergmyndir**.

### SKEMMTANIR

☐ 23.00 **Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar** skemmtir á **Kringlukránni**.

☐ 23.59 Hljómsveitin **Dr. Mister og Mr. Handsome** treður upp í **Sjallanum** á Akureyri. **Addi EXOS** mun hita upp.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Lawrence Hamilton**, prófessor í félagsfræði heldur erindi á vegum **Félagsvísindatorgs Háskólans á Akureyri** og ræðir um rannsóknir á gagnvirkni samfélags og umhverfis manna Fyrirlesturinn fer fram í stofu L201 á **Sólborg** við **Norðurslóð**

### SAMKOMUR

☐ 17.00 **Rannís** stendur í annað sinn fyrir **Vísindavöku - stefnumóti við vísindamenn**. Markmiðið með Vísindavökunni er vekja áhuga almennings á vísindum og auka vitund um starf vísindamanna og mikilvægi þeirra. Vakan fer fram í **Listasafni Íslands - Hafnarhúsi** og stendu frá 17-21.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Á sýningunni **Pakkhús postulanna** sem stendur yfir í **Listasafni Reykjavikur, Hafnarhúsi**, sýna ellefu listamenn verk af ólíkum togi. Sýningarstjórar eru Daníel **Karl Björnsson** og **Huginn Þór Arason**

☐ 11.00 Listamennirnir **Anna Eyjólfsdóttir**, **Jessica Stockholder**, **Ragnhildur Stefánsdóttir**, **Rúrí** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir** sýna verk sín á samsýningunni **Mega vott** sem nú stendur yfir í **Hafnarborg**. Sýningin er opin milli 11-17 en hún stendur til 2. október.

☐ 11.00 **Hildur Bjarnadóttir** myndlistarmaður sýnir í **gallerii i8** við Klapparstíg. Sýningin er opin milli 11-17 miðvikudaga til föstudaga og hún stendur til 21. október

☐ 13.00 Myndlistamaðurinn **Iain Sharpe** sýnir í galleríi **Animu** við **Ingólfsstræti**. Sýningin er opin frá 13-17 og stendur til 7. október.

☐ 13.00 **Ragnheiður Jónsdóttir** og **Harpa Árnadóttir** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ**. Ragnheiður sýnir stórar kolateikningar í **Ásmundarsal** en Harpa sýnir tvær innsetningar; í Gryfju er verkið Teikningar og Öll þessi orð og hljóðnaðir sálmar í **Arinstofu**.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 11.00 Sýningum á myndbandstónverki **Ólafar Arnalds**, Eins **og sagt er**, í **Þjóðmenningarhúsinu**, lýkur í dag. Í verkinu flytur Ólöf frumsamda tónlist og syngur á átján tungumálum í níu myndrömmum samtímis svo úr verður alþjóðleg tónkviða. Opið frá 11-17.

☐ 12.00 Yfirlitssýningu á ljósmyndum **Andrésar Kolbeinssonar** í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** í **Grófarhúsi** lýkur um helgina. Myndir Andrésar frá árunum 1952-65 birta nýja sýn á ört vaxandi borg. Sýningin er opin milli 12-19 virka daga en 13-17 um helgar

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



SJÓVÁ STYRKIR FORVARNAR- OG MENNINGARVERKEFNI ÁRIÐ 2007

Sjóvá hefur um árabil veitt margvíslega styrki til ýmissa forvarnar- og menningarverkefna. Félagið vill hlúa að margvíslegum verkefnum sem stuðlað geta að slysavernd, íþróttastarfi og menningu. Árið 2007 mun félagið leggja sérstaka áherslu á forvarnir við úthlutun styrkja.

Þeir sem óska eftir styrkjum frá félaginu árið 2007 skulu senda inn umsókn á stöðluðu formi sem birt verður á sjova.is fyrir 1. desember 2006. Úthlutun styrkjanna verður tilkynnt í byrjun febrúar 2007.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Þorsteinsdóttir á netfanginu ingibjorg.thorsteinsdottir@sjova.is.

SJÓVÁ

KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | FAX 440 2020 | SJOVA.IS





BEYONCÉ



LOST IN HILDURNESS

## > Í SPILARANUM

**Toggi** - Puppy
**M. Ward** - Transistor Radio
**Beyoncé** - B'Day
**James Yorkston** - The Year of the Leopard
**Lost in Hildurness** - Mount A

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Fyrsta plata Ívars

Tónlistarmaðurinn og fyrrverandi knattspyrnukappinn Ívar Bjarklind gefur í byrjun nóvember út sína fyrstu sólóplötu, sem nefnist Blóm eru smá.

Ívar var áður í hljómsveitinni Mír, sem gaf á sínum tíma út eina plötu og tvö lög. Að sögn Ívars er hans eigin tónlist lágstemmdari og meiri popptónlist en Mír var að gera og meiri áhersla er lögð á melódíur.

Upptökustjóri plötunnar er Skagamaðurinn Orri Harðarson, sem gaf einmitt út eigin sólóplötu á síðasta ári. Um trommuleik sér hinn margreyndi Birgir Baldursson.



**ÍVAR BJARKLIND** Ívar gefur á næstunni út sína fyrstu sólóplötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## > Plata vikunnar

**Justin Timberlake:**
Futuresex/LoveSounds

„Justin Timberlake festir sig hér í sessi sem helsti popptónlistarmaður fyrsta áratugarins. Skilar af sér betri plötu en síðast og mun bráðum taka yfir heiminn.“ - **BÖS**



## TÓNNINN GEFINN
### Steinþór Helgi Arnsteinsson

# *Tónleikastaðahallæri*

Eftir að skemmtistaðirnir Grand rokk og Gaukur á Stöng hættu að hafa reglulega tónleika á sínum fjölum hefur skapast tónleikastaðahallæri í Reykjavík. Báðir þessir staðir voru kjörtónleikastaðir íslenskra tónlistarmanna og nú hefur myndast nokkuð breið gjá milli stærri tónleikastaða og þeirra minni. Þeir stærri, Iðnó og Nasa, eru reyndar báðir tveir frábærir tónleikastaðir en þar getur oft verið tómlegt um að lítast. Minni staðir á borð við Sirkus, Dillon og Kaffi Hljómalind eru einfaldlega allt of litlir og henta nær eingöngu fyrir smávaxna tónleika og varla það.



Eins og staðan er í dag eru aðeins tveir augljósir kostir þegar kemur að millistærðar tónleikastöðum, annars vegar Amsterdam, sem hefur verið vel nýttur að undanförnu, og hins vegar Þjóðleikhúskjallarinn, sem af óskiljanlegum ástæðum er fáránlega lítið notaður. Tónleikar með Ske, Langa Sela & Skugunum og Jeff Who? á morgun er þó vonandi vísbending um betri tíð.

En hvað er til ráða? Frekja og einföldun væri að krefjast þess að reistur yrði sérstakur tónleikaskemmtistaður þó að slíkum stað yrði væntanlega vel fagnað. Nærtækara væri að líta á þá kosti sem nú eru í stöðunni þó að þeir séu sorglega fáir. Í fyrsta lagi er afar undarlegt að íslenska partíkynslóðin geti ekki skemmt sér á helgardjamminu á tónleikum heldur virðast plötusnúðar þeir einu sem geti fengið fólk út á lífið. Skemmtistaðaeigendur þyrftu líka að vera opnari fyrir tónleikum um helgar. Barinn og Ellefan eru sem dæmi tilvaldir staðir fyrir helgartónleika, þar sem hægt væri að hafa tónleika á einni hæðinni og plötusnúð á annarri. Slíkir skemmtistaðir eru algengir í nágrannalöndum okkar og ættu að geta virkað hér eins og annars staðar.

Ástandið í dag er allavega óviðunandi varðandi tónleikastaði í Reykjavík þó að markaðurinn sé vissulega lítill. Betri nýtni þarf að vera á þeim stöðum sem hægt er að nota og ef Íslendingar eiga að geta haldið áfram að stæra sig af gróskusömu tónlistarlífi verður einhver breyting að eiga sér stað.




# Meira geggjað gleðipopp

**Ein af þeim plötum sem beðið hefur verið eftir með hvað mestri eftirvæntingu á árinu 2006 er önnur plata New York-sveitarinnar Scissor Sisters, Ta-Dah, sem kom út í byrjun vikunnar. Trausti Júlíusson athugaði hvernig sveitinni hefði tekist að fylgja eftir fyrri plötunni, sem kom út fyrir tveimur árum.**



**SCISSOR SISTERS** Önnur plata hljómsveitarinnar er í stíl við þá fyrstu og nú spilar Elton John sjálfur á píanó í nokkrum lögum.

Fyrsta plata Scissor Sisters er ein af skemmtilegutsu poppplötum síðustu ára. Hún kom út fyrir tveimur árum og innihélt smelli á borð við Take Your Mama, Laura, Filthy Gorgeous, Tits on the Radio og útgáfu af Pink Floyd-laginu Comfortably Numb. Platan, sem hét einfaldlega Scissor Sisters, fékk fína dóma og seldist mjög vel, var m.a. mest selda platan í Bretlandi árið 2004. Það var þess vegna mikil pressa á sveitinni að standa sig á nýju plötunni, Ta-Dah, sem er nýkomin í verslanir.

### Erfið fæðing

„Að gera þessa plötu er það erfiðasta sem ég hef gert fyrir utan að sættast við kynhneigð mína,” segir Jake Shears söngvari í nýlegu viðtali. Og hann segir að sveitin hafi þrælað sér út í hljóðverinu. „Ég vildi sjá til þess að öll lögin væru frábær. Ég hef ekki hugmynd um hvort það tókst. Ég veit ekki hvort þetta er góð plata þó að mér finnist öll lögin góð. Ég er ekki fullkomlega sáttur við hana, en ég var heldur ekki fulkomlega sáttur við fyrstu plötuna...“

### B-hliðin sló í gegn

Scissor Sisters (nafnið er heiti á ákveðinni lesbískri samfarastellingu) var stofnuð í New York árið 2001 af fyrrnefndum Jake Shears, söngvara og lagasmið, og Babydaddy, gítarleikara og lagasmið. Fljótlega bættust söngkonan Ana Matronic, gítarleikarinn Del Marquis og trommuleikarinn Paddy Boom í hópinn. Sveitin gat sér gott orð á klúbbasenunni í New York, en það var ekki fyrr en hún setti sína sýrðu diskóútgáfu af Pink Floyd-klassíkinni Comfortably Numb á bakhlið fyrstu smáskífunnar sinnar Electrobix seint á árinu 2003 sem sveitin fór að vekja einhverja athygli að ráði.

### Popp og diskó

Tónlistin á fyrstu plötunni sótti mikið í popp og diskótónlist áttunda áratugarins. Elton John-áhrifin voru áberandi og eins minnti falsettusöngur Jakes mikið á Bee Gees. Scissor Sisters setti þessi áhrif í nútíma dans- og popptónlistarbúning og útkoman varð geggjað gleðipopp sem enginn vissi hvort almenningur hefði smekk fyrir eða ekki.

Skrautlegir búningar og sérstaklega lífleg og litrík frammistaða sveitarinnar á tónleikum hafði sitt að segja og þegar upp var staðið elskuðu eiginlega allir Scissor Sisters, nema nokkrir spældir Pink Floyd-aðdáendur sem þoldu ekki meðferðina á Comfortably Numb.

### Meira af því sama

Tónlistin á nýju plötunni er í stíl við fyrstu plötuna. Bee Gees-áhrifin eru enn til staðar, en svo er líka smá ragtime-stemning í nokkrum lögum. Elton John spilar sem gestur á píanó í nokkrum lögum, þ.á m. fyrsta smáskífulaginu I Don't Feel Like Dancing og önnur gömul hetja, gítarleikarinn Carlos Alomar sem er þekktastur fyrir að hafa spilað með David Bowie, spilar í nokkrum lög um, þ.á m. hinu frábæra Transistor sem minnir einmitt á David Bowie eins og hann hljómaði á Scary Monsters. Það eru mörg lög á Ta-Dah sem gætu orðið smáskífulög. þ.á m. She's My Man, Kiss You Off og Paul McCartney.

Í fyrstu er platan fáanleg bæði einföld og í tvöfaldri viðhafnarútgáfu, en aukadiskurinn í þeim pakka hefur að geyma 6 lög.

## FYRST OG SÍÐAST KRISTJÁN FREYR HALLDÓRSSON

**SLOAN - TWICE REMOVED**

„Þessi hefur fylgt mér lengi, ég hef meira að segja týnt henni og þurft að panta mér annað eintak frá Kína. Ég sá eitt myndband með þessari hljómsveit í þættinum Tíðarandanum með Skúla Helgasyni á RÚV og þetta band hefur fylgt mér síðan, enda er það enn í stuði og gerir frábærar plötur. Twice Removed er frá 1994 og er af svipuðum meiði og bresku indí-poppböndin sem maður var að hlusta á þá, Ride, Charlatans og fleiri. Þetta band er reyndar frá Halifax í Kanada. Ég hef alltaf furðað mig mikið á því af hverju Sloan er svona neðanjarðar og óþekkt band því þetta er ótrúlega „beisik“ tónlist. Sá sem hlustar á Oasis ætti til dæmis alveg að fíla þetta. Ég lýsi því eftir Sloan-aðdáendum, þeir mega endilega hafa samband.“



**UPPÁHALDSLÖG:** „Það er eiginlega ómögulegt fyrir mig að velja uppáhaldslög, ég hlusta alltaf á plötuna út í gegn.“

**CLAP YOUR HANDS SAY YEAH - CLAP YOUR HANDS SAY YEAH**

„Það virðist sama hvað ég geri, ég fer alltaf aftur að hlusta á Clap Your Hands Say Yeah. Þetta er bara alveg fáránlega góð plata. Ég var mjög fljótur að falla fyrir plötunni og hlustaði mikið á hana. Svo ætlaði ég að sjá tónleikana á Airwaves í fyrra en stóð í tvo tíma í röð án þess að komast inn. Þá fór ég í fýlu út í hljómsveitina og hlustaði ekki á hana lengi vel. Eftir að ég byrjaði hins vegar aftur að hlusta varð platan bara enn betri. Það er nú ekki oft sem það gerist.“



**UPPÁHALDSLÖG:** „Núna er það síðasta lagið á plötunni, Upon This Tidal Wave of Young Blood.“

**AÐRAR GÓÐAR:** „Ég er markvisst að reyna að fíla Wolf Parade. Það er helst að undirlagi vinar míns, Hauks Magnússonar, en hann sér um tónlistarlegt aðhald á mínu heimili. Ég var eiginlega búinn að gefast upp á Wolf Parade en þegar fréttist að hún væri að koma á klakann fór ég að labba meira en venjulega og vaska oftar upp, en þá hlusta ég oftast á tónlist.“



**KRISTJÁN FREYR** Bóksalinn og trommuleikarinn er hrifinn af tónlist frá Kanada.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**METALLICA** Rokksveitin Metallica vinnur að nýrri plötu með upptökustjóranum Rick Rubin.

# Þurfti nýtt blóð

Bob Rock, fyrrverandi upptökustjóri Metallica, líður eins og hann sé tuttugu árum yngri eftir að hann sagði skilið við sveitina fyrr á þessu ári.

„Líf mitt snýst núna um eiginkonu mína og börnin og upptökur fyrir aðrar hljómsveitir,“ sagði Rock, sem fyrst vann fyrir Metallica á samnefndri plötu árið 1991.

Eftir útgáfu heimildarmyndarinnar Metallica: Some Kind of Monster kröfðust aðdáendur sveitarinnar þess að Rock yrði sagt upp. Töldu þeir hann hafa of mikil áhrif á hljóm sveitarinnar. Rock sárnaði mjög sú umræða. „Gagnrýnin kom sér illa fyrir börnin mín, sem lásu hana en skildu ekki kringumstæðurnar. Stundum, jafnvel með frábærum þjálfara, halda lið áfram að tapa. Þá þarf að fá nýtt blóð inn,“ sagði hann.

Upptökustjóri á næstu plötu Metallica verður Rick Rubin, sem hefur m.a. unnið með Red Hot Chili Peppers og Johnny Cash. Næstu verkefni Rubins eru aftur á móti nýjar plötur frá Michael Buble, Simple Plan og Offspring.

## Í BÚNINGSHERBERGINU PIXIES



Allt svæðið baksviðs þarf að vera áfengislaust
Ávaxtakarfa
Bakki af reyktum laxi
Niðurskorið kjöt
Úrval af ostum og kexi
Brauð, smjör, mæjónes, sinnep
48 dósir af óáfengum bjór
36 flöskur af vatni
24 flöskur af sódavatni
1 lítri af ferskum appelsínusafa, trönuberjasafa og tómatsafa
6 dósir af Diet Coke og Coke



Ísmolar
2 lítrar af mjólk
Samlokur fyrir 20 manns
Morgunkorn
Eftirréttir





## > Lög vikunnar



**Tom Petty - Flirting With Time**
Klassískur Petty-slagari af frábærri nýrri plötu.



**Fergie - London Bridge**
Fyrsta lag Black Eyed Peas-söngkonunnar bendir til þess að hún gæti gert svipaða hluti og Gwen Stefani.

**Deftones - Hole in the Earth**
Ágætis lag sem þegar er komið í þétta spilun á X-inu.



**Clap Your Hands Say Yeah - The Skin of My Yellow Country Teeth**
Fyrsta plata þessa snilldarbands virðist endalaus uppspretta góðra laga.

**Pink - U & Ur Hand**
Óþekktarormurinn og Íslandsvinurinn klikkar ekki frekar en fyrri daginn.

## NÝJAR PLÖTUR




**IRON MAIDEN**
**A Matter of Life and Death**
**„Steve Harris og félagar sýna á A Matter of Life and Death að þeir hafa enn metnað og getu til að þróa Maiden-stílinn. Plata sem veldur ekki vonbrigðum.“ TJ**

**GRANDADDY**
**Just Like the Fambly Cat**
**„Svanasöngur Grandaddy er hvorki fugl né fiskur. Hljómar bara eins og afgangar af því sem áður hafði verið gefið út, svo er hún líka allt of löng.“ BÖS**

**NEW YORK DOLLS**
**One Day It Will Please Us to Remember Even This**
**„Endurkomuplata þessarar goðsagnakenndu sukksveitar verður að teljast ágætlega heppnuð. Það fara fáar sveitir betur með skítugt pönkskotið Stones-rokk en New York Dolls.“ TJ**

**RATATAT**
**Classics**
**„Ratatat kom, sá og sigraði á síðustu Iceland Airwaves-hátíð. Nú skilar hún af sér annarri plötunni, og sleppur fyrir horn þótt hún sé nokkuð einsleit og nauðalík fyrri plötunni.“ BÖS**

**OUTKAST**
**Idlewild**
**„Þeir OutKast-félagar Andre 3000 og Big Boi klikka ekki á Idlewild. Platan kraumar af sköpunargleði og er sneisafull af flottum popplögum. Ein af plötum ársins.“ TJ**

**TIGA**
**Sexor**
**„Tiga veit upp á hár hvað hann og þarf að gera til þess að fá þig út á dansgólfið. Sexor inniheldur flott elektrópopp, undir „næntís“ áhrifum, fyrir þá sem vilja hrista á sér beinagrindina.“ BÖS**

**THE MARS VOLTA**
**Amputechture**
**„Þriðja breiðskífa The Mars Volta veldur vonbrigðum. Ekki vegna þess að hún sé ekki vel unnin eða spiluð, heldur vegna þess að hér hjakkar hljómsveitin í sama farinu, sem er auðvitað höfuðsynd tilraunakenndra sveita.“ BÖS**




fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

**REYKJAVÍKURNÆTUR** HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST AÐ KARLMENN EIGI AÐ VERA KARLMENN

# *Beckham-væðingin*

Þrátt fyrir að ég hafi verið með pent diss við karlmenn í síðustu viku, þegar ég lýsti því yfir að mér fyndist þeir ekki nógu duglegir að bjóða konum á deit, ætla ég að koma með aðra yfirlýsingu sem fer eflaust fyrir brjóstið á mörgum. Þannig er mál með vexti að mér finnst að karlmenn eigi að vera karlmenn og konur eigi að vera konur. Ég er ekki frá því að þetta sé farið að renna allhressilega saman. Ég þekki til dæmis einn mann sem er lengur en konan hans að gera hárið á sér fínt áður en þau fara út á lífið. Þetta finnst mér einhvernveginn svo á skjön við allt sem ég er alin upp við og þekki af eigin raun. Í mínum huga eiga karlmenn að vera karlmannlegir og náttúrulega fallegir.

Það getur svo reyndar vel verið að mín skilgreining á því hvað sé karlmennska sé einhver allt önnur en hjá öðrum konum. Ég skil til að mynda ekki hvernig stendur á því að mjög margir karlmenn eru farnir að raka á sér bringuhárin, hvað á það eiginlega að þýða? Í mínum huga er það eitt af aðalsmerkjum karlmennskunnar að vera vel hærðir, og þá meina ég ekki á höfðinu. Ég veit meira að segja um einn sem rakar sig undir höndunum. Ég fékk bilað hláturskast þegar ég heyrði það. Smart að vera með brodda undir höndunum strákar, hvað þá á bringunni!

Ég get þó alveg skilið það að menn noti dagkrem til að komast hjá því að verða hrukkóttir fyrir aldur fram en þegar þeir eru farnir að vera með augnkrem, dagkrem, næturkrem, brúnkukrem og gloss finnst mér heldur mikið af hinu góða í gangi. Svo ekki sé minnst á allar mismunandi hárvörurnar sem þeir eru að klína í hárið á sér. Snyrtibuddur metrómannanna eru orðnar heldur vel útilátnar og ég vil segja stopp hér.

Það er ekki langt síðan við hefðum allar fengið hláturskast við þá tilhugsun að karlmenn myndu fara að dúlla sér fyrir framan spegilinn kvölds og morgna og kaupa snyrtivörur fyrir tugi þúsunda á ári.

Hugmynd mín um alvöru karlmenni er meira í þá áttina að vera með grófar hendur, mikinn hárvöxt, og koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Það er kannski hræsni í mér að vera með þessar yfirlýsingar þar sem ég eyði duglegum tíma í að punta mig á hverjum degi en mér finnst það bara allt annar handleggur. Fyrst þetta er að hellast yfir okkur með þeim látum sem raun ber vitni getum við rétt ímyndað okkur hvernig þetta endar allt saman. Það er jú rétt að í hverjum karlmanni býr ögn af kvenleika en það er mjög takmarkað hversu mikið kvenleikinn á að skína í gegnum brynjuna. Kannski þarf ég að fara að opna hugann gagnvart þessari metróbylgju og sætta mig við það sem koma skal? En þangað til ég geri það ætla ég ekki að hvika í baráttu minni gegn snyrtiæðinu!



# Íslendingar allt í öllu í nýju myndbandi hjá Placebo

**Breska rokksveitin Placebo tók upp nýtt myndband fyrir skemmstu. Íslendingar voru afar áberandi við gerð myndbandsins.**

Félagarnir Stefán Árni og Siggi Kinski, fyrrum meðlimir Gus Gus, tóku nýverið upp myndband við lagið Follow the Cops Back Home með ensku rokksveitinni Placebo.

Lagið var samið á Íslandi og upphaflega stóð til að taka það upp hér á landi en á endanum varð Los Angeles fyrir valinu.

Með aðalhlutverk í myndbandinu fara Erna Ómarsdóttir dansari og Harry Dean Stanton, sem er m.a. þekktur fyrir hlutverk sín í Wild at Heart, The Green Mile, Repo Man og Paris, Texas. Auk þeirra koma leikstjórarnir sjálfir við sögu í myndbandinu.

Erna var í tvo daga í Los Angeles við tökurnar og segir hún upplifunina hafa verið mjög sérstaka. „Þetta er allt annar heimur en ég er í en það er mjög hollt að upplifa aðra hluti. Þetta var mjög skemmtilegt og upplífgandi," segir Erna.

Í myndbandinu er sögð saga af stúlku, sem er leikin af Ernu, sem lítur út fyrir að hafa sloppið frá lögreglunni, sem Stefán Árni og Siggi leika. Fer hún að dansa um í handjárnum þar til Harry Dean Stanton nær í lykilinn að þeim og bjargar henni. Dansa þau síðan saman í lokin. „Þetta var ekki leiðinlegt og hann kenndi mér nokkra góða takta," segir Erna um Harry Dean. „Hann er einn af mínum uppáhaldsleikurum og það var mjög gaman að dansa við hann. Hann er skemmtilegur karakter. Hann virkaði frekar þreytulegur í byrjun en svo lifnaði yfir honum þegar ég fór að kenna honum íslensku," segir hún.

Erna er um þessar mundir búsett í Belgíu þar sem hún undirbýr m.a. sýningu með fjöllistahópnum Pony. Er hún einnig með annan fótinn á Íslandi. Hún er ekki ókunnug tónlistarmyndböndum því hún hefur áður leikið í myndbandi við Bjarkarlagið Where Is the Line? af plötunni Medúlla. Þar fór hún eftirminnilega með hlutverk djöfuls sem brýst út úr Björk.

Stefán Árni og Siggi hafa áður tekið upp myndbönd fyrir sveitir á borð við Snow Patrol, Travis og Iggy Pop og eru því ýmsu vanir í bransanum. Einnig tóku þeir upp myndband við lag Sigur Rósar, Glósóli, sem var valið besta rokkmyndbandið á Sköpunar- og hönnunarverðlaununum sem voru afhent í Hammersmith Palais í London á dögunum.

freyr@frettabladid.is



**ERNA** Erna Ómarsdóttir dansaði við Harry Dean Stanton í Los Angeles.



**VIÐ TÖKUR** Erna Ómarsdóttir við tökur á myndbandinu ásamt Stefáni, Sigga og Harry Dean Stanton.



**PITT OG JOLIE** Gáfu nýverið tvær milljónir dala til góðgerðarmála en Jolie er einmitt sendiherra Sameinuðu þjóðanna í málefnum flóttamanna.

# Gjafmildir leikarar

Brad Pitt og Angelina Jolie eru augljóslega ekki á flæðiskeri stödd því parið gaf nýverið tvær milljónir bandaríkjadala, sem samsvara tæplega 150 milljónum íslenskra króna, til Global Action for Children og samtakanna Lækna án landamæra en þetta kemur fram í tilkynningu frá talsmanni skötuhjúanna. Í yfirlýsingu sem Trevor Neilson, ráðgjafi Pitt-Jolie sjóðsins, las upp fyrir fjölmiðla kemur fram að Jolie hafi lengi fylgst með læknum og hjúkrunarfólki vinna starf við ótrúlegar aðstæður. „Og ég dáist að framtaki þeirra," segir í yfirlýsingunni.

Jennifer Delaney, framkvæmdastjóri Global Action for Children, lýsti yfir þakklæti sínu og sagði að þau Pitt og Jolie væru ekki einungis umhyggjusöm heldur létu þau til sín taka í málefnum barna sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og öðrum sjúkdómum. „Meirihluti þessara barna byggir afkomu sína á því að utanaðkomandi fjölskyldur taki þau að sér og við þurfum fólk sem vill vinna að því að útrýma HIV og fátækt," sagði Jennifer.



**DIAZ OG TIMBERLAKE** Komust í hann krappan þegar ljósmyndari brást illa við eftir að parið neitaði honum um myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Diaz kærir ljósmyndara

Lögreglan í Los Angeles rannsakar nú kæru sem leikkonan Cameron Diaz lagði fram gegn ljósmyndara en þar sakar hún hann um að hafa ógnað lífi sínu og limum. Atvikið átti sér stað fyrir utan hús vinar Diaz og unnusta hennar Justin Timberlake og segir Diaz að þegar parið hafi verið að fara heim hafi ljósmyndari komið aðvífandi og viljað taka myndir af skötuhjúunum en fékk ekki.

Samkvæmt skýrslu sem tekin var af Diaz lét ljósmyndarinn ekki segjast, settist upp í bílinn sinn og ók í átt að þeim þannig að Diaz neyddist að stökkva frá til að verða ekki fyrir bifreiðinni.

Samkvæmt talsmanni lögreglunnar, April Harding, er rannsókn nú á frumstigi en ríkisstjórinn í Kaliforníu, Arnold Schwarzenegger, hefur tilkynnt um hertar refsingar gagnvart svokölluðum paparazzi-ljósmyndurum ef þeir stofna lífi fræga fólksins í hættu þegar ná á myndum. Þegar hafa leikkonurnar Lindsay Lohan og Scarlett Johansson lent í smávægilegum slysum vegna þess að þær voru að eigin sögn að flýja undan ljósmyndurum.

# Lífstílsbúð opnar í miðbænum

„Mér fannst vera gat á markaðnum fyrir svona búð hérlendis. Eitthvað blandar saman afþreyingu og verslunarmennsku," segir Guðlaug Halldórsdóttir, annar eigandi nýrrar lífstílsbúðar sem ber nafnið 3 Hæðir og verður opnuð á Laugavegi 60 í dag. Helga Valfells er meðeigandi Guðlaugar, sem löngum hefur verið kennd við búðina Má Mí Mó þar sem hún hefur selt allskyns hönnunarvöru.

„Ég ákvað að gera þetta fyrir ári síðan enda alltaf með löngun í að gera eitthvað nýtt og spennandi," segir Guðlaug en eins og nafnið gefur til kynna er búðin á þremur hæðum sem er skipt eftir viðfangsefnum.

Á fyrstu hæðinni er smávara; töskur, skartgripir, tæki á borð við iPod og mp3-spilara, bækur og tónlist. „Fyrsta hæðin er eiginlega svona herradeild þótt að konur finni þar eitthvað við sitt hæfi líka." Önnur hæðin er tileinkuð fatnaði og eru þar merki á borð við Albertu Ferretti, Comme des Garcon og Dsquered ásamt fleiri frægum hönnuðum. „Við verðum með fatnað fyrir bæði kynin í búðinni og skiptum út vörum á tveggja vikna fresti. Þannig verðum við ávallt með eitthvað nýtt að sjá í búðinni og viðskiptavinurinn verður að fylgjast vel með."

Verslunar- og framkvæmdastjóri í búðinni er hönnuðurinn og stílistinn Hildur Hafstein sem ásamt Guðlaugu mun standa vaktina þak við afgreiðsluborðið.

Á efstu hæðinni verður svo veitingastaður sem aðeins verður opinn á búðartíma. Hann mun bjóða upp á allt frá mat upp í kökur fyrir þá sem vilja hvíla sig milli búða á miðbæjarröltinu en einnig er hægt að panta mat til að taka með, sem er hentugt fyrir þá sem vinna í nágrenninu.

„Maturinn er allt frá Ítalíu til Japans og því fjölbreytt úrval af öllu hjá okkur. Fatnaði, smávöru og mat," segir Guðlaug að lokum. - áp



**GUÐLAUG HALLDÓRSDÓTTIR** Opnar í dag nýja lífstílsbúð á Laugarveginum sem ber nafnið 3 Hæðir en þar kennir ýmissa grasa allt frá tónlist til matar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bylting í blaðalestri á Netinu!

vísir.is
NÝJUNG!

**50 heppnir gestir á visir.is vinna utanlandsferð!**

Kíktu strax á vefblöð á **visir.is** því 50 gestir í september fá **utanlandsferð** með Iceland Express.

Iceland Express




VEF BLÖÐ

**Fréttablaðið hefur aldrei verið aðgengilegra!**

Lestu blöðin á visir.is. Ný tækni gerir þér kleift að finna efni á auðveldan og fljótlegan hátt, stækka letur og velja stakar greinar.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið

# Nýtt í bíó




| SMÁRABÍÓ | SÍMI 564 0000 |
|---|---|
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| CLERKS 2 | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45 og 10.15 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| MY SUPER-EX GIRLFRIEND | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| LITTLE MAN | kl. 3.50 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 3.50 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 4 |

| REGNBOGINN | SÍMI 551 9000 |
|---|---|
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 6, 8 og 10 |
| CRANK | kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 10.15 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| VOLVER | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| FACTOTUM | kl. 6 |

| Borgarbíó | SÍMI 462 3500 |
|---|---|
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 og 10 |
| CLERKS 2 | kl. 8 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 6 |
| MY SUPER EX-GIRLFRIEND | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ – bara lúxus




Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 b.i. 16

Sýnd kl. 6, 8 og 10

Sýnd kl. 6, 8 og 10

kl. 4 ÍSL. TAL

kl. 4 ÍSL. TAL

www.laugarasbio.is

MIÐASALA OPNAR KL. 4


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan **Whitney Houston** hyggur á endurkomu í tónlistinni á næsta ári. Whitney, sem skildi við **Bobby Brown** á dögunum, hefur átt erfitt uppdráttar eftir að hún gaf út sína síðustu plötu, One Wish: The Holiday Album, fyrir þremur árum. Hefur hún barist við fíkniefnadjöfulinn en virðist nú vera komin á beinu brautina, aðdáendum hennar til mikillar gleði.

Hin barmmikla **Anna Nicole Smith** þurfti að selja ljósmyndir sem teknar voru af syni hennar kvöldið áður en hann lést til að borga fyrir jarðarför hans. Myndirnar voru teknar á sjúkrahúsi á Bahamaeyjum þar sem Anna Nicole dvaldi vegna fæðingar dóttur sinnar. Keypti bandaríska tímaritið In Touch myndirnar á endanum fyrir fúlgur fjár.





Tónlistarmaðurinn **Sting** gefur hinn 10. október út plötuna Songs From the Labyrinth. Á plötunni verður að finna lög frá 17. öld spiluð á lútu. Sting viðurkennir að platan geti farið illa í almenning en vonar þó að hún hitti í mark. Segist hann hingað til hafa fengið góð viðbrögð við plötunni hjá vinum sínum og vonar að aðdáendur sínir verði á sama máli.













SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i. 7.ára |
| NACHO LIBRE VIP | kl. 4:50 - 8 - 10:20 | |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| THE WILD M/- ensku tal. | kl. 4 - 6:15 - 8:10 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 8:10 - 10:20 | B.i.16.ára. |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.12.ára. |
| STEP UP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 7.ára |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |
| LADY IN THE WATER | kl. 10:20 | B.i. 12.ára. |
| OVER THE HEDGE M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |
| BÍLAR M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | B.i. 7.ára. |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| STEP UP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 7.ára. |
| UNITED 93 | kl. 8 - 10:15 | B.i.14.ára. |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUYREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 7.ára. |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| BÖRN Frumsýnd. aðeins sýnd í 3 daga | kl. 8 - 10 | B.i. 7.ára. |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| STEP UP | kl. 8 - 10 | B.i. 7.ára |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 | B.i.14.ára |
| UNITED 93 | kl. 10 | B.i. 12 |
| MAURAHRELLIRINN m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |

SPARBÍÓ 400kr
á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum í sambíóunum álfabakka, akureyri og keflavík og á Akureyri

www.sambioin.is (575 8900 www.sambioin.is

| | | |
|---|---|---|
| BÖRN | kl. 5:50 - 8 - 10.15 | B.i.12.ára. |
| THE PROPOSITION | kl. 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 16.ára. |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 - 10:15 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 10:15 | B.i.16 .ára. |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 6 - 9 | B.i. 12.ára. |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

HAGATORGI • S. 530 1919


# Nylon í efsta sætið í Bretlandi

Nylon-flokkurinn hefur heldur betur fengið byr undir báða vængi en lagið Sweet Dreams er komið í efsta sætið á breska popp-danslistanum sem kynntur verður næstkomandi sunnudagskvöld. Þessu verða síðan gerð góð skil í tónlistartímaritinu Music Week, biblíu tónlistariðnaðarins í Bretlandi, sem kemur út á mánudaginn í næstu viku. „Þetta eru frábærar fréttir enda eru stelpurnar og allt fólkið í kringum þær búnar að leggja mikið á sig," segir Einar Bárðarson, umboðsmaður sveitarinnar hér heima. „Við vorum bara að fá þetta í hendurnar,“ bætir hann við.

Sweet Dreams er b-hliðin á smáskífunni Closer sem kemur út 23.október. Um er að ræða svokallaða „double a-side“ eða tvöfalda a-hliðar smáskífu og er þetta velþekkt herbragð innan tónlistarheimsins. Hljómsveitin Wham! gerði slíkt hið sama á níunda áratugnum með jólalagið vinsæla Last Christmas sem var b-hlið Everything She Wants en fyrstir til að bregða á þetta ráð voru hins vegar Bítlarnir sem gáfu árið 1967 út tvöfalda a-smáskífu með Strawberry Fields og Penny Lane.

Að sögn Einars var þetta gert vegna þess að fólk var mjög hrifið af útgáfu stúlknanna af Sweet Dreams og ekki þótti ráðlegt að bíða með útgáfuna, auk þess sem lagið er hálfgert stílbrot við það sem stúlkurnar hafa verið gera. „Laginu hefur verið dreift á alla helstu dansstaði í Bretlandi, við Miðjarðarhafið og á Ibiza,“ segir Einar, kampakátur með árangurinn. „Closer er nú komið í spilun á helstu sjónvarpsstöðum þannig að við erum með öll sverð á lofti,“ bætir hann við og lætur þess getið að stúlkurnar hafi verið í fríi í gær en ráðist var í gerð myndbands við lagið og eru það sömu aðilar og gerðu myndbandið við lagið Losing a Friend. „Síðan er það bara Wembley í kvöld,“ segir Einar en þar troða sveitin upp með strákabandinu McFly.

- fgg



**NYLON** Stúlkurnar hafa góða ástæðu til að gleðjast þessa dagana en þær eru að spila á Wembley í kvöld.



**EINAR BÁRÐARSON** Kampakátur með árangurinn enda lagið Sweet Dreams komið í efsta sætið á breska popp-danslistanum

# Þær bestu áfram

Iceland Film Festival-kvikmyndahátíðinni lauk formlega í gær en nokkrar vinsælustu myndirnar á hátíðinni halda áfram á almennum sýningum.

The Proposition, sem gerð er eftir handriti tónlistarmannsins Nick Cave, var lokamynd hátíðarinnar en þeir sem komust ekki á þær fjórar sýningar sem boðið var upp á á hátíðinni þurfa ekki að örvænta þar sem almennar sýningar á henni hefjast í dag.

Bjólfskviða heldur sömuleiðis áfram, ásamt Volver eftir Pedro Almodóvar, Factotum og I´m Your Man, heimildarmyndinni um Leonard Cohen. Þá munu sýningar á hinni umtöluðu náttúruverndarmynd Als Gore, An Inconvenient Truth, halda áfram.

Franska teiknimyndin Renaissance og Down in the Valley með Edward Norton verða sýndar um helgina og unnið er hörðum höndum að því að koma Paris, je t'aime og The Wind that Shakes the Barley sem fyrst í almennar sýningar en eftirspurnin eftir þeim er enn mikil.



**RÓNALÍF** Myndin Factotum sem byggir á verkum rithöfundarins Charles Bukowski er ein þeirra hátíðarmynda sem halda áfram í almennum sýningum.






# Cliff Richard spilar í Höllinni

Söngvarinn og goðsögnin Sir Cliff Richard heldur tónleika í Laugardalshöll hinn 28. mars á næsta ári.

Þar mun hann ásamt stórri hljómsveit flytja flest sín þekktustu lög. Með Richard koma yfir tuttugu manns auk þess sem tæp fimm tonn af tækjum og tólum fylgja honum til landsins.

„Hann er einn af þessum allra stærstu í gegnum tíðina þó svo að hann sé ekki mjög áberandi akkúrat núna,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari. „Hann er vanur stærri stöðum og sviðum en þetta verður flott „show“ hjá honum.“

Richard fæddist í Lucklow í Indlandi 14. október árið 1940 en var alinn upp í London.

Hann er vinsælasti tónlistarmaður Bretlands frá upphafi með yfir sextíu lög sem hafa náð inn á topp tíu þar í landi. Þar af hafa fjórtán lög komist alla leið á toppinn.

Cliff Richard hefur selt yfir 250 milljónir platna á farsælum ferli sínum, fleiri en Bítlarnir, sem eru í öðru sæti, og Elvis Presley.



**CLIFF RICHARD** Söngvarinn heimsfrægi heldur tónleika í Laugardalshöll í mars á næsta ári.

## > Ragnhildur úr leik

Ragnhildur Sigurðardóttir, kylfingur úr GR, komst ekki í gegnum niðurskurðinn á úrtökumóti fyrir LPGA-mótaröðina í golfi en leikið var í Palm Springs í Kaliforníu. Ragnhildur lék fyrstu hringina tvo á 81 og 76 höggum og er því ekki ein af þeim 70 keppendum sem fá að klára síðari tvo hringina. 30 efstu keppendur að mótinu loknu komast á lokaúrtökumótið fyrir mótaröðina. Ragnhildur ætlar að freista gæfunnar á öðru úrtökumóti sem fer fram í Flórída í byrjun október.



sport

sport@frettab

ÞÓRÐUR GYLFASON: FORMAÐUR STUÐNINGSMANNAFÉLAGS ÍA ER ÁNÆGÐUR MEÐ TVÍBURANA

# *Flestir vilja hafa tvíburana áfram sem þjálfara*

Þessa dagana er í ganga skoðanakönnun á spjallborðinu á heimasíðu ÍA þar sem kjósendur geta kosið á milli þess hvort þeir vilji halda bræðrunum Arnari og Bjarka sem þjálfurum liðsins, fá Guðjón Þórðarson til starfa eða einhvern annan. Þegar þetta er skrifað hafa 19 atkvæði verið greidd, 13 vilja halda þeim bræðrum, 5 vilja fá Guðjón til að stýra liðinu og einn vill einhvern annan til starfsins. Flestir sem tjá sig virðast síðan styðja bræðurna.



Af þessu að dæma er því ljóst að Arnar og Bjarki njóta töluverðs stuðnings hjá stuðningsmönnum Skagamanna. „Málið er að ef Guðjón hefði komið á sínum tíma og reddað þessu þá væri hann í guðatölu. En af því að þeir bræður tóku við þessu, sem var svona ódýr lausn, þá finnst fólki þetta ekki alveg eins merkilegt. Það er nú eins skrýtið og það er,“ sagði Þórður Gylfason, formaður stuðningsmannafélags ÍA.

„Persónulega hef ég alls ekkert á móti því að þeir bræður haldi áfram með liðið, ef þeir hafa áhuga á því og ná sér í þá þjálfaramenntun sem þarf. Þeir eru búnir að gera mjög góða hluti fyrir okkur,“ sagði Þórður. „Ég væri líka alveg til í að fá Guðjón. Það er hins vegar miklu auðveldara fyrir stjórnina að vinna með Arnari og Bjarka heldur en nokkurn tímann með Guðjóni, það hefur margoft sýnt sig. Tvíburarnir eru minnst að gera þetta peninganna vegna og þeir leggja sig alla í þetta og fólkið kann vel að meta það.“



Það fór ekki á milli mála hjá Þórði að fólkið stendur þétt við bakið á þeim Arnari og Bjarka. „Ég held að ég tali fyrir hönd flestra þegar ég segi að það vill enginn missa þá. Þetta var erfitt fyrir okkur stuðningsmennina að sýna liðinu stuðning þegar við töpuðum öllum þessum leikjum í byrjun en á seinni hluta leiktíðarinnar er þetta búið að vera mjög gaman,“ sagði Þórður og bætti því við að þessi tímasetning á yfirlýsingu Guðjóns um að hann hefði áhuga á starfinu væri alveg út í hött. „Ég var mjög hneykslaður,“ sagði Þórður að endingu.



**GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON** Áfram í Val.

Guðmundur Benediktsson:

## Framlengir um eitt ár

**FÓTBOLTI** Guðmundur Benediktsson, leikmaður Vals í knattspyrnu, hefur framlengt samning sinn við félagið um eitt ár. Guðmundur er nú að klára sitt annað ár sem leikmaður Vals og nú er ljóst að hann mun leika með liðinu í a.m.k. eitt ár til viðbótar. Fram kemur í fréttatilkynningu frá Val að vilji sé hjá báðum aðilum að Guðmundur taki að sér störf þjálfara hjá félaginu að ferlinum loknum. - dsd

Ingvi Rafn Guðmundsson:

## Á leið í aðgerð í Hollandi

**FÓTBOLTI Keflvíkingurinn Ingvi Rafn Guðmundsson hefur ekki enn jafnað sig eftir tæklingu Eyjamannsins Páls Hjarðar síðasta sumar og er staddur í Hollandi þessa dagana þar sem hann reynir að fá bót meina sinna.**

**Að því er fram kemur á heimasíðu Keflavíkurliðsins eru læknar ytra bjartsýnir á að geta komið Ingva í leikform á ný en hann fer væntanlega í aðgerð á þriðjudag.**

- hbg

# Óásættanleg spilamennska

**Finnbjörn Agnarsson, formaður Fótboltafélags Reykjavíkur hf, segir að stjórnin hafi ekki getað sætt sig við þá spilamennsku sem boðið var upp á hjá Ásgeiri Elíassyni og því hafi félagið ákveðið að slíta samstarfinu.**

**FÓTBOLTI** 1. deildarmeistarar Fram tilkynntu í gær að þeir hefðu ákveðið að framlengja ekki samningi sínum við Ásgeir Elíasson. Ásgeir var með þriggja ára samning við Fram en félagið ákvað að nýta uppsagnarákvæði í samningnum. Tíðindin koma nokkuð á óvart þar sem undir stjórn Ásgeirs vann Fram öruggan sigur í 1. deildinni.

„Þeir sem sáu liðið spila í sumar ættu að vita af hverju við tökum þessa ákvörðun. Menn voru einfaldlega ekki sáttir við spilamennskuna,“ sagði Finnbjörn Agnarsson, formaður Fótboltafélags Reykjavíkur hf., sem er rekstrarfélag meistaraflokks Fram. „Nú þurfum við að horfa fram á veginn og fá nýjan mann í starfið sem fær það verkefni að koma Fram aftur í fremstu röð.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa Framarar mikinn áhuga á að fá Guðjón Þórðarson til að rífa liðið upp en Finnbjörn staðfesti áhuga félagsins á Guðjóni fyrr í vikunni. Fram er einnig talið hafa áhuga á öðrum Skagamanni, Ólafi Þórðarsyni. Finnbjörn vildi ekki staðfesta að búið væri að ræða við þessa menn í gær.

„Við höfum heyrt í nokkrum mönnum en ég vil ekkert segja hverjir það eru. Stjórnin er að velta fyrir sér stöðunni og við stefnum á að klára þjálfaramálin fyrr frekar en síðar,“ sagði Finnbjörn.



**SVÆLDUR ÚR SAFAMÝRINNI** Þótt Ásgeir Elíasson hafi komið Fram upp í úrvalsdeild á sannfærandi hátt þá fær hann ekki að halda starfi sínu áfram. Hann ætlar að halda áfram í þjálfun.

Ásgeir Elíasson tekur tíðindunum með mikilli yfirvegun þó heyra megi að þau hafi komið honum nokkuð á óvart en hann segist sjálfur ekki vera viss um að hafa viljað halda áfram.

„Ég átti líka sjálfur eftir að taka ákvörðun um hvort ég vildi halda áfram og ég hefði hugsanlega ekki gert það að öllu óbreyttu. Ég átta mig samt ekki alveg á um hvað þetta snýst. Ég tel að liðið hafi spilað vonum framar og árangurinn var alveg ásættanlegur að mínu mati. Markmiðunum var náð,“ sagði Ásgeir, en er hann ekkert fúll yfir þessum málalyktum? „Nei, þetta er bara svona. Ég er þjálfari og þá getur maður búist við öllu.“

Ásgeir segir að hann sé ekki hættur að þjálfa og stefnir á að mæta til leiks næsta sumar með nýtt lið.

„Ég vænti þess að ég fái eitthvað að gera. Mér liggur ekkert á að hætta enda barnungur ennþá,“ segir Ásgeir léttur í bragði.

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| HAMMARBY-IFK GAUTABORG | 3-3 |

Pétur Marteinsson spilaði allan leikinn fyrir Hammarby en Gunnar Þór Gunnarsson kom af bekknum á 55. mínútu - Hjálmar Jónsson var í byrjunarliði Gautaborgar en fór af velli á 75. mínútu.

| | |
|---|---|
| ÖRGRYTE-ÖSTER0 | 0-2 |

Helgi Valur Daníelsson lék allan leikinn fyrir Öster.

| | |
|---|---|
| MALMÖ-KALMAR | 2-2 |

Emil Hallfreðsson lék allan leikinn fyrir Malmö og lagði upp annað marka liðsins.

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AIK** | **19** | **11** | **6** | **2** | **35-17** | **39** |
| IF ELFSBORG | 19 | 9 | 9 | 1 | 35-17 | 36 |
| **IFK GÖTEBORG** | **19** | **8** | **7** | **4** | **33-22** | **31** |
| KALMAR FF | 19 | 9 | 3 | 7 | 28-21 | 30 |
| **DJURGARDEN** | **19** | **8** | **6** | **5** | **22-16** | **30** |
| MALMÖ FF | 19 | 8 | 5 | 6 | 32-27 | 29 |
| ------ | | | | | | |
| GAIS | 19 | 5 | 7 | 7 | 20-25 | 22 |
| **HALMSTADS** | **19** | **4** | **8** | **7** | **15-23** | **20** |
| ÖRGRYTE IS | 19 | 3 | 5 | 11 | 19-33 | 14 |
| **ÖSTERS IF** | **19** | **3** | **4** | **12** | **14-36** | **13** |
| BK HACKEN | 19 | 2 | 6 | 11 | 19-36 | 12 |

### *Hollenska bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| BENNEKOM TECPOOL-AZ ALKMAAR | 0-10 |

Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði AZ en Jóhannes Karl Guðjónsson var ekki í hópnum.

Ryder-bikarinn:

## Tiger gegn Montgomerie

**GOLF** Ryder-keppnin hefst í dag en að þessu sinni er leikið í Írlandi.

Athyglisverðasta rimma dagsins er á milli Bandaríkjamannanna Tiger Woods og Jim Fyryk sem mæta Evrópumönnunum Colin Montgomerie og Padraig Harrington. Sýnt verður beint frá mótinu á RÚV. - hbg

Skrautleg uppákoma í Meistarakeppni HSÍ:

## Formaðurinn henti stuðningsmanni Stjörnunnar út

**HANDBOLTI** Sérkennileg uppákoma varð í hálfleik á leik Fram og Stjörnunnar í meistarakeppni HSÍ á miðvikudagskvöldið. Stuðningsmaður Stjörnunnar, Magnús Viðar Heimisson, bað um að stuðningsmannalag Stjörnunnar yrði spilað í hátalarakerfi íþróttahússins í Safamýri en vallarkynnir neitaði.

Í kjölfarið ræddi hann málið við Kjartan Ragnarsson, formann handknattleiksdeildar Fram, og lauk þeim samskiptum með því að Kjartan vísaði Magnúsi úr húsi með valdi eins og sést á meðfylgjandi myndum sem eru fengnar frá NFS en myndatökumaður stöðvarinnar náði góðum myndum af atvikinu.

„Þetta var alls ekkert alvarlegt atvik,“ sagði Kjartan við Fréttablaðið. „Hann reif bara kjaft og var með dónaskap. Það fauk í mig og ég henti honum út. En þetta risti ekki djúpt enda kom hann aftur í húsið og kláraði að horfa á leikinn. Það urðu engin eftirmál að þessu.“

Sjálfur segist Magnús alls ekki hafa verið með neinn dónaskap, hvorki þegar hann ræddi við vallarkynninn né Kjartan. „Ég reyndi að rökræða málið við hann og rífur hann þannig í mig að það sér enn á mér og henti mér út,“ sagði Magnús Viðar frekar ósáttur.

Stuðningsmenn Stjörnunnar vildu frumflytja nýtt stuðningsmannalag á leiknum og fannst kjörið tækifæri til þess í hálfleik enda sé meistaraleikur HSÍ að forminu til hlutlaus leikur. „Það er rétt, leikurinn á að vera á hlutlausum velli en HSÍ sá sér ekki fært að halda þessa leiki og fela Íslandsmeisturunum að gera það. Því er það gert algerlega á okkar forsendum,“ sagði Kjartan.

Þorsteinn Rafn Johnsen, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, tók í svipaðan streng og Magnús og sagði að Stjörnumenn hefðu átt rétt á að fá lagið spilað. „Kynnirinn braut allar hefðir sem hafa verið í svona leikjum og lét eins og um heimaleik Fram í deildinni væri að ræða.“

Það er óhætt að segja að handboltatímabilið fari líflega af stað og verður gaman að fylgjast með þegar þessi sömu lið mætast í 1. umferð deildarinnar í lok mánaðarins. - esá







**HASAR** Það dugðu engin vettlingatök þegar Kjartan Ragnarsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, henti Magnúsi Viðari Heimissyni, stuðningsmanni Stjörnunnar, út úr húsi. Magnús sneri fljótt aftur inn í húsið og var aðalmaðurinn í myndatökum eftir leikinn þar sem hann hélt á bikarnum en ekki fyrirliði eða leikmenn liðsins.







FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FRANCESCO FLACHI** Leikmaður Sampdoria, hefur verið dæmdur í tveggja mánaða bann. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Tveir leikmenn í bann:

## Stjórnuðu veðmálaþjónustu

**FÓTBOLTI** Tveir ítalskir knattspyrnumenn hafa verið dæmdir í tveggja mánaða keppnisbann vegna aðildar sinnar að veðmálaþjónustu. Umræddir leikmenn eru Francesco Flachi, fyrirliði Sampdoria, og Moris Carrozzieri, leikmaður Atalanta, en þeir léku saman hjá Sampdoria þegar umrætt atvik átti sér stað.

Leikmennirnir voru fundnir sekir um að afla sér upplýsinga um fyrirhugaða leiki annarra liða og miðla þeim upplýsingum til áhugasamra aðila með það fyrir augum að nýta sér þær upplýsingar í veðmálum. Málið hefur verið í rannsókn frá því í október 2005 en upp komst um leikmennina eftir símahlerun.

Sampdoria var einnig sektað fyrir óbeina aðild sína að málinu.

Nýr leikmaður til Keflavíkur:

## Williams til Keflavíkur

**KÖRFUBOLTI 27 ára Bandaríkjamaður að nafni Jermain Williams hefur gengið til liðs við Keflavík og kom til landsins í gær. Williams er 201 cm á hæð og lék með LSU-háskólanum. Fyrir skömmu samdi Keflavík við danskan landsliðsmann, Thomas Soltau, sem kom til Keflavíkur í fyrradag.** - esá

Middlesbrough kærir:

## Boro kærir Peter Harrison

**FÓTBOLTI** Middlesbrough hefur kært umboðsmanninn Peter Harrison til enska knattspyrnusambandsins fyrir að eiga ólöglegar samræður við Liverpool og Chelsea um leikmann sem er á mála hjá félaginu. Í Panorama, þætti BBC sem sýndur var á mánudagskvöld, náðist Harrison á filmu þar sem hann ræddi við Frank Arnesen, yfirmann unglingamála Chelsea, og fulltrúa Liverpool um 15 ára leikmann Boro, Nathan Porritt. Harrison sagði einnig í þættinum að hann hefði rætt við Newcastle um drenginn.

Arnesen sagði á sama fundi að Chelsea væri reiðubúið að greiða 150 þúsund pund í leynilegum greiðslum til Porritts ef hann kæmi til félagsins. Fulltrúar Boro sögðu í gær að Harrison hafði ekkert umboð haft til að ræða við félögin. - esá

Fernando Morientes:

## Of mikil harka á Englandi

**FÓTBOLTI Spænski framherjinn Fernando Morientes segist vera feginn að hafa losnað úr ensku úrvalsdeildinni og gengið í raðir Valencia. Morientes hefur skorað tvö mörk í tveimur leikjum fyrir Valencia í spænsku deildinni og þrennu í eina leik liðsins í Meistaradeild Evrópu en hann skoraði aðeins 12 mörk í 61 leik fyrir Liverpool.**

**„Mig langaði að fara aftur í umhverfi þar sem ég kannaðist við mig og spila fótbolta sem mér líkaði vel við,“ sagði Morientes og lét ekki vel af enska boltanum. „Það er of mikil harka í enska boltanum og dómararnir sleppa of mörgum brotum.“** - dsd

Sam Allardyce, knattspyrnustjóri Bolton, varð fyrir miklum vonbrigðum með son sinn:

# Sársaukafullt að horfa á soninn segja uppblásnar sögur

**FÓTBOLTI** Sam Allardyce, stjóri Bolton, viðurkennir að hann hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum að hlusta á son sinn gera sig að meiri manni en hann væri í sjónvarpsþætti BBC. Þar var hann leynilega myndaður þar sem hann lýsti því hversu auðvelt aðgengi hann hefði að föður sínum og að auðvelt væri fyrir hann að framkvæma viðskipti vegna þessa.

„Sem faðir er það sársaukafullt að horfa á son sinn segja uppblásnar sögur og auka mikilvægi sitt til þess að ná skjótum fjárhagslegum gróða,“ sagði Allardyce. Í þættinum komu tveir umboðsmenn fram sem sögðu báðir að þeir hefðu greitt Sam Allardyce mútugreiðslur í tengslum við leikmenn sem gengu til liðs við félagið. Sjálfur hefur hann harðneitað því.

„Ég er mjög reiður vegna þeirra lyga sem sagðar voru um mig,“ sagði hann. „Þessir menn, sem komu fram í þættinum og voru með þessar ásakanir í minn garð, hafa þegar vottað það skriflega við lögfræðinga mína að þeir lugu þessu að BBC.“

Allardyce bætti því við að þeir hefðu logið í þeirri von að græða milljónir sem fulltrúi BBC átti að hafa boðið þeim, en sá þóttist vera að setja á stofn eigin umboðsmannaskrifstofu.

„Þeirra græðgi hefur gert það að verkum að mitt góða nafn hefur nú verið svert með dylgjum og svikum. Ég er sannfærður að BBC hefur engin sönnunargögn í sínum fórum enda er ég algerlega saklaus í þessu máli. Ég hef ekkert rangt gert.“<?ACE 8?> - esá



**SAM ALLARDYCE** Stjóri Bolton á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir.


like.no.other

SONY

Allur pakkinn

Sony Bravia veggsjónvarp og heimabíó saman



KDL32U2010
32 Bravia LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
HDMI tengi
PC tengi
Snúningsfótur
199.950,-

DAVDZ119
S-Master Digital Magnari
850W RMS
Útvarp FM/AM RDS
Fjarstýring
49.950,-

Heildarpakkinn!
17.495 kr.
Á mánuði* í 12 mánuði
eða 209.950, staðgreitt-
verð áður 249.900

Stafrænn sjónvarpsmóttakari innbyggður

Skýrari mynd en þú átt að venjast...

og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Thank you for the cookies. I look forward to tossing them.“**

Svar: Julius Benedict (Arnold Schwarzenegger) í Twins frá 1988.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON HORFIR Á ENDURSÝNINGAR

## *Ferskar endursýningar*

Það segir líklega meira um mig en dagskrár sjónvarpsstöðvanna að ég endist ekki yfir neinu öðru en endursýningum á gömlu efni. Það er mér samt sem áður hulin ráðgáta hvað veldur endalausu framboði á matreiðsluþáttum, þáttum um ævintýri sjáenda og miðla og þætti sem gerast á spítölum.

Þættir af þessu tagi fyrirfinnast að ég held á hverri einustu sjónvarpsstöð en ég neita samt að trúa því að eftirspurnin sé jafn mikil og framboðið. Nú eru spítalar til dæmis ömurlegir og niðurdrepandi staðir og þangað álpast maðru helst ekki nema af illri nauðsyn. Góður matur getur verið ágætur rétt á meðan maður borðar hann en annars er hann hundleiðinlegur, ekki síst þegar maður horfir á aðra elda hann og éta í sjónvarpi. Miðlar geta svo sem verið ágætir en ég minnist þess ekki að hafa séð áhugaverðan þátt um sjáanda síðan Lance Henriksen fór á kostum í spennuþáttunum Millenium. Patricia Arquette í The Medium, Jennifer Love Hewitt í Ghost Whisperer og Anthony Michael Hall í The Dead Zone standa þeim gamla langt að baki í öllu sínu handanheimaflippi.



**FÓSTBRÆÐUR** Endursýndir þættir með þeim eru með því ferskasta sem boðið er upp á í sjónvarpi um þessar mundir.

Þar fyrir utan virðast flestir sakamálaþættir vera steyptir í sama mót nú til dags og það kemur æ sjaldnar fyrir að þeir komi manni á óvart. Spennan og óvissan er meiri í beinum útsendingum frá golfmótum.

Maður tekur því endursýningum á Fóstbræðrum, Seinfeld, The Simpsons og The X-Files fagnandi og þó maður hafi séð þetta allt saman áður er þetta efni samt ferskara og skemmtilegra en nýmetið sem borið er á borð sjónvarpsáhorfenda þessa dagana.



▶ 21.20 *Gaman*

HOPE SPRINGS



▶ 20.55 *Gaman*

BALLS OF STEEL



▶ 23.00 *Gaman*

CHAPPELLE'S SHOW



▶ 20.10 *Gaman*

TRAILER PARK BOYS



▶ 21.10 *Fréttaskýringar*

48 HOURS

### SJÓNVARPIÐ

**6.55** Ryder-bikarinn í golfi (1:3)

**17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Snillingarnir (2:18)

**18.30** Ungar ofurhetjur (22:26) (Teen Titans II)
**19.00** Fréttir, íþróttir og veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Sjónlist 2006 Veiting Sjónlistaorðunnar 2006.
**21.10** Sjónvarpið 40 ára (16:21)
▶ **21.20** Með von í hjarta (Hope Springs) Breskur myndlistarmaður hefur hreiðrað um sig á niðurníddu hóteli í smábæ í Vermont eftir að kærastan hans sagði honum upp.
**22.50** Í vondum málum (Wise Girls) Ung þjónustustúlka á ítölskum veitingastað í New York borg flækist inn í glæpamál tengd mafíunni. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**0.25** Í blíðu og stríðu **2.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (99:145) **10.20** Alf **10.45** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (12:28) **13.30** My Sweet Fat Valentina **15.00** Extreme Makeover: Home Edition **16.00** Hestaklúbburinn **16.25** Skrímslaspilið **16.45** Scooby Doo **17.05** Bold and the Beautiful **17.30** Neighbours **17.55** Hér og nú

**18.30** Fréttir, íþróttir og veður
**19.00** Ísland í dag
**20.05** The Simpsons (14:22)
**20.30** Freddie (1:22)
▶ **20.55** Balls of Steel (1:7) (Fífldirfska) Ótrúlega frískir og fjörlegir skemmtiþættir þar sem allt gengur út á fífldirfskuna. Bönnuð börnum.
**21.30** Entourage (4:14) (Viðhengi) Vince er dottinn í lukkupottinn. Honum hefur boðist hlutverk í Aquaman en án þess að hafa skrifað undir samning ákveður hann að fagna því með því að fara í rækilega innkaupaferð.
**21.55** Airheads (Bilun í beinni) Félagar í rokksveit ákveða að hertaka útvarpsstöð til að koma tónlist sinni á framfæri.

**23.25** X-2: X-Men United (Bönnuð börnum) **1.35** Life or Something Like It **3.15** Plan B (Bönnuð börnum) **4.55** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.00** Entertainment Tonight (e)

**18.30** Fréttir NFS
**19.00** Ísland í dag
**19.30** Rock School 1 (e)
**21.00** 8th and Ocean (e)
**21.30** The Newlyweds (e)
**22.00** Blowin/ Up (e)
**22.30** South Park (e) Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.

▶ **23.00** Chappelle/s Show (e) **23.30** Smallville (e) **0.15** X-Files (e) **1.00** Hell's Kitchen (e) **1.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Sigtið (e)

**15.25** The King of Queens – Ný þáttaröð (e) **15.55** Queer Eye for the Straight Guy (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** Melrose Place
**19.45** Everybody Hates Chris (e)
▶ **20.10** Trailer Park Boys
**20.35** Tommy Lee Goes to College
**21.00** The Bachelor VII. Lokaþáttur. Hver hreppir hnossið?
**21.50** Law & Order: Criminal Intent
**22.40** C.S.I: Miami (e)

**23.35** Conviction (e) **0.25** C.S.I: New York (e) **1.15** Beverly Hills 90210 (e) **2.00** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30** Kvöldfréttir
**19.00** Ísland í dag
**20.00** Fréttayfirlit
**20.10** Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**21.00** Fréttir
▶ **21.10** 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringarþáttur.
**22.00** Fréttir Fréttir og veður
**22.30** Peningarnir okkar
**22.40** Kvöldfréttir

**0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Peningarnir okkar

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Lína langsokkur á ferð og flugi **8.00** To Walk with Lions **10.00** Butch Cassidy and the Sundance Kid **12.00** There's Something About Mary **14.00** Lína langsokkur á ferð og flugi **16.00** To Walk with Lions **18.00** Butch Cassidy and the Sundance Kid **20.00** There's Something About Mary **22.00** The Last Ride **0.00** Spider (Bönnuð börnum) **2.00** Air Panic (Bönnuð börnum)

### SKJÁR SPORT

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“
**14.00** Tottenham – Fulham (e) Frá 17.09
**16.00** Liverpool – Newcastle (e) Frá 20.09
**18.00** Upphitun

**18.30** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“
**19.30** Man. Utd. – Arsenal (e) Frá 17.09
**21.30** Upphitun (e)
**22.00** Chelsea – Liverpool (e) Frá 17.09

**0.00** Dagskrárlok

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Most Starlicious Makeovers **14.00** 101 Most Starlicious Makeovers **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **16.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** Sexiest Bad Girls **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Jennifer Lopez THS **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Bad Boys **0.00** Jennifer Lopez THS **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.

KYNNING Á FJÖLÞÆTTRI STARFSEMI, SÝNING Á HEYRNARTÆKJUM OG FRÓÐLEGIR FYRIRLESTRAR



PR [peen]

Opið hús

laugardaginn 23. september kl. 12-16



Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Háaleitisbraut 1 105 Reykjavík Sími: 581 3855 hti@hti.is www.hti.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**STÖÐ 2 KL. 20.30**

**Freddie**



Í þessum nýju þáttum leikur hjartaknúsarinn Freddie Prinze Jr. ungan og kvensaman meistarakokk sem nýlega er búinn að losna undan ofríki þeirra kvenna sem hann ólst upp með. Hann hlakkar til að lifa piparsveinalífinu til hins ýtrasta en þá deyr eldri bróðir hans og systir hans skilur við mann sinn.
Í góðmennsku sinni leyfir Freddie systur sinni, mágkonu sinni, 13 ára dóttur hennar og spænskumælandi ömmu sinni að flytja inn til sín. Það er hins vegar erfitt að lifa hinu ljúfa einstæðingslífi með alla fjölskylduna ofan í sér og fyrir því fær Freddie að finna á gamansaman hátt.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | | 8 | | | |
| | 8 | 1 | 4 | | | | | |
| | 5 | | | 6 | 2 | | | |
| 2 | | | 7 | | | | | 9 |
| 8 | | 6 | | | | 1 | | 3 |
| 9 | | | | | 3 | | | 6 |
| | | | 2 | 4 | | | 6 | |
| | | | | | 7 | 9 | 5 | |
| | | | 8 | | | 3 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 6 | 1 | 8 | 9 | 5 | 3 | 7 | 2 | 4 |
| 3 | 2 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 1 | 5 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 8 | 3 |
| 9 | 8 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 5 | 2 |
| 8 | 7 | 1 | 4 | 3 | 2 | 5 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 | 2 | 7 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 | 8 |



▶ 19.20 *Íþróttir*

SPÆNSKI BOLTINN

## SÝN

besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **US PGA í nærmynd**
**18.55** **Gillette Sportpakkinn**
▶ **19.20** **Spænski boltinn – upphitun** (La Liga Report)
**19.50** **HM í Súpercross GP**
**20.45** **Meistaradeild Evrópu**
**21.15** **KF Nörd (4:16)** Það er mikilvægt að vera sýnilegur í knattspyrnu. Markaðssetning skiptir miklu máli og menn leggja mikið á sig til að ná athygli. Leyndir hæfileikar strákanna eru nýttir afar vel þegar þeir fara í hljóðver til að hljóðrita stuðningslag liðsins „Áfram KF Nörd“. Það er hins vegar ekki nóg að gefa út lag, það þarf að gera myndband við það líka.
**22.00** **Heimsmótaröðin í Póker** (Grand Prix de Paris)

**23.40** NBA – Bestu leikirnir

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Smásaga: Á bjarndýraveiðum **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn

**19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Fararheill **21.00** Ó, Getta mín, þú gafst mér lífið aftur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Næturvaktin **2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




**HRÓSIÐ ...**



*...fá Hrönn Marinósdóttir og Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík fyrir að bjóða Íslendingum upp á kvikmyndir sem að öllu jöfnu myndu ekki rata í kvikmyndahús borgarinnar.*



**LÁRÉTT**
**2** plat **6** hljóm **8** skordýr **9** kann **11** verkfæri **12** ás **14** flækja **16** tímaeining **17** æðri vera **18** flan **20** tveir eins **21** lítill.

**LÓÐRÉTT**
**1** vörumerki **3** frá **4** félaus **5** bæli **7** jafnframt **10** að **13** nægilega **15** sjá eftir **16** tímabils **19** dreifa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** gabb, **6** óm, **8** fló, **9** get, **11** al, **12** óðinn, **14** flóki, **16** ár, **17** guð, **18** ras, **20** rr, **21** smár. **LÓÐRÉTT: 1** lógó, **3** af, **4** blankur, **5** ból, **7** meðfram, **10** til, **13** nóg, **15** iðra, **16** árs, **19** sá.

90% HEIMILA NÁ SIRKUS TV

ADSL : RÁS 15
BREIÐBANDIÐ : RÁS 69
DIGITAL ÍSLAND : RÁS 5

EINNIG ER HÆGT AÐ NÁ SIRKUS TV MEÐ VENJULEGU UHF LOFTNETI

SIRKUS TV

# Sykurmolar undrandi á erlendum áhuga

Endurkoma Sykurmolanna hefur vakið mikla athygli en eins og Fréttablaði greindi frá í gær hefur fjöldi erlendra fjölmiðla verið með fréttir af tónleikunum á vefsíðum sínum. Einar Örn Benediktsson, söngvari sveitarinnar, var upp með sér yfir þessum mikla áhuga en viðurkenndi að þetta kæmi sér spánskt fyrir sjónir. „Við erum að gera þetta hérna á Íslandi vegna þess að við erum íslensk," segir hann en benti hins vegar á að Flugleiðir væru að bjóða ferðir á atburðinn og því hefði verið viðbúið að eitthvað af útlendingum myndi koma hingað til að sjá hljómsveitina á sviði. „Síðast þegar Björk spilaði hérna heima kom lítill hópur frá Japan."

Einar verður hins vegar hálf undrandi þegar blaðamaður upplýsir að veftímarit í Norður-Kóreu hafi fjallað um endurkomuna. „Ef þeir í Norður-Kóreu hafa áhuga á samstarfi verðum við auðvitað að skoða allar hliðar málsins," segir Einar Örn og bætir við að ekki hafi verið tekin nein ákvörðun um hvað Sykurmolarnir ætli sér að gera fyrir erlenda fjölmiðla. „Hið undarlega í málinu er að við erum bara með þessa einu tónleika og erum ekkert að kynna eitthvað verkefni eins og svo oft þegar fólk er að gera svona."



**EINAR ÖRN BENEDIKTSSON** Undrandi á áhuga erlendra fjölmiðla og ekki síst á áhuga fjölmiðla frá Norður-Kóreu.

Athygli hefur vakið að allur ágóði af tónleikunum rennur til útgáfufyrirtækisins Smekkleysu og hefur því verið fleygt fram að fyrirtækið sé á vonarvöl. Einar Örn vísar því algjörlega á bug en segir að það glími við lítinn markað rétt eins og önnur útgáfufyrirtæki. „Friðrik Erlingsson teiknaði póstkort vegna leiðtogafundar Reagans og Gorbatsjovs og var ágóðinn af því notaður til að gefa út Birthday. Þegar Sykurmolarnir og smáskífan fóru að selja voru þeir peningar notaðir til að gefa út aðrar hljómsveitir á borð við Risaeðluna og Ham," útskýrir Einar og segir að hluti af gróða tónleikanna verði notaður til að hnýta nokkra lausa enda en síðan verði fjármagnið notað til að skapa hresst umhverfi fyrir útgáfu. **- fgg**



**BJÖRK** Það er ekki síst nærvera Bjarkar sem hefur vakið áhuga erlendra fjölmiðla en Sykurmolarnir lögðu grunninn að velgengni sólóferils hennar.




**ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON** Er allur að koma saman eftir að hafa fengið heilablóðfall og gengist undir skurðaðgerð á hjarta í vor.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON: NÆR SÉR Á STRIK EFTIR ERFIÐ VEIKINDI

# Leikrit og mynd í smíðum

„Ég var í endurhæfingu á þeim stórkostlega stað Reykjalundi, svo það er búið að gefa manni start," segir Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður. Hann er nú óðum að braggast eftir erfið veikindi og með ýmis járn í eldinum; bæði er hann með leikrit í bígerð auk þess sem til stendur að kvikmynda bók eftir hann.

Þorvaldur var lagður inn á spítala í vor eftir að hafa fengið vægt heilablóðfall. „Þegar betur var að gáð kom í ljós að það var líka eitthvað að hjartanu í mér svo ég þurfti að gangast undir hnífinn."

Við tók ströng endurhæfing og þurfti Þorvaldur að draga sig í hlé frá störfum, bæði sem listamaður og sem formaður Bandalags íslenskra listamanna. Hann er nú allur að koma saman og vill byrja að vinna aftur sem fyrst. „Mér er sagt að ég megi byrja aftur í nóvember. Núna er ég að setja mig inn í þetta aftur en um leið gæta þess að halda mig á mottunni," segir hann.

Þorvaldur er með í smíðum handrit að leikriti fyrir Leikfélag Akureyrar og Nemendaleikhúsið, sem heitir Lífið - notkunarreglur og verður frumsýnt í vor. „Þetta verk er gamall draumur, eins konar framhald af And Björk of course; að minnsta hin hliðin á þeim peningi. Þá var hugsunin sú að strjúka köttinn andhæris, ef svo má að orði komast, en núna hef ég hugsað mér að strjúka honum í rétta átt. Ég vona að hann eigi eftir að mala," segir Þorvaldur og hlær.

Þá vinnur kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Jóhannesson að kvikmyndahandriti upp úr bókinni Við fótskör meistarans eftir Þorvald. „Ég þykist vera að hjálpa honum með þetta en hann er búinn að móta handritið eftir sínu höfði og mér líst vel á það. Mér er ekki vel við að hver sem er vinni eitthvað úr verkum mínum, en ég hef unnið með Ólafi áður, átt við hann gott samstarf og treysti honum vel."

Rétt eins og skriftirnar þurfti myndlistin að sitja á hakanum á meðan á endurhæfingu stóð en Þorvaldur vonar að það standi til bóta. „Ég er að minnsta kosti búinn að leigja vinnustofu hjá SÍM og get því vonandi farið að taka upp úr þeim kössum innan tíðar."

**bergsteinn@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Auðmýkt háðfuglsins fyrrverandi, **Jóns Gnarr**, virðist jafn mikil og sérhlífni hans er lítil. Í Bakþönkum sínum í Fréttablaðinu í gær fjallar Jón um íslenskar kvikmyndir, sem honum þykir ekki mikið til koma á heildina litið. Hann hrósar þó myndinni Börn í bak og fyrir og telur hana marka spor í íslenskri kvikmyndagerð. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég fæ engan bjánahroll á íslenskri bíómynd," segir Jón meðal annars í grein sinni. Þessi fullyrðing er athyglisverð í ljósi þess að sjálfur hefur Jón leikið í að minnsta kosti tveimur íslenskum myndum, Íslenska drauminum og Manni eins og mér, en almennt var gerður góður rómur að þeim báðum á sínum tíma.



**Björgvin Halldórsson** hefur mikinn húmor fyrir sjálfum sér eins og sjá má á forsíðu Sirkus sem fylgdi Fréttablaðinu í morgun. Þar stendur Björgvin með skilti sem á stendur „go" en söngvarinn er þekktur fyrir frasann. „Það er ekkert gó fyrr en bó segir gó". Reyndar var hugmyndin sú að Björgvin yrði jafnframt í bol á forsíðunni sem ritstjóri blaðsins, Breki Logason, hafði útbúið og á stóð „Ég er bolur". Þegar að myndatökunni kom sagði Björgvin hins vegar nei en hirti bolinn úr höndum ljósmyndarans. „Ég er hins vegar að fara í sjónvarpið og ætla að vera í honum þá."



Matarsérfræðingurinn **Nanna Rögnvaldardóttir** hefur kvatt Gestgjafann eftir farsælt starf um árabil. Ekki er vitað með vissu hvað Nanna ætlar að taka sér fyrir hendur nú þegar þessu Fróða-samstarfi er lokið en á heimasíðu sinni greinir matargúrúið frá því að hún ætli að bregða sér í sumarfrí til Andalúsíuhéraðs. „Til að safna kröftum fyrir þýðingar og fleira."



**- bs/fgg**

# Tók upp millinafnið Náttmörður

„Ég þurfti að berjast við skrifræðið í heilt ár áður en ég fékk þetta samþykkt," segir hinn 21 árs gamli Benjamín Náttmörður Árnason, sem fékk hinu sérstaka millinafni bætt við nafn sitt í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í gær.

Náttmörður er í hljómsveitinni Man Behind the Wheel og segir mikilvægt að hafa grípandi nafn í rokkbransanum. Tilurð nafnsins má einmitt rekja til tónleikaferðalags hljómsveitarinnar í Bandaríkjunum í fyrra. „Við vorum að túra þar og eins og gerist þegar maður dvelur fjarri heimahögunum er auðvelt að ruglast í ríminu. Einu sinni vaknaði ég af slæmum svefni og ruglaði saman orðinu martröð og enska orðinu nightmare og sagði stundarhátt: Strákar, ég fékk hrikalegan náttmörð."

Eftir það var Benjamín ekki kallaður annað en Náttmörður. „Þetta er líka flott nafn og fellur vel að íslenskunni, þannig að ég dreif mig upp í ráðuneyti og sótti um að fá því bætt við nafnið mitt."

Þá tók við það sem Náttmörður kallar „búrókratískt stríð" við dómsmálaráðuneytið, sem lauk á miðvikudag þegar hann fékk bréf frá ráðuneytinu þess efnis að nafnið hefði verið samþykkt. Náttmörður mætti í dómsmálaráðuneytið í gær, ásamt fríðu föruneyti, og skrifaði undir gjörninginn. Eftir á var skálað í kampavíni enda heimsfrægð í seilingarfjarlægð. „Með svona flott nafn verður ekkert mál að sigra heiminn." **- bs**




**BENJAMÍN NÁTTVÖRÐUR ÁRNASON** Skálaði í kampavíni ásamt vinum sínum eftir nafnabreytinguna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# HELGARBOMBA!



VERÐ FRÁ **590,-**

## „SAMIRA" OG „NATURA" PARKETMOTTUR

Mikið úrval af fallegum, persneskum mottum. Nokkur mismunandi mynstur og margir litir. Motturnar fást í fjórum mismunandi stærðum. Virkilega vandaðar og fallegar mottur, nú á frábæru verði! Komdu í Rúmfatalagerinn og gerðu góð kaup!

Samira 58x110 sm, áður **890,-** nú **590,-**
Samira 77x150 sm, áður **1.490,-** nú **890,-**
Samira 115x165 sm, áður **2.490,-** nú **1.690,-**
Samira 160x225 sm, áður **4.500,-** nú **2.990,-**

Natura 60x110 sm, áður **1.290,-** nú **990,-**
Natura 80x150 sm, áður **2.490,-** nú **1.690,-**
Natura 120x170 sm, áður **3.990,-** nú **2.990,-**
Natura 170x230 sm, áður **6.990,-** nú **4.990,-**



ÁÐUR 24.900,- **19.900,-**

HREIN EFNI
Inniheldur engin skaðleg efni
skv. Øko-Tex Staðli 100
Nr. CXX 16360 TESTEX Zürich

DÖNSK GÆÐAVARA

## „TEMPRAKON" GÆSADÚNSSÆNG

Nýjar dúnsængur með byltingarkenndu efni sem heitir Outlast. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, Geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina. Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules í sig umframhitann og viðhalda þar með réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur tilbaka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum og hvítum gæsadúni frá Síberíu þar sem frost fer í - 50°C. Stærð 135 x 200 sm. Má þvo í þvottavél við 60°C.



**3.990,-**

## „HØIE CELEBRATION" SÆNG

Dúndurgóð sæng fyllt með holtrefjum. Stærð 140 x 200 sm. Þyngd 1000 gr. Áprentað áklæði úr bómullarcambric. Sængin kemur í góðum og handhægum sængurpoka.



VERÐ FRÁ **1.490,-**

## „COUNTRY" MOTTUR

Frábærar, fléttaðar mottur á góðu verði. Henta vel í bústaðinn, eldhúsið, ganginn eða bara hvar sem er! Tveir litir. 100% bómull. Þrjár stærðir.

Stærð 55x80 sm, verð **1.490,-**
Stærð 70x120 sm, verð **2.790,-**
Stærð 100x160 sm, verð **4.990,-**



**1.490,-**

## HERRANÁTTFÖT

Nýkomin falleg herranáttföt, fást í tveimur fallegum litum. Stærðir M-XXL.



## FLÍSPEYSUR

Góðar flíspeysur á dömur og herra. Flíspeysurnar fást í nokkrum fallegum litum og stærðum. Frábært verð!

**990,-**



**499,-**

## „KRISTINE" FLÍSTEPPI

Smart flísteppi með ljósrauðum rósum á. Stærð 130 x 180 sm.



**1.290,-**

## „HØIE WHITE DREAM" KODDI

Þægilegur og góður koddi á fínu verði. Stærð 50x70 sm.




**690,-**

## FÓTBOLTAHANDKLÆÐI

Vinsælu myndahandklæðin okkar loksins komin aftur. Tilvalin í leikfimina eða skólasundið. Stærð 75 x 150 sm.



**790,-**

## „COPENHAGEN" FLÍSTEPPI

Mjúk og þægileg flísteppi sem fást í nokkrum litum. Stærð 130x180 sm.



**1.490,-**

## „NOOR" SÆNGURVERASETT

Glæsilegt satín sængurverasett. Fæst í brúnu og natur. Stærð 140 x 200 sm.

-góð kaup

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



**1.490,-**

## SÆNGURVERASETT

Nýkomin þessi glæsilegu sængurverasett. Efni 100% bómull. Fást í bleiku, bláu og gulu. Stærð 140 x 200 sm.

www.rumfatalagerinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









## BAKÞANKAR


ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR


# Hvað er kynfrelsi?

Nýtt frumvarp dómsmálaráðherra um endurskoðun á kynferðisbrotakaflanum felur í sér tímabærar breytingar. Í núgildandi kynferðisbrotakafla er að finna nokkur úrelt lagaákvæði, m.a. um nauðgun. Nauðgun felur í lagalegri merkingu í sér að gerandi þröngvar þolanda til samræðis, eða annarra kynferðismaka, með ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Ofbeldi er því forsenda þess að hægt sé að tala um nauðgun í lagalegri merkingu. Skilgreiningin gefur til kynna að nauðgun sé afbrigði af líkamsárás - líkamsárás í kynferðislegum tilgangi.

Í almennri umræðu er hugtakið víðara og talað um nauðgun þegar maður t.d. hefur samræði við áfengisdauða manneskju eða misnotar andlega vanheila manneskju sem ekki hefur forsendur til þess að skilja verknaðinn. Þessi brot flokkast hins vegar sem vægari kynferðisbrot en nauðgun samkvæmt núgildandi rétti.

**ÓEÐLILEGT** er að kynferðisbrot sem í eðli sínu eru fyllilega sambærileg séu flokkuð eftir ólíkum verknaðaraðferðum og það er að sama skapi óeðlilegt að mismunandi viðurlög liggi við eðlislíkum brotum. Í frumvarpinu er enda lagt til að breyta því, sem er tvímælalaust breyting til batnaðar.

**ÞUNGAMIÐJA** kynferðisbrota felst nefnilega ekki í líkamlegu ofbeldi, heldur í því að samræði fer fram gegn vilja þolanda og að brotið sé gegn kynfrelsi manneskju. Kynfrelsi er frelsi hverrar manneskju til að ákveða hvort hún vill taka þátt í kynferðislegum athöfnum, það er að segja kynferðislegur sjálfsákvörðunaréttur.

**AÐALATRIÐIÐ** er að þegar maður hefur samræði við aðra manneskju gegn vilja hennar brýtur hann gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi hennar og virðir kynfrelsi hennar að vettugi.

**ÞVÍ** má spyrja þeirrar spurningar hvort ekki hefði verið eðlilegt að ganga skrefinu lengra í frumvarpinu og leggja kynfrelsi alfarið til grundvallar við skilgreiningu nauðgunar. Sjónarhornið væri þá hvort þolandi var í aðstöðu til að velja og hafna og hvort hann gat skilið hvað samþykki hafði í för með sér. Nauðgun myndi þá ekki lengur snúast eingöngu um það hvernig gerandi upplifði aðstæður, heldur einnig um sjálfstæðan rétt þolanda. Sönnun myndi þá snúast um hvort samþykki þolanda var fyrir hendi eða ekki, hvort hann hafði val í þessum efnum. Þessi leið ætti að falla vel að því að einfalda reglur og auka vernd þolenda.

**ÞESSI** leið er lögfræðilega tæk, og það sem meira er, hún hefur undanfarið orðið fyrir valinu á m.a. í Englandi og á Írlandi, en auk þess í ýmsum fylkjum Bandaríkjanna.


# 1. flokks upplifun

## Verð frá kr. 2.790 þús.

Eyðsla aðeins 9,1 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri










Nýr Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um hagkvæman rekstur, aksturseiginleika og öryggi.
Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla.
Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, hagkvæmni og einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.

25 ÁR Á ÍSLANDI
1981-2006

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00.
www.suzikibilar.is



NÝR GRAND VITARA



AEG
Uppþvottavélar
Þvottavélar
Þurrkarar

ÞVOTTADAGAR
15+ %
afsláttur

www.ormsson.is
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800
SMÁRALIND · Sími 530 2900
AKUREYRI · Sími 461 5000
KEFLAVÍK · Sími 421 1535
... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT